ÍÞRÓTTIR 15

Stórveldaslagur á sunnudag

FRÉTTIR 2

Heyrir í Ragnhildi og Unnsteini á næturnar

FRÍTT

FRÉTTABLAÐIÐ

45. TÖLUBLAÐ | 23. ÁRGANGUR | frettabladid.is | LAUGARDAGUR 4. MARS 2023

Ræturnar hafa stýrt mér

Yesmine Olsson hefur aldrei komið til fæðingarlands síns, Srí Lanka, en segir ættleiðingu sína þaðan til lítils sjávarþorps í Svíþjóð að mörgu leyti hafa stjórnað ferðalagi sínu. ➤ 18

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

HELGIN 24

Sigurviss eftir áratugar frí

FRÉTTIR 10

Risaeðla á leið til London

Aðskilnaður ríkis og flokksins

olafur@frettabladid.is

UMRÆÐA Árið 2008 fékk saksóknari efnahagsbrota heimild Hæstaréttar til að gera húsleit hjá embætti skattrannsóknarstjóra vegna rannsóknar á meintum skattalagabrotum Óskars Magnússonar.

Þetta kemur fram í aðsendri grein Jóhanns Haukssonar, stjórnarformanns Transparency International á Íslandi, í Fréttablaðinu í dag.

Það mun vera einsdæmi í heiminum að saksóknari efnahagsbrota þurfi að afla húsleitarheimildar í húsakynnum skattrannsóknarstjóra.

Jóhann Hauksson, stjórnarformaður Transparency International á Íslandi

Tilefnið var að Skúli Eggert Þórðarson, þáverandi skattrannsóknarstjóri, hafði árið 2004 ákært Jón Ásgeir og Kristínu Jóhannesarbörn, Tryggva Jónsson og Stefán Hilmar Hilmarsson til ríkislögreglustjóra vegna meintra skattabrota en ekki Óskar Magnússon, sem verið hafði stjórnarformaður Baugs.

Máli Óskars vísaði Skúli Eggert til yfirskattanefndar þótt meint brot hans væru sambærileg við brotin sem hann kærði til ríkislögreglustjóra. SJÁ SÍÐU 13

Stóra stundin nálgast



Keppendur í Söngvakeppni sjónvarpsins slógu á létta strengi og hristu af sér stressið baksviðs á lokaæfingunni í Gufunesi í gærkvöldi. Vogun vinnur, vogun tapar og stutt er á milli hláturs og gráts þegar tekist er á af miklu kappi. En þegar öllu er á botninn hvolft er þetta aðeins leikur. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Spáir því að Covid muni aldrei hverfa

bth@frettabladid.is

HEILBRIGÐISMÁL Ólíklegt er að Covid-veiran hverfi nokkru sinni úr lífi mannkyns úr því sem komið er.

„Mér finnst líklegt að Covid sem viðvarandi ástand sé komið til að vera, líkt og inflúensan," segir Guðrún Aspelund sóttvarnalæknir.

Veiran er enn á fullri ferð í samfélaginu. Talið er að um 400 andlát vegna Covid hafi orðið í fyrra. Þrettán létust í janúar síðastliðnum.

„Þetta vekur ugg og er alvarlegt mál," segir Guðrún.

Sóttvarnalæknir brýnir landsmenn til að fara varlega, halda sig heima ef grunur leikur á smiti og nota örvunarbólusetningar, einkum eldra fólk.

Ein skýring á fjölda dauðsfalla í janúar gæti tengst veðri og auknu

Guðrún Aspelund, sóttvarnalæknir

samneyti manna á millum um jól og áramót. Engar fyrirætlanir eru um sóttkví eða einangrun hér á landi til að bregðast við dauðsföllum.

„Þetta gengur í bylgjum. Við eigum ekki von á að þessi fjöldi dauðsfalla haldi áfram," segir Guðrún.

Covid er án vafa versta faraldursógn síðari tíma að sögn Guðrúnar.

„Við höfum ekki upplifað svona heimsfaraldur, ekki nema þá elstu menn." ■

Skilaboð frá Sigga um nætur

Siggi Gunnars segir allan sólarhringinn hafa farið í undirbúning fyrir Söngvakeppnina síðustu daga og hann sendir kollegum sínum, þeim Ragnhildi Steinunni Jónsdóttur og Unnsteini Manuel Stefánssyni, reglulega hugmyndir að næturlagi.

odduraevar@frettabladid.is

EUROVISION „Þetta er liðsdressið okkar," segir Sigurður Þorri Gunnarsson, betur þekktur sem Siggi Gunnars, um einstakan en kósí galla sem hann, Unnsteinn Manuel Stefánsson og Ragnhildur Steinunn Jónsdóttir klæðast baksviðs í Söngvakeppnishöllinni.

Þar hafa þau dvalið síðustu daga enda eru úrslitin í kvöld. „Stemningin er geggjuð og spennan er í hámarki," segir Siggi sem segir kynnana vera með skýra aðgerðaáætlun fyrir kvöldið.

„Við hugsum um þetta sem tvískipta dagskrá, það er annars vegar keppnin sem skiptir mestu máli og svo er það kvöldvaka í höndum okkar kynnanna, sannkölluð skemmtidagskrá sem verður auðvitað stærsta partí Íslands þar sem við ætlum að reyna að fylla og brúa bilið," útskýrir Siggi.

Aðspurður hvort þríeykið sé búið að ákveða hver fái að tilkynna úrslitin á stóru stundinni í kvöld segir Siggi hlæjandi: „Það kemur í ljós! Nó komment!" segir hann og hlær. „En við erum búin að skrifa handrit og æfa okkur og erum mikið saman. Það er góður andi í kynnahópnum og stuð og stemning."

Siggi hefur slegið í gegn sem kynnir í ár og segir, spurður hvort hann sé ekki fæddur í hlutverkið, að það sé ekkert leyndarmál að þetta hafi verið draumur að rætast.

„Þetta er eitthvað sem mig hefur dreymt um að fá að gera lengi.

Siggi Gunnars hefur slegið í gegn sem kynnir í ár. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

> Þetta er búið að vera draumi líkast og ég skil eiginlega bara ekkert í þessu.
>
> Sigurður Þorri Gunnarsson, kynnir í Söngvakeppninni

Þetta er draumastarfið og svo er ég bara heppinn að fá að gera þetta með Unnsteini og Ragnhildi, þau eru bæði frábærir samstarfsmenn og okkur líður ekkert eðlilega vel saman."

Siggi segist fyrst og fremst þakklátur fyrir hve vel þjóðin hafi tekið í keppnina í ár. „Þetta er búið að vera draumi líkast og ég skil eiginlega bara ekkert í þessu. Maður mætir í vinnuna og svo er bara ógeðslega gaman í vinnunni og vonandi bara skilar það sér til áhorfenda hvað það er gaman."

Þríeykið hefur varla farið úr Gufunesi undanfarna daga og dagskráin verið strembin hjá þeim líkt og öðrum sem að keppninni koma.

„Fimmtudagur, föstudagur og laugardagur eru mjög langir dagar. Við viljum auðvitað vera vel undirbúin á þessum sjónvarpsviðburði sem nánast öll þjóðin fylgist með."

Hugmyndavinnan hafi farið af stað strax daginn eftir hverja keppni. „Þannig það verður ansi tómlegt eftir þennan þátt. Maður er búinn að vera að fá hugmyndir á nóttunni. Ég vakna á nóttunni og sendi hugmyndir á hina kynnana: Eigum við að gera þetta?! Þannig að dagarnir eru alveg undirlagðir og allur sólarhringurinn fer í þetta, af því að þetta er svo gaman!" ■

HÚSASMIÐJAN

FYRIR ÞIG

Parket útsala 25-50%

30%
Grænvara
ALSAPAN
Harðparket
Eik, 1286x214x12 mm, 5G læsing, AC 6 rispustuðull. 147400
3.986 kr/m²
~~5.694~~ kr/m²

30%
Grænvara
ALSAPAN
Harðparket
Plato, eik, 12 mm, 4V AC6. 1474009
3.942 kr/m²
~~5.631~~ kr/m²

40%
Grænvara
KAINDL
Harðparket
Ljós eik, þriggja stafa, 1285x192x8 mm, AC4. 147075
1.944 kr/m²
~~3.240~~ kr/m²

30%
Grænvara
KAINDL
Harðparket
Eik, 8x1383x193 mm, AC5. 147010
2.791 r/m²
~~4.294~~ kr/m²

50%
BERRY ALLOC
Harðparket
Stærð: 2410x214x10,3 + 2 mm, fasað, vatnsvörn, AC 6 rispustuðull. 147554
4.807 kr/m²
~~9.615~~ kr/m²

35%
Lamett
Vinylparket
Fiskibeinamunstur, dökk eik. 147501
5.576 kr/m²
~~8.579~~ kr/m²

Flísar útsala 25-50%

50%
Grænvara
PAMESA ceramica
Flísar
Style Merengo, 30,3x61,3 cm, R9. 8611176
2.317 kr/m²
~~4.633~~ kr/m²

30%
Grænvara
PAMESA ceramica
Flísar
CR Niro, hvít, 30x60 cm, Rectif. R9. 8611226
3.242 kr/m²
~~4.987~~ kr/m²

Parket útsölublað
Skannaðu kóðann

Allir út á gólf

Parket og flísar
25-50%

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana.

TÖLUR VIKUNNAR

10,2
prósenta verðbólga mælist nú á Íslandi.

34
ár eru síðan sala á áfengum bjór var leyfð hérlendis.

3
hnúfubakar hafa haldið til í Hafnarfjarðarhöfn að undanförnu.

15
prósenta útborgun í íbúð gæti gufað upp á einu ári vegna verðbólgu og lækkandi íbúðaverðs.

20
sentimetra rifa kom á laxeldiskví með 115 þúsund seiðum í Ísafjarðardjúpi.

ÞRJÚ Í FRÉTTUM

Haraldur Þorleifsson
stofnandi Ueno

var meðal þeirra sem var sagt upp störfum hjá Twitter um liðna helgi. Hátt í tvö hundruð misstu vinnuna, þar á meðal háttsettir starfsmenn á borð við Harald sem seldi Ueno til Twitter á árinu 2021. Hann hefur starfað hjá fyrirtækinu síðan sem yfirhönnuður. Kvaðst Haraldur ekki sjá eftir neinu í færslu á Twitter eftir tíðindin.

Helgi Pétursson
formaður Landssambands eldri borgara

segir Gráa herinn ætla að leita til Mannréttindadómstóls Evrópu vegna tapaðs dómsmáls þriggja meðlima félagsins sem snýst um tekjuskerðingarreglur almannatryggingalaga. „Við teljum einfaldlega að Hæstiréttur hafi ekki tekið afstöðu til okkar kæruatriða og förum því með málið á meginlandið," segir Helgi.

Guðjónína Sæmundsdóttir
verkefnastjóri

sem stýrir verkefninu Stuðningi við fylgdarlaus ungmenni, segir erfitt að ímynda sér stöðu fylgdarlausra barna. „Um leið og þau verða 18 ára eru þau ein og við viljum að þau séu tilbúin að takast á við það sem bíður þeirra, sama hvort það er í framhaldsskóla eða á vinnumarkaði. Við horfum ekki á neina eina leið, aðra en að þau séu tilbúin." ■

Ríkisstjórnarborðið nötri hressilega

Erfitt verður fyrir forystufólk stjórnarflokkanna að vinna viðvarandi fylgisfall til baka að mati stjórnmálafræðings. Kristrún Frostadóttir má mjög vel við una, fjarverandi í fæðingarorlofi.

bth@frettabladid.is

Ríkisstjórn Katrínar Jakobsdóttur er kolsprungin samkvæmt þjóðarpúlsi Gallup. Stjórnmálafræðingur segir að ríkisstjórnarborðið nötri hressilega. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

STJÓRNMÁL „Það er svakalega áhugavert að ríkisstjórnin er alveg kolfallin," segir Eiríkur Bergmann stjórnmálafræðingur um niðurstöður þjóðarpúls Gallup.

„Þetta er magnað, því þessi ríkisstjórn hélt fylgi ótrúlega lengi, eitt og hálft kjörtímabil," segir Eiríkur. „Kannanir staðfesta að þetta er varanleg þróun, ekki bara tilfallandi fall. Það verður erfitt að vinna þetta fylgisfall til baka."

Samfylkingin heldur áfram að styrkja sig í sessi sem sá stjórnmálaflokkur sem nýtur mestrar hylli landsmanna samkvæmt þjóðarpúlsi Gallup í febrúar.

„Kristrún Frostadóttir má gríðarlega vel við una," segir Ólafur Þ. Harðarson stjórnmálafræðingur um árangur formanns Samfylkingarinnar.

24 prósent kjósenda styðja Samfylkinguna nú en 22,5 prósent Sjálfstæðisflokkinn.

„Við fáum þrjá mánuði í röð sömu stóru heildarmyndina," segir Ólafur. „Við erum með tvo flokka sem teljast stórir í núverandi kerfi, allir hinir eru á bilinu 5–12 prósent."

Framsóknarflokkurinn hefur tapað mestu fylgi stjórnarflokkanna frá þingkosningunum 2021, færi úr þrettán þingmönnum í sjö.

Vinstri grænn hafa einnig tapað miklu fylgi, fengju nú fjóra þingmenn.

Fylgi Viðreisnar er 7,7 prósent á sama tíma og stuðningur þjóðarinnar við aðild að ESB hefur vaxið.

Sósíalistar fá einn þingmann nú samkvæmt þjóðarpúlsinum og eru hársbreidd frá fleiri þingsætum.

> Það verður erfitt að vinna þetta fylgisfall til baka.

Eiríkur Bergmann, stjórnmálafræðingur

> Við fáum þrjá mánuði í röð sömu stóru heildarmyndina.

Ólafur Þ. Harðarson, stjórnmálafræðingur

Ólafur segir allt of snemmt að spá fyrir um úrslit næstu þingkosninga á grunni undanfarinna mælinga. Stuðningur við ríkisstjórn Katrínar Jakobsdóttur hefur ekki mælst minni frá upphafi, 40 prósent styðja nú stjórnina.

Óvarlegt er að mati Ólafs að túlka könnunina sem teikn um forystuvanda þótt Viðreisn græði ekki fylgi á ESB-sveiflunni. Stuðningur ráðist af forgangsröðun kjósenda.

Einnig bendir Ólafur á að ríkisstjórn Katrínar mælist í stuðningi á svipuðum stað og fyrir Covid.

„Covid er væntanlega meginskýringin á því á að stjórnin hélt ekki bara velli milli kosninga heldur bætti við sig árið 2021."

Ef Sósíalistar koma mönnum inn á þing gæti orðið erfiðara en ella að mynda ríkisstjórn að mati Ólafs. Ólíklegt sé að þeir flokkar sem jafnan séu í stjórn muni veðja á samstarf með Sósíalistum.

Eiríkur Bergmann segir merkilegt að marktækur munur sé orðinn á stærð Samfylkingarinnar, umfram Sjálfstæðisflokkinn.

„Spennan núna er Sósíalistarnir," segir Eiríkur.

Píratar virðast sigla lygnan sjó, Flokkur fólksins er inni og áhugavert að Viðreisn, ákafasti Evrópusambands-aðildarflokkur landsins, að sögn Eiríks, nái ekki að lyfta sér á því máli.

„Heldur er það Samfylkingin sem er í forystu þeim megin á sama tíma og formaðurinn er fjarverandi í fæðingarorlofi.

Þessi könnun gefur tilefni til þess að ríkisstjórnarborðið nötri mjög hressilega," segir Eiríkur. ■

Fátt um svör frá Íslandsbanka

olafur@frettabladid.is

FJÁRMÁLAMARKAÐUR Íslandsbanki neitar að svara spurningum Fréttablaðsins um það hvort sáttaferli bankans við Fjármálaeftirlit Seðlabankans vegna útboðs á 22,5 prósenta hlut ríkisins í bankanum í mars 2022 taki til allra mála starfsmanna bankans vegna útboðsins.

Fréttablaðið sendi stjórn bankans í vikunni spurningar sem viku að því hve margir starfsmenn bankans hefðu keypt í útboðinu og á hvaða gengi. Einnig var spurt hvort einhverjir starfsmenn hefðu selt, hvenær og á hvaða gengi.

Þá var spurt hvort sáttaferli bankans við Fjármálaeftirlitið tæki til allra mála allra starfsmanna vegna útboðsins.

Bankinn vísaði til þess að þegar hefði komið fram að átta starfsmenn bankans hefðu keypt hluti í útboðinu og allir kaupendur hefðu keypt á sama gengi. Ekki yrðu veittar upplýsingar um viðskipti einstakra hluthafa sem ekki séu tilkynningaskyldir.

Íslandsbanki neitar að tjá sig um yfirstandandi athugun Fjármálaeftirlitsins. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR

Íslandsbanki neitar að tjá sig um efni athugunar Fjármálaeftirlitsins á meðan hún stendur yfir.

Samkvæmt upplýsingum frá Fjármálaeftirlitinu er athugun málsins ekki lokið en það tjáir sig ekki að öðru leyti.

Sáttaferli kemur aðeins til greina viðurkenni brotlegur aðili brot sín og ef um alvarlegri brot er að ræða, á borð við innherjasvik, eru þau tilkynnt til lögreglu en ekki sett í sáttaferli.

Það að athugun standi enn yfir gefur til kynna að annað hvort hafi Íslandsbanki ekki viðurkennt brot í tengslum við útboðið eða að um alvarleg brot sé að ræða sem ekki verður lokið með sáttaferli. ■



TOYOTA TRYGGINGAR
vátryggt af TM

3+4 ÁBYRGÐ · 3 ÁRA ÞJÓNUSTA · SPORLAUS

Toyota Kauptúni
Kauptúni 6
570 5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
460 4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
420 6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
480 8000

2018
UMHVERFISVERÐLAUN ATVINNULÍFSINS
UMHVERFISFYRIRTÆKI ÁRSINS

Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er. Fyrirvari við 7 ára ábyrgð: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eigandi kostnaðinn við slíkt viðhald. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds. Gildir eingöngu um bíla sem fluttir eru inn af Toyota á Íslandi ehf. Birt með fyrirvara um villur.

Tilnefndur fyrir viðtal við Hrafn Jökulsson

gar@frettabladid.is

FJÖLMIÐLAR Þórarinn Þórarinsson, blaðamaður á Fréttablaðinu, hefur fengið tilnefningu dómnefndar til Blaðamannaverðlauna BÍ fyrir viðtal ársins.

Tilnefninguna fær Þórarinn fyrir helgarviðtal sitt við Hrafn Jökulsson heitinn.

Þórarinn Þórarinsson, blaðamaður

„Í viðtalinu ræðir Hrafn um bardaga sinn við Surtlu, mein sem fannst í honum mánuði áður en viðtalið var tekið og átti eftir að bera hann ofurliði mánuði síðar, og atburði árin áður en meinið fannst. Texti viðtalsins er kraftmikill og viðmælandinn birtist lesandanum ljóslifandi af lestrinum," segir í umsögn dómnefndar Blaðamannafélagsins.

Í sama flokki hlutu einnig tilnefningu Lillý Valgerður Pétursdóttir, á fréttastofu Stöðvar 2, Vísis og Bylgjunnar, fyrir viðtal við Arnar Þór Ómarsson og Petru Bergrúnu Axelsdóttur á Langanesi um aðdraganda andláts tveggja ára dóttur þeirra úr Covid-19, og Sólveig Klara Ragnarsdóttir á RÚV fyrir viðtal við kynsegin ungmennin Dagbjörtu Heiðu Sigþórsdóttur, Iðunni Birnu Þórisdóttur og Alex Bergmann Einarsson og foreldra þeirra.

Sjá má tilnefningar í öðrum flokkum á frettabladid.is. Verðlaunin verða veitt næsta laugardag. ■

Viðtalið við Hrafn Jökulsson birtist í lok ágúst í fyrra.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Loðdýrabændur hafa fengið 160 milljónir í ríkisstyrki til að bæta þeim upp verðhækkanir á fóðri. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Vilja setja algjört bann við loðdýraeldi hér á landi

Dýraverndarsinnar vilja að Ísland fari að ráði 22 annarra Evrópuríkja og banni loðdýraeldi, enda farið það á svig við lög um velferð dýra.

ser@frettabladid.is

DÝRAVERND Samtök um um dýravelferð á Íslandi ætla að standa fyrir vitundarvakningu um loðdýraeldi á Íslandi í marsmánuði.

Þau vilja með því vekja almenning til vitundar um slæma meðferð á dýrunum og skora á stjórnvöld að setja bann við loðdýraeldi.

Íslensk stjórnvöld færu þá að dæmi 22 Evrópuríkja sem hafa bannað loðdýraeldi þar sem það samrýmist ekki lögum um velferð dýra í Evrópu.

„Það er ekki nokkur lifandis leið að líta svo á að loðdýraræktin hér á landi fari ekki í bága við dýraverndarlög," segir Björn M. Sigurjónsson, talsmaður samtakanna. „Dýrunum er haldið eins langt frá náttúrulegum aðstæðum sínum og hugsast getur," bætir hann við.

Loðdýraeldi sé andstætt öllum sjónarmiðum um dýravelferð, hafi enga þjóðhagslega þýðingu og sé þess utan vafasamt frá umhverfisverndarsjónarmiði – og hafi loks enga þýðingu fyrir byggðastefnu eða landbúnað.

Samtök um Dýravelferð á Íslandi skori því á matvæla- og landbúnaðarráðherra að leggja fram áætlun sem miði að því að loðdýraeldi verði lagt af og bannað innan fjögurra ára.

> Ég væri til í að fá svona dúsu til að mæta hærra verði á mat fyrir kettina mína.

Björn M. Sigurjónsson, talsmaður Samtaka um dýravelferð

Rósa Líf Darradóttir er annar liðsmaður samtakanna. Hún segir tilveru minka í loðdýraeldi á Íslandi þá dapurlegustu sem hugsast getur.

„Frá fæðingu til dauðadags dvelja þeir í litlu vírnetsbúri. Fætur þeirra fá aldrei að hvíla á öðru undirlagi en mjóum vírum," segir hún og bætir því við að aflífun þeirra sé þar að auki einkar ógeðfelld og sársaukafull.

„Minkum er troðið í loftþéttan kassa og þeir kæfðir til dauða með eiturgufum. Engum blöðum er um það að fletta að meðferð loðdýra er í hróplegri mótsögn við dýravelferðarlög," lýsir hún.

> Minkum er troðið í loftþéttan kassa og þeir kæfðir til dauða með eiturgufum.

Rósa Líf Darradóttir, hjá Samtökum um dýravelferð

„Svo er þessi bissness, sem vel að merkja er aðeins stundaður af níu bændum, svo lélegur að það þarf að borga með honum," segir Björn, en loðdýrabændur hafi verið styrkir um 160 milljónir að undanförnu til að bæta þeim upp verðhækkun á fóðri.

„Ég væri til í að fá svona dúsu til að mæta hærra verði á mat fyrir kettina mína," segir Björn M. Sigurjónsson. ■

Leita álits út af kæru Fréttablaðsins

bth@frettabladid.is

STJÓRNSÝSLA Staðgengill formanns úrskurðarnefndar um upplýsingamál hefur sent blaðamanni Fréttablaðsins Birni Þorlákssyni svarbréf vegna kæru Fréttablaðsins. Fram kemur í svarinu að ráðuneytið hafi óskað eftir fresti til að leita álits Evrópusambandsins á afhendingu afrits af bréfi forseta framkvæmdastjórnarinnar til forsætisráðherra.

Fréttablaðið birti 9. febrúar síðastliðinn upplýsingar úr bréfi Katrínar Jakobsdóttur til Ursulu von der Leyen, forseta framkvæmdastjórnar ESB.

Katrín falaðist með bréfi sínu eftir fríum losunarheimildum frá flugi til Íslands vegna sérstakra aðstæðna.



PRIME MINISTER
ICELAND

Reykjavík, 15 June 2022.

Excellency, Dear Ursula!

Iceland participates in the joint fulfilment of the Paris Climate goals, cooperates closely with the EU in fighting climate change and has set itself an independent goal, reaching carbon neutrality by 2040. However, while solidly supporting the objectives of the Fit for 55 programme and recognising the need to increase the rate of decarbonisation in all transport modes, Iceland has grave concerns regarding the proposals on ETS and aviation and Refuel EU aviation.

Úr bréfi Katrínar til Ursulu.

Ursula ritaði Katrínu svarbréf. Þegar falast var eftir afriti af svarbréfinu synjaði ráðuneytið þeirri ósk. Fréttablaðið kærði synjunina til úrskurðarnefndar um upplýsingamál.

Fréttablaðið telur efni svarbréfsins eiga erindi við almenning. Í rökstuðningi synjunar sagði að ef bréfið yrði afhent skapaðist hætta á að traust erlendra stjórnvalda eða alþjóðastofnana til íslenskra stjórnvalda myndi skaðast. Afhending bréfsins gæti torveldað samskipti. ■

EQC

NJÓTTU RAFMAGNSINS.

100% rafmagnaður sportjeppi frá Mercedes-EQ
með allt að 437 km drægni.

Nú kominn í glæsilegri Final Edition útfærslu.

Komdu og reynsluaktu EQC.

Askja · Krókhálsi 11-13, · 110 Reykjavík · Sími 590 2100 · askja.is
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili Mercedes-Benz á Íslandi

Þú finnur Mercedes-Benz á Íslandi
á Facebook og Instagram.

Helmingur ungra foreldra er ósáttur

benediktboas@frettabladid.is

SKÓLAMÁL „Áhyggjuefni er að sjá dvínandi ánægju bæjarbúa með þjónustu leikskóla sveitarfélagsins," segir í bókun minnihlutans á Akureyri um niðurstöður þjónustukönnunar Gallup fyrir árið 2022 sem kynnt var í bæjarstjórn í vikunni.

Í könnuninni kemur fram að 17 prósent íbúa eru óánægð með þjónustu leikskóla sveitarfélagsins. Mest er óánægjan hjá þeim sem eiga tvö börn. 27 prósent þeirra eru óánægð með þjónustu leikskóla sveitarfélagsins.

Þegar litið er til aldurs er langmest óánægja hjá ungum foreldrum, á aldrinum 25–34 ára. 45 prósent þeirra eru óánægð.

Leikskólar á Akureyri fá falleinkunn frá íbúum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

„Við teljum mikilvægt að greina sérstaklega þá niðurstöðu með það að markmiði að stuðla að úrbótum og aukinni ánægju, enda um mikilvæga grunnþjónustu að ræða," segir enn fremur í bókuninni. ■

Haldlaus svör frá Seðlabankanum

olafur@frettabladid.is

STJÓRNSÝSLA Seðlabankinn hefur sent svar vegna fyrirspurnar Fréttablaðsins um viðskipti Hauks C. Benediktssonar, framkvæmdastjóra fjármálastöðugleika í Seðlabankanum, og Steinars Þórs Guðgeirssonar lögmanns, með Hraunból ehf., sem Haukur keypti af lögfræðistofu Steinars í nóvember 2019. Haukur virðist hafa fengið félagið með 21,5 milljóna eigið fé endurgjaldslaust, ef marka má ársreikning lögfræðistofunnar fyrir 2019. Steinar er enn skráður stjórnarmaður félagsins.

Steinar Þór hefur á liðnum árum fengið hundruð milljóna greidd frá Seðlabankanum og fjármálaráðuneytinu fyrir umfangsmikil ráðgjafarstörf, meðal annars frá Eignasafni Seðlabanka Íslands ehf., sem Haukur stýrði, og Lindarhvoli ehf., þar sem Haukur var stjórnarmaður.

Ásgeir Jónsson, seðlabankastjóri

Meðal þess sem spurt var um var hvort Seðlabankinn teldi eðlilegt að framkvæmdastjóri hjá bankanum eigi viðskipti af þessu tagi við einstakling sem er í umsvifamiklu viðskiptasambandi við bankann.

Í svarinu er vísað í starfsreglur bankans um atvinnuþátttöku starfsmanna og setu í stjórnum, sem ekki verður séð að eigi við um það tilfelli sem hér var spurt um. ■

SPARIFÉ, FÉÞÚFA BANKANNA?

Samtök sparifjáreigenda efna til opins morgunverðarfundar á Reykjavik Natura - Berjaya Iceland Hotels (Hótel Loftleiðir) þriðjud. 7. mars kl. 8.15 í tilefni af útkomu ritsins Fjármál og ávöxtun.

Morgunverður í boði samtakanna frá kl. 7.45

Á fundinum verða kynntar nýjar tölur sem finna má í ársritinu Fjármál og ávöxtun um hvernig til hafi tekist að ávaxta sparifé landsmanna á árinu 2022. Fjármál og ávöxtun hefur komið út á hverju ári síðan 2018 þar sem tekin eru saman vaxtakjör þau sem almenningi stendur til boða hjá öllum fjármálastofnunum landsins.

Frummælendur á fundinum verða Ásgeir Jónsson seðlabankastjóri og Jón G. Hauksson ritstjóri ársritsins Fjármál og ávöxtun. Erindi Jóns ber heitið Rauður skjálfti peningamarkaðarins.

Ásgeir Jónsson, seðlabankastjóri

Jón G. Hauksson, ritstjóri

Samtök sparifjáreigenda

Yfirborðsvatn er komið yfir tveggja gráðu hita og greining gervihnattamynda sýnir að vatnið sé að hitna jafnt og þétt.

Telur sprengigos í Öskju líklegra en sprungugos

Komi til sprengigoss í Öskju, svipaðs því og varð 1875, þeytist gjóskan 25 til 30 kílómetra upp í heiðhvolfið. Verði gosið að sumarlagi eru hundruð ferðamanna í bráðri hættu.

ser@frettabladid.is

NÁTTÚRUVÁ Askja fer að ræskja sig, að því er jarðeðlisfræðingar telja, en Ármann Höskuldsson, eldfjallafræðingur við Jarðvísindastofnun Háskóla Íslands, segir að aukinn jarðhiti við Öskjuvatn þýði að það styttist í eldgos.

Hann bendir á að yfirborðsvatn Öskjuvatns sé komið yfir tveggja gráðu hita og greining gervihnattamynda sýni að vatnið sé að hitna jafnt og þétt.

Eldfjallafræðingurinn Þorvaldur Þórðarson er sama sinnis. „Askja virðist vera að undirbúa sig fyrir að hósta verulega," segir hann, en bætir því jafnharðan við að það sé ekkert gamanmál ef gosið fari á versta veg.

„Ótti minn er einkum sá að það gjósi að sumarlagi, en þá eru hundruð ferðamanna í hættu," segir Þorvaldur og bendir á að áhrifasvæði Öskjugoss sé stórt, líklega ekki minna en um þrjátíu kílómetra radíus í kringum Dyngjufjöll.

„Það er varla nokkur tími til að vara fólk við."

Hann minnir á alvarleika málsins, á þriðja tug ferðamanna hafi látist þegar Hvíta eyja út af Nýja-Sjálandi spjó eldi nýverið, en henni svipi til Öskjusvæðisins hvað vinsældir og aðdráttarafl varði.

„Tilfinning mín er sú að væntanlegt eldgos í Öskju verði súrt sprengigos," segir Þorvaldur. „Það byggi ég á því að kvikan er ekki nema á um þriggja kílómetra dýpi."

Sprengigos hefði mikil áhrif og víða. „Það varir að vísu ekki lengi, líklega einn og hálfan dag eða svo," lýsir Þorvaldur. „En mjög öflugt og hreint sprengigos þeytir gjóskunni einhverja 25 til 30 kílómetra upp í heiðhvolfið og dreifir henni austur yfir meginland Evrópu og Bretlandseyjar. Og áhrifin geta verið langvinn," segir fræðimaðurinn.

Hann vitnar í söguna. Í Öskjugosinu 1875, sem var sprengigos, hafi áhrifin verið mikil og söguleg.

Frá síðasta eldgosi í Öskju, 1961, sem var sprungugos með þunnfljótandi basalthrauni, en gos af því tagi geta varað í vikur eða mánuði. MYND/SKJÁSKOT

Ein virkasta eldstöðin

Askja er ein virkasta eldstöð landsins, á pari við Grímsvötn, Heklu og Kötlu hvað tíðni gosa og framleiðni varðar. Frá henni geta komið afar víðfeðm hraun, svo sem eins og blasir við um allar nálægar grundir við hana. Vísindamenn ætla að frá henni hafi komið á bilinu 40 til 50 rúmkílómetrar af hrauni á síðustu sjö þúsund árum.

Mörg eldfjöll tilbúin

Íslendingar búa í nágrenni við 30 virk eldfjöll, en vísindamenn segja að óvenjumörg þeirra séu komin á tíma. Hekla virðist vera fullþanin, Öræfajökull er órólegur, Katla bærir á sér og uppsöfnuð jarðskjálftavirkni í Grímsvötnum er meiri nú en fyrir eldgosið 2004 og 2011. Og loks heldur landris áfram við Öskju.

> Ótti minn er einkum sá að það gjósi að sumarlagi.

Þorvaldur Þórðarson, eldfjallafræðingur

„Byggðirnar í kring, svo sem á Jökuldal, fóru í eyði, svo fólkið flúði svo að segja beint í skip og sigldi vestur um haf," rifjar hann upp, en landflóttinn varð verulegur.

Hin sviðsmyndin sem blasi við er að næsta gos í Öskju verði áþekkt því sem varð 1961, en það var sprungugos. „Þá er aflið minna og hraunið þunnfljótandi," segir Þorvaldur og tekur fram að basaltgos af því tagi geti varað mun lengur en sprengigos, líklega vikur, ef ekki mánuði. ■

Gleðilega páska

Sjálfbærni og samfélagsábyrgð
Nóa Síríus súkkulaði er hluti af Cocoa Horizons verkefninu, sem gerir kakóræktendum kleift að framleiða kakó á sjálfbæran og ábyrgan hátt. Verkefnið stuðlar að betri lífsskilyrðum í kakóræktarsamfélögum og bættum aðbúnaði starfsfólks.

Nú mega páskarnir koma

Nóa páskaeggin eru tilbúin. Við vönduðum okkur alveg sérstaklega, því við vitum að þið viljið hafa þau fullkomin. Það á bæði við um gómsæta skelina sem bráðnar í munni og allt góðgætið sem leynist þar fyrir innan.

Gjörið þið svo vel – það er nóg til fyrir alla.

Stærsta graseðla fyrr og síðar heimsækir London

Líkan af stærstu risaeðlu heims verður til sýnis í Evrópu í fyrsta sinn á þessu ári. Sýnisgripurinn var búinn til úr sex mismunandi risaeðlum sem gengu um í Argentínu fyrir 100 milljón árum síðan.

helgisteinar@frettabladid.is

BRETLAND Í lok mánaðarins mun stærsta landdýr sem vitað er um að hafi gengið á jörðinni prýða Náttúruminjasafnið í London. Eftirlíking af risaeðlunni verður á safninu út árið og er þetta í fyrsta sinn sem hún verður til sýnis í Evrópu.

Um er að ræða risaeðlu sem ber latneska heitið Patagotitan mayorum og er graseðla frá fyrri hluta krítartímans. Hún lifði fyrir rúmlega 100 milljón árum á svæði sem við þekkjum í dag sem hluta af Argentínu.

Stærð eðlunnar á sér enga hliðstæðu í heiminum en risaeðlan var 37 metrar að lengd og 57 tonn að þyngd. Með öðrum orðum var lengd hennar á við eina Airbus A320 flugvél og vó eðlan meira en átta afrískir fílar samanlagt.

> **Það þurfti tvær flugvélar til að flytja beinagrindina til London.**

Eftirlíkingin samanstendur af 200 mismunandi beinum úr sex risaeðlum sem fundust í Argentínu og þurfti tvær flugvélar til að flytja beinagrindina til London.

Það var búgarðseigandi í Patagóníu sem var fyrstur til að uppgötva leifar af risaeðlunni árið 2010 þegar hann rakst á risastórt lærbein sem stóð upp úr jörðinni. Næstu árin fundu vísindamenn enn fleiri bein á svæðinu og á endanum náðist að grafa upp 200 bein. Argentínska safnið Museo Paleontológico Egido Feruglio, sem staðsett er í Trelew í Patagóníu, sá svo um að púsla líkaninu saman. ■

Risaeðlan var jafnlöng og Airbus A320 flugvél og vó 57 tonn.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Stærsta risaeðla heims

Eftirlíking af stærsta þekkta landdýri sem lifað hefur á jörðinni verður til sýnis á Náttúruminjasafninu í London.

PATAGOTITAN MAYORUM
Graseðla frá fyrri hluta krítartímans. Lifði í Argentínu fyrir 101 milljón ára síðan.



Heimildir: NHM, BBC, Museo Paleontologico Egidio Feruglio

Myndir: Getty Images, Academia Nacional de Ciencias

© GRAPHIC NEWS

Múmín áskriftarleið með UNICEF

© Moomin Characters™

ÆVINTÝRI BANKA UPPÁ

unicef

fyrir öll börn

Leyndarhvoll

Sigmundur Ernir Rúnarsson
ser
@frettabladid.is

Það er nógu súrt og sárt að sjá hvernig farið hefur verið með eigur almennings í einu mesta hneykslismáli síðari ára á Íslandi, Lindarhvolsmálinu, þó að ekki bætist við sú auma ásýnd Alþingis að sitja á greinargerð um málið.

Það hefur aldrei mátt taka það af íslenskri stjórnsýslu að hún er spillt. En einbeitingin að baki þessu siðleysi er svo stæk og sturluð að löggjafarsamkundu landsmanna setur niður fyrir þolmörk.

Hlutverk Alþingis er þríþætt. Það setur þjóðinni lög. Það fer með opinber fjármál hennar. Og það rækir eftirlitsskyldur.

Og ber nú nýrra við. Forseti Alþingis hefur ákveðið upp á sitt eindæmi að neita þingi og þjóð um upplýsingar um það sem afvega hefur farið í umsjón og sölu ríkiseigna upp á tugi milljarða króna.

Keisarans nekt er þar með alger. Og einræðisherrann á efsta stóli Alþingis ber því við að hér sé um hvert annað vinnuskjal að ræða sem beri ekki að opinbera þegar hitt liggur fyrir að hér er um að ræða skjal sem settur ríkisendurskoðandi hefur þegar sent Alþingi.

Þar með er það orðið opinbert skjal.

Orð í aðra veru eru þvaður.

Og hvers vegna er verið að leyna þessum upplýsingum?

Svarið er kunnuglegt.

Einkahlutafélagið Lindarhvoll var stofnað 2016 til að fara með eignir sem slitabú föllnu bankanna afhentu ríkinu sem stöðugleikaframlag á sínum tíma. Það er ekki lítið. Gjörningurinn snýst um stærstu einstöku ríkiseignasölu sem gerð hefur verið.

Og það má sumsé ekki fjalla um það hvernig hún fór fram.

Akkúrat af því að eitthvað er að.

Og allt er málið með ólíkindum. Söluferlið var ekki einasta „sjoppulegt“, eins og ágætur bankamaður komst að orði þegar salan á eignarhaldi í Klakka var reifuð nýverið í héraðsdómi, en sá maður er alvanur að selja eignir, heldur kom stjórn Lindarhvols af fjöllum í réttinum þegar hún var spurð út í söluferlið. Á daginn kom að fullfrískt fólk mundi ekkert frá árinu 2018 þegar starfsemi Lindarhvols var að ljúka.

Frændhygli og klíkuskapur hefur verið viðvarandi óskapnaður í íslenskri stjórnsýslu þar sem menn hafa getað skarað eld að eigin köku án þess að hið opinbera aðhafist nokkuð.

Lindarhvolsmálið er sorgleg áminning um þá leyndarhyggju sem hefur fengið að viðgangast í íslenskri pólitík í áraraðir.

Nú er aðeins spurning hvort flokkur forseta Alþingis, Sjálfstæðisflokkurinn, má þetta og á þetta lengur. ■

> Einbeitingin að baki þessu siðleysi er svo stæk og sturluð að löggjafarsamkundu landsmanna setur niður fyrir þolmörk.

GUNNAR

MÍN SKOÐUN

Óhugnanleg meðvirkni

Sigmarsdóttir

Vinkona mín kennir bókmenntir við háskóla á Englandi. Nýverið kom til hennar nemandi og kvartaði undan smásögu sem hún hafði látið bekkinn lesa. Sagan var eftir Margréti Atwood og fjallaði um hvarf stúlku úr sumarbúðum. Nemandanum þótti efni sögunnar óviðeigandi því það væri átakanlegt. Vinkonu minni var brugðið. Uppákoman hefði þó ekki átt að koma á óvart.

Í síðasta mánuði bárust fréttir af því að Greenwich-háskóli í London hefði sett inntaksviðvörun – svo kallaða „trigger warning“ – á bókina Northanger Abbey eftir Jane Austen. Voru nemendur varaðir við „kynbundnum staðalímyndum“ og „óheilbrigðum samböndum“. Stuttu fyrr hafði skóli vinkonu minnar sett slíka viðvörun á Stikkilsberja-Finn eftir Mark Twain vegna óviðeigandi orðalags og óhugnanlegrar atburðarásar.

Rannsókn dagblaðsins The Times leiddi í ljós að breskir háskólar fjarlægja reglulega bækur úr hillum og af leslistum valdi innihald þeirra einhverjum uppnámi. Meira en þúsund titlar hafa verið merktir með inntaksviðvörun, bækur eftir höfunda á borð við William Shakespeare, Charlotte Brontë, Charles Dickens og Agöthu Christie.

En það eru ekki aðeins bækur sem sæta slíkri meðferð. Á síðasta ári kom Cambridge-háskóli á fót sérstöku námskeiði um tjáningarfrelsi þar sem nemendum er kennt að umbera sjónarmið sem þeir eru ósammála. Var það gert í kjölfar þess að met var slegið í fjölda viðburða sem breskir háskólar aflýstu vegna andstöðu nemenda við skoðanir þeirra sem koma áttu þar fram.

Konurnar í geymslunni

Í síðustu viku birtist frétt í Morgunblaðinu undir yfirskriftinni: „Verk Blöndals eru enn í geymslunni.“ Árið 2019 voru nektarmyndir af konum eftir myndlistarmanninn Gunnlaug Blöndal fjarlægðar af veggjum Seðlabanka Íslands eftir að starfsmenn kvörtuðu undan þeim. Aðgerðin vakti hörð viðbrögð listunnenda sem líktu henni við bókabrennur. Bandalag íslenskra listamanna kallaði verknaðinn ritskoðun, púritanisma og tepruskap. En eru allsberu konurnar í geymslu Seðlabankans raunverulega dæmi um ritskoðunarhneigð samtímans?

Leikkonan Cate Blanchett leikur umdeildan hljómsveitarstjóra í kvikmyndinni Tár. Í viðtali nýverið varaði hún við því að strokleðri væri beitt á bókmennta- og listasöguna. „Ef við lesum ekki gamlar bækur í sögulegu samhengi vegna þess að þær hneyksla okkur munum við aldrei skilja hugsunarhátt fortíðar og erum dæmd til að endurtaka hann.“ Blanchett gagnrýndi einnig kröfuna um að listamenn hefðu hreint móralskt sakavottorð. „Sjáið Picasso. Við getum rétt ímyndað okkur hvað átti sér stað í kringum vinnustofuna hans. En horfum við á Guernica og segjum verkið eitt það magnaðasta sem hefur verið málað? Já.“

Ritskoðunargleði, hneykslunargirni og þöggunartilburðir eru raunveruleg ógn við frjálslynd lýðræðissamfélög. Svo óhugnanleg er meðvirknin með slíkum alræðistilburðum að einhverjum þætti vafalaust við hæfi að umfjöllun um hana fylgdi „trigger warning“. Illa ígrundaðar upphrópanir um bókabrennur og tepruskap í Seðlabankanum beina hins vegar sjónum frá kjarna málsins.

Ritskoðun er eitt. Samhengi hlutanna er annað. Guernica Picasso sýnir limlest lík og látið barn. Myndum við hengja málverkið upp í leikskóla? Myndum við fylla bókahillur Kvennaathvarfsins með klámfengnum skáldskap Michel Houellebecq? Hvers vegna þykir sjálfsagt að allsnaktar konur prýði veggi karlaveldis þar sem konur reyna nú að hasla sér völl og sýna að þær eru meira en kyntákn?

Nær væri að þau sem hrópa nú hátt um tepruskap sýndu af sér hugrekki og spyrntu fótum við raunverulegri ritskoðun. Því hún leynist víða. ■

> Ritskoðunargleði, hneykslunargirni og þöggunartilburðir eru raunveruleg ógn við frjálslynd lýðræðissamfélög.

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Helgi Magnússon **FORSTJÓRI OG ÚTGEFANDI:** Jón Þórisson **RITSTJÓRI:** Sigmundur Ernir Rúnarsson *ser@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Garðar Örn Úlfarsson *gar@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRI:** Lovísa Arnardóttir *lovisa@frettabladid.is*. Fréttablaðið kemur út fimm daga í viku og hægt er að nálgast það ókeypis á 120 fjölförnum stöðum á höfuðborgarsvæðinu, á Suðurnesjum, Árborg, Ölfusi, Akranesi, Borgarnesi, Akureyri og víðar. Að auki er blaðið aðgengilegt í pdf-formi og í appi. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is*. **VEFSTJÓRI:** Einar Þór Sigurðsson *einarthor@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Guðmundur Gunnarsson *ggunnars@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Björk Eiðsdóttir *bjork@frettabladid.is* **MENNING:** Þorvaldur S. Helgason *tsh@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Hörður Snævar Jónsson *hoddi@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

Heimild til húsleitar á Alþingi

Jóhann Hauksson
fv. blaðamaður og stjórnarformaður Transparency International á Íslandi

Eftir áralangt þóf og sérhagsmunagæslu íslenskra stjórnmálaflokka tókst loksins árið 2006 að setja ný lög um aukið gegnsæi og heilbrigðari fjárreiður þeirra. Ísland var þá orðið heldur vandræðaleg eftirlegukind í allri Evrópu í þeim efnum.

Við þetta tækifæri lýsti Geir H. Haarde, þáverandi formaður Sjálfstæðisflokksins og forsætisráðherra, ánægju sinni með árangurinn á blaðamannafundi síðla árs 2006. Spurður sérstaklega um fjármál Sjálfstæðisflokksins sagði hann harla hróðugur: „Við höfum ekki neitt að fela í þessu og höfum aldrei haft.“

Eftir hrunið 2008 birtust m.a. gögn um framlög til stjórnmálaflokkanna, líka þeirra sem höfðu ekkert að fela. Í ljós kom að FL-Group og Landsbankinn höfðu samanlagt rennt 55 milljónum króna inn í sjóði Sjálfstæðisflokksins. Af þessu varð mikið fár og hneyksli, svo mjög að nýkjörinn ungur formaður Sjálfstæðisflokksins, Bjarni Benediktsson, lofaði að skila peningunum aftur.

Með loforði sínu viðurkenndi Bjarni að umrædd framlög til flokksins væru „skítug“ eða mútur eins og það heitir á mannamáli. Og ekki vildi Sjálfstæðisflokkurinn vera mútuþægur.

Árin liðu og 2022 var Bjarni Benediktsson í nauðvörn, þá orðinn fjármálaráðherra að eilífu og valdamesti maður landsins. Hann þurfti að verjast óvinum sem sökuðu hann um að selja föður sínum, vinum og innherjum hluti ríkisins í Íslandsbanka. Nú síðast heldur umboðsmaður Alþingis áfram að kvelja Bjarna með nærgöngulum spurningum um hæfi hans til að koma nálægt kaupum föður síns á hlutum í Íslandsbanka. Ríkisendurskoðanda hafði „sést yfir“ að nefna þetta atriði í skýrslunni sem Bjarni bað sjálfur um.

Kannski var þessum „óvinum“ vorkunn. Nafn Bjarna hafði verið bendlað við vafasöm hrunmál, nafn hans hafði fundist í gögnum um aflandsfélög, hann hafði komið rökstuddum grun um brot á sóttvarnalögum af sjálfum sér yfir á lögregluna og að minnsta kosti tveimur skýrslum hafði hann að vísvitandi stungið undir stól fram yfir þingkosningar 2016 þar eð þær hefðu komið honum og Flokknum illa hefðu þær birst í miðri kosningabaráttu. Vítin voru til að varast þau, því þá þegar var einn forsætisráðherra fokinn vegna Panamaskjalanna: Sigmundur Davíð Gunnlaugsson.

Hvaða skýrslur? Önnur var um aflandseignir Íslendinga og möguleg skattsvik og hin um skiptingu „Leiðréttingarinnar“ svonefndu. Báðar voru tilbúnar í fjármálaráðuneyti Bjarna Benediktssonar fyrir þingkosningarnar 2016 en ekki birtar fyrr en að þeim loknum. Skýrslan um leiðréttinguna leiddi í ljós að ríkari hluti þjóðarinnar fékk 52 af 72 milljörðum króna sem úthlutað var. Fengu sem ekki þurftu.

Og nú er það Lindarhvoll

Í kring um Sjálfstæðisflokkinn og fjármálaráðherra hans að eilífu hringsnúast embættismenn sem greiða flokknum og ráðherranum leið og hjálpa til við að stýra þeim frá skerjum og tundurduflum pólitískra andstæðinga. Margir hafa þeir fengið há embætti sem vinargreiða eða fylgdarlaun stjórnmálamanna sem fá lyklavöldin að ríkissjóði. Þeir geta hæglega verið háttsettir í ráðuneytum, innan dómskerfisins, forstjórar opinberra stofnana, jafnvel stofnana sem heyra hvorki undir framkvæmdavaldið né fjármálaráðherrann, heldur Alþingi og þar með almenna kjósendur. Fimi þeirra við að birta sérhagsmuni ráðherra sem almannahagsmuni er óvéfengjanleg. Bjarni hefur beitt valdi sínu til að hundsa Alþingi og fengið að ráða því að ríkisendurskoðandi rannsakaði Íslandsbankasölu og Lindarhvolsmál, dularfulla sölu almenningseigna. Og fengið þaðan m.a. skýrslu Skúla Eggerts Þórðarsonar í embætti ríkisendurskoðanda.

Hver er Skúli Eggert?

Þegar húsleit var gerð hjá skattrannsóknarstjóra (Já, þetta gerðist í alvörunni!)

Snemma í febrúar 2008 féllst Hæstiréttur á kröfu Helga Magnúsar Gunnarssonar, þá saksóknara efnahagsbrota, um að heimiluð yrði húsleit hjá embætti skattrannsóknarstjóra í því skyni að leggja hald á gögn vegna rannsóknar á meintum skattalagabrotum Óskars Magnússonar. Óskar er innvígður og innmúraður Sjálfstæðismaður, gerðist síðar útgáfustjóri Árvakurs (Morgunblaðsins) og réði Davíð Oddsson, fyrrverandi forsætisráðherra Sjálfstæðisflokksins, sem ritstjóra.

Meint skattalagabrot Óskars voru rakin aftur til þess tíma þegar hann var stjórnarformaður Baugs um og fyrir síðustu aldamót, en á þeim tíma réðu þar ríkjum helstu óvinir Davíðs.

Aldrei hafði það áður gerst að saksóknari efnahagsbrota fengi heimild til húsleitar hjá embætti skattrannsóknarstjóra. Hvergi í heiminum!

Ágreiningur hafði risið þegar árið 2006 um það hvort skattayfirvöld gættu jafnræðis í sambærilegum málum. Skúli Eggert Þórðarson, þáverandi skattrannsóknarstjóri, hafði kært Jón Ásgeir og Kristínu Jóhannesarbörn, Tryggva Jónsson og Stefán Hilmar Hilmarsson til ríkislögreglustjóra vegna meintra skattabrota í nóvember 2004. Ekki kærði hann Óskar Magnússon, Flokksgæðing, þrátt fyrir nákvæmlega sömu meintu brot. Alls snérist málið um 270 milljónir króna sem runnu úr sjóðum Baugs í Luxemborg til umræddra einstaklinga, þar af yfir 100 milljónir í vasa Óskars.

Hlutdrægni og geðþótti

Réttu ári áður en saksóknari efnahagsbrota fékk húsleitarheimild hjá skattrannsóknarstjóra sendi hann frá sér fréttatilkynningu þar sem fram kom að skattrannsóknarstjóri hefði kært Jón Ásgeir, forstjóra Baugs, til ríkislögreglustjóra vegna grunsemda um að hafa vantalið 85 milljónir króna tekjur. Hins vegar vísaði skattrannsóknarstjóri sambærilegu máli Óskars til yfirskattanefndar en hann var grunaður um að hafa vantalið 94 milljónir króna í laun og launatengdar greiðslur auk á þriðja tug milljóna króna sem greiddar höfðu verið einkahlutafélagi hans. Hafi hvorugur þeirra talið greiðslurnar fram til skatts með fullnægjandi hætti hlutu brot þeirra að vera fyllilega sambærileg.

Málsmeðferðin var sem sagt gerólík. Mál Óskars fór fyrir yfirskattanefnd. Flokksgæðingurinn lifði í refsileysi ofar lögunum. Á sama tíma gat Jón Ásgeir átt von fangelsisvist ef niðurstaða málsins yrði honum mótdræg. Jón Ásgeir og Óskar fengu með öðrum orðum afar mismunandi meðferð, að ekki sé sagt geðþóttalega, vegna ætlaðra brota. Þar kom sannarlega við sögu Skúli Eggert Þórðarson, sá hinn sami og nú hefur samið einhvers konar hvítþvottarskýrslu fyrir Bjarna Benediktsson um Lindarhvolsmálið. Og það í embætti ríkisendurskoðanda, sem heyrir undir Alþingi en ekki Flokkinn.

Silkihanskameðferð fyrir flokksmenn

Helgi Magnús, saksóknari efnahagsbrota, undi ekki þessari mismunun í meðferð sambærilegra mála en fékk ekki umbeðnar upplýsingar hjá skattrannsóknarstjóra. Og aflaði sér húsleitarheimildar hjá embættinu.

Þegar húsleit var loks heimiluð hjá skattrannsóknastjóra var Skúli Eggert orðinn ríkisskattstjóri (skipaður af Árna Mathiesen, Sjálfstæðisflokki). Eftirmaðurinn sat í súpunni sem Skúli hafði matreitt.

Í bréfi Helga Magnúsar til ríkissaksóknara sagði orðrétt: „Með skattayfirvöld og sérstaklega skattrannsóknarstjóra ríkisins sem eftirlitsaðila með framkvæmd skattalaga í huga lýsi ég því að ég tel eðlilegt og rétt að skattayfirvöld veiti ákæruvaldinu… upplýsingar og viðhlítandi gögn um hvernig tiltekin brot á skattalögum hafi verið afgreidd í skattkerfinu eða hvernig stefnt sé að afgreiðslu þeirra, en ekki einungis um að þau hafi verið afgreidd þar eða verði afgreidd þar.“

Saksóknarinn sagði enn fremur mikilvægt fyrir ákæruvaldið að geta átt þess kost í þágu jafnræðis að geta afstýrt því að mál sem heima eigi í réttarkerfinu (mál Óskars) yrði afgreitt í skattakerfinu.

Saksóknarinn, sem vildi kanna hvort jafnræði ríkti í réttarkerfinu, fékk sín gögn með „húsleit hjá skattrannsóknarstjóra“!

Þar var nálægur Skúli Eggert Þórðarson fyrrverandi ríkisendurskoðandi, sá hinn sami er skilaði Lindarhvolsskýrslu sem vakið hefur undrun margra og sumir telja hvítþvottarskýrslu fyrir m.a. Bjarna Benediktsson.

En það eru ekki mín orð. En leyndin yfir sérhagsmunagæslunni á vegum flokksins og stjórnkerfisins blómstrar enn. Enginn hefur enn orðið við kröfum um aðskilnað ríkis og Sjálfstæðisflokks.

Fróðlegt verður að sjá hvort meirihluti þingheims leggst gegn óskum Jóhanns Páls Jóhannssonar (S) um að fá að leggja fram spurningar á Alþingi um Lindarhvolsmálið.

Til vara ætti hann að fara fram á húsleitarheimild á skrifstofu forseta Alþingis. Fordæmin, sem auka eiga gagnsæi í þágu almennra borgara, eru til. ■

> Þar kom sannarlega við sögu Skúli Eggert Þórðarson, sá hinn sami og nú hefur samið einhvers konar hvítþvottarskýrslu fyrir Bjarna Benediktsson um Lindarhvolsmálið.

Upp og niður og aftur upp

Hörður Snævar Jónsson
hordur@frettabladid.is

Líf atvinnumanns í knattspyrnu er ekki bara dans á rósum, því hefur hinn stóri og stæðilegi Hólmbert Aron Friðjónsson fengið að kynnast. Hann hefur upplifað hæðir og lægðir, og allt þar á milli. Hann leikur í dag með Holstein Kiel í næstefstu deild í Þýskalandi og hefur vakið athygli fyrir vaska framgöngu síðustu vikur.

FÓTBOLTI Hólmbert Aron, sem er í dag 29 ára gamall, fór fyrst út í atvinnumennsku árið 2013. Eftir frábæra frammistöðu með Fram vildi skoska stórliðið Celtic kaupa hann. Hólmbert var nálægt aðalliðinu en fékk ekki sénsinn og fór á láni til Danmerkur. Hann sneri aftur heim árið 2015 og lék hér á landi í þrjú tímabil áður en hann fór aftur út í atvinnumennsku árið 2017. Hann lék í tvö ár í Noregi en var síðan seldur til Brescia á Ítalíu, áður en Holstein Kiel keypti hann. Á síðasta ári var Hólmbert á láni hjá Lillestrøm í Noregi og fann taktinn á nýjan leik eftir erfiða tíma vegna meiðsla.

„Það er mjög gaman að hafa fengið tvo leiki í byrjunarliðinu og gera eitthvað í þeim leikjum, það hjálpar mér mikið og gerir mikið fyrir andlegu hliðina. Ég meiddist reyndar svo í kjölfarið. Ég meiddist aðeins í leiknum sem ég skoraði í, það kom þvílíkt mikil blæðing inn á vöðvann tveimur dögum eftir leikinn og læknirinn segir að það sé rifa. Þeir sjá það betur í myndatöku á næstu dögum hvað er í gangi í vöðvanum," segir þessi liðtæki framherji sem búsettur er í Kiel.

Mikið á sjúkrabekknum

Hjá Holstein Kiel hefur Hólmbert upplifað erfiða tíma sem komu í kjölfarið af meiðslatímabili á Ítalíu. „Þjálfarinn sem fékk mig til Kiel fór og það kom nýr þjálfari hérna inn. Fyrsta hálfa árið mitt hérna og tímann hjá Brescia fór ég í gegnum allan skalann af meiðslum sem hægt var að ganga í gegnum á einu og hálfu ári. Þetta var endalaust, heill heilsu í mánuð en svo meiddur í sex vikur, heill heilsu í þrjár vikur en svo meiddur í mánuð. Þjálfarinn var orðinn þreyttur á mér," segir Hólmbert.

Til að komast í gang ákvað Hólmbert á síðasta ári að ganga í raðir Lillestrøm í Noregi á láni og þar fann hann sitt gamla form. „Það var ákveðið að fara á lán til Lillestrøm, þar fékk ég fjögurra mánaða undirbúningstímabil og þar komst ég algjörlega í gang. Þegar ég kom til baka til Kiel núna var þjálfarinn með sömu skoðun á mér og þegar ég var hérna áður. Ég labbaði inn á æfingasvæðið og fann að þeir vildu losna við mig strax, ég var í betra standi en áður og setti allt í botn. Ég vann mig hægt og rólega inn í þetta, ég skoraði í æfingaleikjum og þjálfarinn fór að tala vel um mig. Þjálfarinn vildi fyrst selja mig en þarna vildi hann halda mér og sagði að ég fengi að spila," segir Hólmbert.

Ákvörðunin ekki í hans höndum

Á dögunum reyndi sænska félagið Hammarby að kaupa Hólmbert en með þjálfarann á sínu bandi hjá Kiel ákvað Hólmbert að fara ekki fram á það að verða seldur. „Við hættum þá að hugsa um að fara en svo kemur þetta Hammarby-dót upp en ég hafði í reynd lítið um það að segja. Kiel var búið að ákveða að selja mig ekki," segir Hólmbert.

„Þetta getur verið svo fljótt að breytast, á mánuði fór þetta úr því að ég ætti að fara, í að byrja leiki og skora. Ég hélt ég væri að fara strax þarna í byrjun janúar, ég vildi bara ekki fara hvert sem er. Ég var að skoða í kringum mig, tók einn dag í einu og mætti á æfingar og reyndi að sanna mig. Það gekk og mér líður vel hérna, ég vildi ekkert ýta á það að komast til Hammarby því núna er þetta gott og þjálfarinn hefur trú á mér."

> Ég hef átt nokkur símtöl við Arnar og við höfum talað vel um þetta.

Enginn skilningur á Ítalíu

Eftir að hafa verið heill nánast allan sinn feril samdi Hólmbert við Brescia á Ítalíu haustið 2020, hann kom meiddur til félagsins. Það reyndist þessum Kópavogsbúa erfið brekka að byrja í og losnaði hann aldrei úr henni. „Ég hef allan minn feril verið þokkalega heill, ég skrifa svo undir hjá Brescia og er með brot í ristinni. Ég var frá í rúma fjóra mánuði og það var allt í klessu hjá klúbbnum. Ég var með einhverja sex þjálfara, alltaf verið að skipta út. Svo byrjaður maður að æfa og ég fann það eftir fjóra mánuði frá að ég gat nánast ekkert, Ítalirnir gáfu mann ekki neinn afslátt þrátt fyrir langa fjarveru. Þeir fóru að hugsa um hvaða vitleysing þeir hefðu verið að kaupa, þá fer maður ósjálfrátt að brjóta sig niður og það var smá vesen. Ég var alltaf meiddur og var að kljást við það þangað til hjá Lillestrøm.

Ég hefði ekkert komið mér í gang ef ég hefði ekki fengið fjóra mánuði til að stjórna álagi hjá Lillestrøm, æfa vel og fá leiki. Fjórir mánuðir að græja allt, þú færð þetta ekkert á mörgum stöðum í Evrópu. Ég hef verið alveg heill þangað til núna og það er smá óvissa."

Engin partíborg

Í Kiel eru búsettir rúmlega 200 þúsund íbúar en Hólmbert segir borgina langt því frá iða af lífi. „Það er allt í lagi, þetta er ekkert nein partíborg. Ég er með kærustu sem er flutt út til mín og það gerir lífið auðveldara. Þetta er mjög rólegt hérna í Kiel, Hamborg er 50 mínútur frá þar sem er meira líf. Það er ekkert mikið að gera hérna í borginni.

Mér er byrjað að líða vel innan vallar, þá skipta þessir hlutir ekki jafnmiklu máli. Ég var ekki ánægður hérna 3. janúar þegar ég hélt að ég væri að fara, þá varð maður fljótt þungur. Á þremur vikum fór þetta úr 0 og upp í 100."

> Þeir fóru að hugsa um hvaða vitleysing þeir hefðu verið að kaupa, þá fer maður ósjálfrátt að brjóta sig niður og það var smá vesen.

Hann segir gaman að spila í Þýskalandi, í næstefstu deild Þýskalands þar sem Holstein Kiel spilar er mikið af stórum félögum og vel mætt á vellina. „Það er mjög gaman að fara á þessa velli þar sem eru 30 til 40 þúsund á vellinum, mig langaði að vera hérna af því að þetta er skemmtileg deild. Það er vel mætt á vellina og mikil umfjöllun, mér finnst mjög gaman að vera hérna og sérstaklega ef maður fær að spila og skorar eitthvað."

Samtöl við Arnar

Það var síðasta sumar sem Hólmbert Aron dró sig út úr A-landsliðshópnum, honum fannst athugavert hvernig Arnar Þór Viðarsson valdi hópinn og taldi betur heima setið en af stað farið. Þeir Arnar hafa undanfarið átt regluleg samtöl og framherjinn öflugi er klár í að koma aftur. Hann á að baki sex A-landsleiki og vonast til að þeim fjölgi. „Ég hef átt nokkur símtöl við Arnar og við höfum talað vel um þetta, ég veit ekki hvort hann velji mig en ég er klár og hann veit það. Ef hann hefur not fyrir mig þá er ég 100 prósent klár, það er leiðinlegt fyrir næsta glugga að vera eitthvað smá meiddur núna. Við erum búnir að eiga góð samtöl og Arnar veit stöðuna, vonandi kíkir hann á mig fyrir næstu verkefni.

Ég vil vera með í þessu, ég er peppaður ef ég fæ tækifærið. Það væri næs, það er möguleiki á sæti á Evrópumóti í ár og það vilja allir vera með í því," segir Hólmbert Aron. ■

Fornir fjendur mætast og það er allt undir

48,65%
Er sigurhlutfall Jurgen Klopp á þessu tímabili.

2,8
Er meðalfjöldi marka Liverpool gegn United.

9
Er fjöldi marka Liverpool gegn United á síðustu leiktíð.

8
Mo Salah er markahæsti leikmaður Liverpool með átta mörk.

Það er iðulega ekkert gefið eftir þegar nágrannarnir í Liverpool og Manchester United eigast við. Liðin mætast á Anfield Road í Liverpool á sunnudag, United á veika von á titilbaráttu en Liverpool reynir að koma sér upp í Meistaradeildarsæti.

hordur@frettabladid.is

FÓTBOLTI Ef tölfræði síðustu tuttugu leikja hjá þessum liðum er skoðuð kemur í ljós að baráttan er nánast jöfn, Liverpool hefur unnið sjö sigra, United sex og í sjö skipti hefur það endað með jafntefli. Erik ten Hag vann sinn fyrsta sigur í ensku úrvalsdeildinni gegn Liverpool í lok ágúst og fékk meðbyr í seglin. Eftir brösuga tíma í deildinni hefur Liverpool ekki tapað í fjórum leikjum í röð og varnarleikurinn er farinn að nálgast það sem eðlilegt þykir, búast má við jöfnum og spennandi leik klukkan 16.30 á morgun, sunnudag.

Búist er við því að allar helstu stjörnur liðanna verði með fyrir utan Luis Diaz, leikmann Liverpool, sem hefur verið frá um langt skeið. Fari Liverpool með sigur af hólmi er liðið farið að anda ofan í hálsmálið á Tottenham sem situr í fjórða sætinu. United situr í þriðja sæti og reynir að horfa upp á við en bilið gæti farið að verða of mikið ef liðið misstígur sig í næstu leikjum. ■

28
Er fjöldi marka sem bæði lið hafa fengið á sig á þessu tímabili.

14
Marcus Rashford er markahæsti leikmaður United með fjórtán mörk.

73,17%
Er sigurhlutfall Erik ten Hag á þessu tímabili.

1,6
Er meðalfjöldi marka United gegn Liverpool.

10
Manchester United er taplaust í síðustu tíu leikjum sínum.

1
Liverpool hefur aðeins mistekist að skora í einum heimaleik á þessu tímabili.

2016
Vann Manchester United síðast sigur á Anfield.

1,97
Er meðalfjöldi marka Liverpool á heimavelli.

4,4
Er meðalfjöldi marka í leikjum liðanna.

26%
af mörkum Liverpool koma á 31. til 45. mínútu.

19
Manchester United hefur skorað hið minnsta eitt mark í síðustu nítján leikjum.

1
Liverpool hefur aðeins tapað einum af síðustu fimm leikjum gegn United.

1,44
Er meðalfjöldi marka United á útivelli.

72
United vinnur 72 prósent útileikja sína þegar liðið kemst í 0–1.

27%
af mörkum United koma á 76. til 90. mínútu.

BJORK@FRETTABLADID.IS

Römm er sú taug

Yesmine Olsson er hvað þekktust hér á landi fyrir Bollywood-dansa og austurlenska matargerð, helst indverska. Sjálf er Yesmine fædd í nágrannalandi Indlands, Srí Lanka, þaðan sem hún var ættleidd til sænskra hjóna og ólst upp í litlu sjávarþorpi í Svíþjóð.

Yesmine og systir hennar, sem ættleidd var frá sama stað, voru aldar upp á hefðbundnum sænskum mat, smörrebröd og sænskum kjötbollum. En svo mjög fannst þeim vanta upp á kryddið að þær stálust tvær saman, á fermingaraldri, alla leið yfir til Kaupmannahafnar, á meðan foreldrar þeirra voru við vinnu. Þar fundu þær litla búllu þar sem boðið var upp á indverskt lambakarrí og eftir það varð ekki aftur snúið, hún, sem áður hafði aldrei smakkað indverskt, var heilluð.

Yesmine ætlaði sér aldrei að starfa við matargerð. En hún, sem hefur búið á Íslandi í tæpa þrjá áratugi, upplifir að því lengra sem hún fer frá rótunum, því fastar togi þær. „Ættleiðingin hefur að mörgu leyti stjórnað ferðalagi mínu. Ræturnar hafa stýrt mér. Þú sérð að hér er ég – að elda indverskan mat og dansa Bollywood," segir Yesmine sem nú hefur opnað veitingastað þar sem hún segist brjóta allar reglur og blanda saman ólíkri matargerð, sem er eins og hún: Fjölþjóðleg og fersk! ■

> Yesmine ætlaði sér aldrei að starfa við matargerð.

VIÐ MÆLUM MEÐ

Dömplingum
Veitingastaðurinn Dragon Dim Sum hefur nú verið opnaður á Geirsgötu 9. Hugmyndin á bak við staðinn er að nýta hráefni sem í boði er á Íslandi til að búa til kínverska dömplinga. Matseðillinn er einfaldur, bragðsterkur og virkilega góður. Við mælum sérstaklega með Chicken Wonton sem inniheldur kjúkling, gulrætur, hnetur, rautt karrí og chilli.

Söngvakeppnisstemningu
Söngvakeppni sjónvarpsins er á dagskrá í kvöld og loks kemur í ljós hver mun keppa fyrir hönd Íslands í Eurovision í vor. Söngvakeppnin er kjörið tækifæri til að skapa stemningu og gleði. Sama hvort það er snakk og Voga-ídýfa með fjölskyldunni, júróparti með vinunum eða horft undir sæng mælum við með söngvakeppnistemningu í kvöld. ■

Anna Margrét Káradóttir býður hlustendum Rásar 2 upp á ferðalag aftur í tímann alla sunnudaga í mars.
FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Algjör nostalgía út mars

Anna Margrét Káradóttir ætlar næstu fjóra sunnudaga að ferðast aftur í tímann með hlustendum Rásar 2 í þáttunum Tíðarandinn.

bjork@frettabladid.is

Anna Magga, eins og hún er alltaf kölluð, lýsir sjálfri sér sem Þorlákshafnarmeyju sem búsett sé í Reykjavík.

„Ég er menntuð leikkona og ásamt því að starfa sjálfstætt á því sviði og sem söngkona vinn ég sem aðstoðarforstöðukona í félagsmiðstöð. Og svo auðvitað útvarpskona líka. Ég elska fjölbreytni, vil hafa sem nóg og fjölbreyttast að gera," segir Anna Magga.

Í þættinum Tíðarandanum, sem hefur göngu sína á morgun, sunnudag, ferðast hún aftur í tímann og skoðar lögin sem verða tvítug, þrítug, fertug og fimmtug á árinu ásamt því að skoða tíðarandann hverju sinni.

„Hugmyndin á bak við Tíðarandann kom út frá lagalista á Spotify. En ég var að fylgja lagalista á Spotify með lögum sem urðu tuttugu ára fyrir nokkrum árum og hugsaði að það ætti að vera hægt að gera seríu úr svona og taka fyrir fleiri ár," útskýrir Anna Magga.

Eitt ár í hverjum þætti
Þættirnir verða á dagskrá á sunnudögum í mars, frá 11 til 12.20, fram að hádegisfréttum.

„Ég byrja á árinu 1973, fimmtugu lögunum, tek svo 1983 í næsta þætti, svo 1993 og enda á 2003, tek sem sagt eitt ár fyrir í hverjum þætti. Svo fer ég yfir hvað var að gerast í samfélaginu hverju sinni."

> Það er algjör nostalgía að grugga í þessu. Hver var fegurðardrottning hvaða ár, hver fór í júró? Hvað kostaði ferð til Mallorca? Þetta er alls konar sem ég skoða.

Anna Magga segist hafa legið yfir gömlum auglýsingum og tímaritum í undirbúningsvinnunni.

„Og ég er auðvitað búin að klára internetið í leit að fróðleik, þetta hefur ekki verið neitt smá gaman. Það er algjör nostalgía að grugga í þessu. Hver var fegurðardrottning hvaða ár, hver fór í júró? Hvað kostaði ferð til Mallorca? Þetta er alls konar sem ég skoða."

Íslenskt og erlent í bland
Aðspurð segist hún velja íslensk og erlend lög í bland.

„Ég passa vel upp á fjölbreytni, að allir geti fundið eitthvað við sitt hæfi. Ég vel mismunandi tónlistarstefnur og svo var ég líka að reyna að passa upp á kynjahlutföllin," segir hún og bætir við að það hafi orðið auðveldara því nær sem dregur okkar tíma.

„Hlutföllin voru ekki alveg jöfn fyrst um sinn, því miður, sem sýnir bara breytingarnar í gegnum árin, sem er vel."

Aðspurð hvaða tímabil sem hún tekur fyrir sé í uppáhaldi hjá henni sjálfri svarar Anna Magga:

„Ég ætti auðvitað að segja fæðingarárið mitt, 1983, en ég verð að segja 1993 því '90-músíkin er og verður alltaf í uppáhaldi hjá mér. Ég er nænt ís-krakki svo það var virkilega erfitt að velja lög fyrir þetta tímabil, enda langaði mig að velja svo mörg."

Með vasadiskó á ferðalögum
Hún lýsir sér sem alætu á tónlist og gamalli sál.

„Ég drakk í mig tónlistina sem foreldrar mínir og eldri bræður hlustuðu á og fékk í hendur plötusafn foreldra minna fyrir ekki svo löngu og þar eru heldur betur gersemar. Ég var líka mjög mikið í því að stela geisladiskum frá bræðrum mínum. Ég man mjög sterkt eftir því þegar ég fann Kirsuber-diskinn frá Nýdanskri inni hjá bróður mínum og hlustaði á hann, ég var átta ára og algjörlega dolfallin yfir þessari tónlist."

Anna Magga segist alltaf hafa verið háð tónlist, bæði að hlusta á hana og syngja hana.

„Á ferðalögum mínum um landið með foreldrunum sat ég aftur í með vasadiskóið og söng hástöfum með því sem ég var að hlusta á, algjörlega í mínum heimi, greyið foreldrarnir, segi ég nú bara," segir hún og hlær. „Ef ég var orðin óþolinmóð að sitja í bíl sögðu foreldrar mínir mér að ég mætti velja kassettu á næstu bensínstöð sem við myndum stoppa á og ég varð alveg alsæl. Ég gleymi því aldrei þegar ég fann nýjustu kassettuna með Vinum vors og blóma á bensínstöðinni á Kirkjubæjarklaustri, litla veislan! Já, eða SSSólkassettuna í Vík í Mýrdal," segir hún að lokum. ■

UM HELGINA

Efnilegasta skáklið landsins heldur hátíð

bjork@frettabladid.is

Yngsta og efnilegasta skáklið landsins, Skákbörn, lið Laufásborgar, stefnir á heimsmeistaramótið í skólaskák sem fer fram á Grikklandi í apríl. Liðið efnir til skákhátíðar á Eiðistorgi í dag, laugardag, sem liðar í fjáröflun fyrir ferðina.

Skáksaga leikskólans Laufásborgar nær aftur til ársins 2008. Upphaflega var markmiðið að kenna elstu börnunum að þekkja taflmennina og manngangin en nú læra öll þriggja til fimm ára börn leikskólans að tefla. Það er til mikils að vinna enda hafa rannsóknir sýnt jákvæð áhrif skákkennslu á einbeitingu, námsgetu, ímyndunarafl og fleira.

Skákbörn, lið leikskólans, hefur á að skipa þrettán börnum og stefnir hópurinn á Heimsmeistaramótið í skólaskák í Grikklandi í næsta mánuði. Sem liður í þeirri fjáröflun efnir foreldrafélagið Hrókur alls fagnaðar til skákhátíðar fyrir börn og fullorðna á Eiðistorgi í dag milli klukkan 14 og 16.

Skákbörn, lið leikskólans Laufásborgar stefnir á heimsmeistaramótið í skólaskák í næsta mánuði.
FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Klukkan 14 verður tefld risaskák, á stóru skákborði með stórum skákmönnum, og munu strákarnir í Chess after dark keppa við börnin ásamt þjálfara sínum.

Klukkan 15 verður svo listaverkauppboð þar sem boðin verða upp listaverk eftir marga þekkta listamenn, til að mynda Hildigunni Birgisdóttur, Þorvald Jónsson, Godd, Þórdísi Erlu Zoega, Ragnheiði Þorgrímsdóttur og fleiri.

Eins stendur til boða að styrkja börnin með kaupum á múslí, ullarvörum, happdrættismiðum eða kaffi og öðrum veitingum. ■

> Skáksaga leikskólans Laufásborgar nær aftur til ársins 2008.

EHF EUROPEAN LEAGUE

VALUR VS FRISCH AUF! GÖPPINGEN®

16-LIÐA ÚRSLIT

ÞRIÐJUDAGINN 21. MARS

TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Á TIX.IS

Egill Árnason · Novis · Extra · Kine in motion · Arion banki · Sólar Glúggatjöld · COLAS · Snickers WORKWEAR · BÍLASALA ÍSLANDS · Gift to wallet by Leikbreytir · SIXT · Reykjavík Natura Berjaya Iceland Hotels · UNBROKEN · KPMG · Múrkompaníið · Öryggismiðstöðin · Bílamiðstöðin · Fréttablaðið · mila · Blue Lagoon Iceland · GG Lagnir ehf. Píplagningaþjónusta · epal · Saltverk · OK · Brim Seafood

tix.is

Ég held að ég geti ekki gert neitt smátt

Yesmine Olsson er oft spurð að því hvort gamall draumur hafi ræst þegar hún opnaði nýverið sinn fyrsta veitingastað. Hún segir þetta frekar köllun en draum en indversk matargerð og menning hefur lengi togað í stelpuna frá Srí Lanka.

Yesmine er alin upp á hefðbundnum sænskum mat en fannst alltaf eitthvað vanta, það vantaði krydd.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Björk Eiðsdóttir
bjork@frettabladid.is

Segja má að orðið heimsborgari eigi vel við Yesmine Olsson en eftir að hafa fæðst á Srí Lanka og varið þar fyrstu mánuðum lífs síns, var hún ættleidd af sænskum hjónum og ólst upp í litlu sjávarplássi í Suður-Svíþjóð. Seinna starfaði hún sem dansari og danshöfundur í London og New York, þar til Ísland vann hana á sitt band en hér hefur hún búið í tæpa þrjá áratugi.

Indland hefur jafnframt verið stór breyta í lífi hennar en indversk matargerð hefur alltaf heillað hana og síðar bættust Bollywood-dansarnir við.

„Ég er fædd á Srí Lanka sem mörgum finnst undarlegt, því ég er alltaf að selja Indland, en nú þegar ég hef loks opnað minn eiginn veitingastað hef ég svolítið bætt Srí Lanka við myndina," segir Yesmine en um er að ræða nágrannaþjóðir enda liggur eyjan Srí Lanka rétt sunnan við Indland.

Alin upp á sænskum kjötbollum

Yesmine ólst upp í Viken, litlum smábæ fyrir utan Helsingborg, með foreldrum sínum og eldri systur sem einnig var ættleidd frá Srí Lanka.

„Á æskuárunum fór ekki mikið fyrir tengingunni við Srí Lanka enda vissu fáir í kringum okkur mikið um landið. Ég var átta mánaða gömul þegar ég var ættleidd og foreldrar mínir eru rosalega sænskir," segir hún í léttum tón.

„Mamma og pabbi höfðu aldrei eldað indverskt," segir Yesmine og bætir við að það sé í raun furðulegt að hún hafi fengið svo mikinn áhuga á indverskri matargerð. „Það er eitthvað í genum mínum sem hefur ákveðið þetta fyrir mig, því staðreyndin er sú að því lengra sem ég flyt frá upprunanum, því meiri verður þörfin.

Við systurnar ólumst upp á sænskum kjötbollum og öðrum hefðbundnum sænskum mat en fannst alltaf eitthvað vanta, það vantaði kryddin," segir Yesmine sem einhvers staðar hafði heyrt að til væri indverskur matur í stærri borgum.

„Einn daginn þegar ég var 14 ára og mamma og pabbi fóru í vinnuna stungum við systur af. Við tókum strætó frá litla Viken, eina 16 kílómetra, þangað sem við tókum bát yfir til Helsingör í Danmörku og vorum þannig komnar í nýtt land. Þaðan tókum við svo tveggja tíma lest til Kaupmannahafnar og settum stefnuna beint á Istedgade," rifjar hún upp hlæjandi.

„Við höfðum farið með foreldrum okkar í Tívolíið í Kaupmannahöfn og séð úrval veitingastaða á því svæði. Istedgade var á þessum tíma ein alræmdasta gata Kaupmannahafnar en þar fundum við indverskan veitingastað, þetta var svona sjabbí lítil búlla þar sem við smökkuðum indverskt lambakarrí í fyrsta sinn," segir Yesmine og ljómar við upprifjunina.

Systurnar náðu aftur heim áður en vinnudegi foreldra þeirra lauk svo þau heyrðu ekki af ævintýrinu fyrr en mörgum árum síðar.

Kallaðar ljótum nöfnum

„Mér finnst svo magnað að hugsa til þess að þörfin hafi verið svona sterk. Það hafði aldrei neinn talað um indverskan mat við okkur. Það voru engir Indverjar eða dökkt fólk í kringum okkur heldur, en við vorum í hópi fyrstu ættleiddu barnanna í Suður-Svíþjóð."

Yesmine segir þær ekki hafa farið varhluta af því að líta öðruvísi út en meirihluti barnanna. „Ég var mjög vernduð í Viken þar sem við vorum bara litlu dökku krúttin og allir þekktu okkur," segir hún en þær hafi þó fundið fyrir rasisma. „Ég var aftur á móti alltaf stolt af því hver ég væri og þó að við værum kallaðar ljótum nöfnum þá hafði það ekki mikil áhrif á mig. Ég held að það sé mömmu minni að þakka, hún var alltaf dugleg að hvetja mig áfram og undirbjó mig vel fyrir lífið. Það var lúxus að alast upp í Viken og foreldrar okkar bjuggu okkur gott heimili. En ég var alltaf að leita að fólki sem líktist mér og kynntist afrískri fjölskyldu og lærði afríska dansa, enda var engin indversk fjölskylda á svæðinu," segir hún og hlær.

Leitaði uppi indverska staði

Yesmine segist hafa átt erfitt með að tengja við sænska tónlist. „En þegar ég uppgötvaði Michael Jackson vissi ég hvað ég vildi gera."

Yesmine hafði alltaf meiri áhuga á íþróttum og tónlist en bóklegum fögum í skóla. Hún lærði dans og fór snemma að starfa bæði sem dansari og danshöfundur. „Sömu helgi og ég vann stærstu hæfileikakeppni Svíþjóðar: Nya Ansikten, stóð ég uppi sem trampólínmeistari Svíþjóðar, svo það var svakaleg helgi."

Yesmine ákvað í framhaldi að reyna fyrir sér sem dansari í London.

„Ég fór alltaf á indverska veitingastaði og reyndi svo að gera réttina sjálf heima. Ég lærði fljótt að maður getur ekki eldað alvöru indverskt nema að vita meira um uppruna réttarins. Ég fór því að lesa mér til og þurfti að beita mig hörðu enda finnst mér ekki gaman að lesa upp skriftir eða elda eftir þeim. En ég held sannarlega að þessi matargerð sé mér í blóð borin, eitthvað sem ég fékk með mér."

Kom hingað með Jónínu Ben

Yesmine kom upphaflega til Íslands fyrir tæpum þremur áratugum síðan.

„Ég kom fyrst hingað með Jónínu Ben sem ég hafði unnið fyrir í líkamsræktarstöð í Stokkhólmi. Ég er henni mjög þakklát en hún sagði mér að læra einkaþjálfun, fannst ég þurfa að læra meira en dansinn. En það var vissulega erfitt að fá verkefni sem útlendingur í skemmtanabransanum hér," segir Yesmine sem kom hingað reglulega þar til hún flutti alveg.

Hún yfirgaf tækifærin í London en stærsta verkefnið sem Yesmine tók þátt í þar var líklega að semja sviðshreyfingar fyrir strákabandið Backstreet Boys og fór meðal annars í tónleikaferðalag með þeim.

> **Ég var aftur á móti alltaf stolt af því hver ég væri og þó að við værum kallaðar ljótum nöfnum þá hafði það ekki mikil áhrif á mig.**

„Það var nú ekki allt því við æfðum í Pineapple-dansstúdíói og á hæðinni fyrir ofan var Tina Turner að æfa með sínum dönsurum," segir hún.

Þegar Yesmine flutti hingað var matarmenningin töluvert einsleitari.

„Ég saknaði indversks matar mikið og þó að ég færi oft á Austur-Indíafjelagið gat ég ekki borðað þar alla daga og þess vegna fór ég að prófa mig áfram sjálf. Ég ætlaði aldrei að vinna við matargerð en eftir að ég kom hingað jókst þörfin til muna. Árið 2006 ákvað ég að gera matreiðslubók því ég fann að fólk hér á landi þekkti ekki indverska matargerð jafnvel þó að hér hafi verið og sé enn, einn flottasti og besti indverski veitingastaður heims."

Tilfinningaþrungin ferð

Yesmine gaf út bókina Framandi og freistandi og tveimur árum síðar næstu bók: Indverskt og arabískt. „Þá hugsaði ég einmitt með mér: Hver ætli trúi því að ég hafi aldrei komið til Indlands?" segir hún og skellir upp úr.

Það var þá sem Yesmine tók af skarið og heimsótti Indland í fyrsta sinn, árið 2008. „Ég fór á vegum Þóru Bergnýjar sem rekur Secret Garden, lítið fallegt hótel í Kerala. Þóra hjálpaði mér mikið enda yndisleg, hún kynnti ayurveda heilsuhæli fyrir mér þar sem ég fékk að vera og lærði mikið af kokkunum þar, til að mynda um lækningarmátt ólíkra krydda," segir Yesmine sem heillaðist undir eins af fyrirheitna landinu.

„Það var frábært að koma til Indlands en það var líka ógnvekjandi á vissan hátt þegar ég stóð við ströndina og einhver benti mér á að þaðan væru aðeins tvær klukkustundir til Srí Lanka. Það var tilfinningaþrungið."

Yesmine hefur aldrei komið til fæðingarlands síns, Srí Lanka. „Ég var reyndar á leiðinni og búin að bóka flugmiða og allt saman þegar vinkona mín þar hringdi í mig og bað mig að koma ekki strax því hún væri ekki heima. Hún vildi sýna mér landið og jafnvel finna foreldra mína, en á þessum tímapunkti var ég ekki einu sinni farin að hugsa svo langt."

Við áttum ekki að vera þarna

Yesmine breytti flugmiðanum og fór í staðinn ásamt eiginmanni sínum til Dúbaí að heimsækja vinkonu. Á meðan varð Srí Lanka fyrir gríðarlegri eyðileggingu og manntjóni af völdum flóðbylgju sem jarðskjálfti í Indlandshafi olli. Yfir 30 þúsund mann létust og ein og hálf milljón íbúa missti heimili sitt.

Yesmine segir þau hjónin hafa orðið fyrir áfalli við að heyra fréttirnar um eyðileggingunna á þeim slóðum þar sem þau höfðu áætlað að vera. „Við áttum greinilega ekki að vera þarna og maður varð ekki beint spenntur að fara strax aftur. Síðan hefur ástandið á Srí Lanka verið erfitt og borgarastyrjöld geisað. Svo við höfum verið á leiðinni lengi en ekki komist, en það er hátt á mínum lista."

Alltaf verið ánægð með mitt

Yesmine sagði vinkonuna hafa nefnt að þær gætu mögulega leitað blóðforeldra hennar. En ætli hún hafi virkilega aldrei leitt hugann að því?

„Ég hef haft það rosalega gott svo það var kannski ekki fyrr en síðar á lífsleiðinni að ég fór að hugsa út í það. Ég fór meira að spá í þessu þegar ég sjálf eignaðist mín börn," segir hún en Yesmine er gift Arngrími Fannari Haraldssyni sem gerði garðinn frægan með hljómsveitinni Skítamóral og eiga þau börnin Harald Fannar, 24 ára, sem Arngrímur átti fyrir, og saman eiga þau svo Ronju Ísabel, 16 ára, og Óliver Emil, 8 ára.

„Ættleiðingin hefur að mörgu leyti stjórnað ferðalagi mínu. Ræturnar hafa stýrt mér. Þú sérð að hér er ég – að elda indverskan mat og dansa Bollywood," segir hún og hlær.

„Það er kannski skrítið að ég hafi aldrei gert neitt í þessu. Ég er mjög náin pabba mínum," segir Yesmine en móðir henn féll frá fyrir 15 árum síðan. „Ég hef alltaf verið svo ánægð með mitt en ég viðurkenni að þættirnir Leitin að upprunanum hafa kveikt svolítið í mér. En ég sé þetta frá tveimur hliðum. Það er erfitt að fara af stað í svona ferðalag og vita ekki hvað maður fær. Mögulega gæti maður fest í tveimur heimum. Það er alltaf meira undir niðri en sést á yfirborðinu en auðvitað hefur mig langað að vita meira og það er ekkert útilokað að ég geri það. Hvernig sem fer þá snýst þetta um að finna sátt við það sem maður er, og ég er sátt."

Ég er svolítið mikið

En að veitingastaðnum Funky Bhangra sem var opnaður undir lok síðasta árs í Pósthúsi mathöll við Póstósstræti.

„Bhangra er pakistanskt dansform, hamingjuríkasti dans sem fyrirfinnst, en við bættum við orðinu funky á undan, því við brjótum allar reglur. Mig langaði að búa til stað sem byggði á bakgrunni mínum: Srí Lanka, Svíþjóð, Íslandi og Indlandi. Þetta er svolítið mikið – en ég er svolítið mikið," segir hún og hlær. „Ég held að ég geti ekki gert neitt smátt."

Maturinn sem boðið er upp á, á staðnum, er indverskur með norrænu ívafi og svolitlum áhrifum frá Srí Lanka. Yesmine viðurkennir að verða alltaf svolítið stressuð þegar hún fær indverska viðskiptavini. „Mig langar að segja við þá: Þetta er ekki indverskur matur," segir hún og hlær en bætir við að þeir gestir hafi alltaf gengið út ánægðir.

Ferskari og léttari útgáfur

Lógó staðarins segir ákveðna sögu en það er blanda af bengölsku tígrisdýri og íslenskum hrúti.

„Þetta er matur með attitjúd, þú færð Indland, Ísland og Svíþjóð í einum bita. Ég fattaði það ekki fyrr en um daginn að ég er meðal annars í raun að gera indverskt smörrebröd, eins konar turna, en þetta kemur frá pabba sem tekur alltaf á móti mér í Svíþjóð með smörrebröd og bjór. Við erum alltaf að þróa eitthvað nýtt og næst á dagskrá verður að bjóða upp á bröns með okkar sniði."

Yesmine er oft spurð að því hvort gamall draumur hafi ræst með því að opna eigin veitingastað en hún segir svo ekkert endilega vera.

Undanfarinn áratug hafi hún unnið að matargerð í ýmsum formum, með námskeiðahaldi, bókaútgáfu, sem gestakokkur og sjónvarpsþáttastjórnandi, en það hafi ekkert endilega verið planið hennar.

„Ég fór á námskeið í indverskum matreiðsluskóla í New York og fékk tækifæri til að æfa mig á indverska Michelin-stjörnu staðnum Junoon í borginni hjá Vikas Khanna sem hefur stjórnað Master Chef-þáttunum í Indlandi, hinn indverski Gordon Ramsay."

Yesmine er skemmtileg blanda af Srí Lanka, Íslandi og Svíþjóð undir miklum áhrifum frá Indlandi og ber veitingastaður hennar í Pósthúsi mathöll þess merki. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Yesmine ásamt eiginmanni sínum, Adda Fannari, og börnum þeirra á góðri stundu á Tenerife. MYND/AÐSEND

Yesmine hér ásamt föður sínum. Kjell Olsson og Ulriku Kalin, systur sinni. MYND/GASSI

Yesmine segir tækifærið hafa verið einstakt enda sé hún ekki menntaður matreiðslumaður.

„Ég var bara í nokkra daga og það var mikill heiður. Þetta var ótrúlega flott eldhús en enginn matreiðslumannanna fékk að fara niður í kjallara þar sem töfrarnir gerðust, þar stóð afinn við að blanda kryddin. Þeim fannst ég, þessi litla dúlla, engin ógn, svo ég fékk að fara niður í kjallara og verja tíma með afanum. Flestir Indverjar læra matargerð af ömmum sínum og öfum og seinna skólum. En ég fattaði þó að ég væri að gera eitthvað frábrugðið, með mínum stíl. Ég ákvað að halda því frekar en að reyna að gera það sem þau eru að gera, því ég gæti það aldrei. Mínar útgáfur eru ferskari og léttari. Ég er ekki að segja að þær séu betri, en þær eru öðruvísi."

Samstíga hjón

Yesmine segist hafa hugsað með sér:

„Eftir fjórar bækur og þrjár sjónvarpsseríur, en ég held ég hafi örugglega verið fyrsti útlendingurinn sem talar ekki fullkomna íslensku með eigin sjónvarpsþátt á RÚV, hugsaði ég: „Það er eiginlega ekki hægt að sleppa því að opna veitingastað."

Yesmine segir þau hjón mjög samstíga og að saman hafi þau ákveðið að opna veitingastaðinn. „Addi elskar indverskan mat. Við vorum vinir áður en við urðum kærustupar og þegar við hittumst eldaði hann indverskt svo það tengir okkur svolítið saman."

Yesmine segist alltaf hafa viljað opna stað sem væri meira en bara veitingastaður, eins konar upplifun; bland af tónlist, skemmtun og mat. Því þau hjón eru bæði með bakgrunn í tónlist og skemmtanabransanum. En undanfarin ár hefur hún eldað heilmikið fyrir veislur. „Þar hef ég fengið mikla þjálfun og starfað með fjölmörgum færum matreiðslumönnum sem ég ber mikla virðingu fyrir."

Mathallir nýtt tækifæri

Veitingastaðurinn var opnaður í nóvember og segir Yesmine undirbúninginn og fyrstu vikurnar hafa tekið á.

„Ég er fegin að ég er dugleg að æfa því þarna fékk ég virkilega að finna fyrir því í hverju starfið felst. Pottarnir voru miklu stærri og ég þurfti sjálf að hlaupa upp og niður í eldhús. Ég sást varla fyrstu vikurnar enda var ég bara niðri í kjallara," segir Yesmine en eldhús veitingastaðanna eru staðsett í kjallara húsnæðisins.

„Það er gríðarlega góð stemning þar niðri enda eldum við öll saman."

Yesmine bendir á að þau hjón standi þó ekki ein á bak við staðinn heldur hafi þau fengið frábæra matreiðslumenn í lið með sér.

„Það eru þeir Ingólfur Þorsteinsson og Martin Kelley, sá fyrri er meira á skandinavísku nótunum en Matti hefur ferðast um Indland og er með það í hjarta sínu. Saman eru þeir mjög sterkir."

Yesmine segir indverska matargerð krefjast mikils undirbúnings og nú sé staðan sú að annað þeirra hjóna standi alltaf vaktina á álagstímum.

„Staðurinn hefur gengið vonum framar. Við erum ótrúlega þakklát fyrir frábærar viðtökur. Ég hefði aldrei getað gert þetta nema að vera með framúrskarandi teymi með mér."

Yesmine bendir á að mathallirnar sem sprottið hafa upp um alla borg hafi breytt háttum fólks að vissu leyti.

„Ég held að fólk fái nýtt tækifæri til að upplifa miðbæinn."

Íslenski dansflokkurinn hringdi

Um áramótin strengdi Yesmine heit eins og svo oft áður og í þetta sinn lofaði hún sjálfri sér að gera meira af því sem hún elskar mest að gera: Dansa, syngja og hafa gaman.

„Þess vegna ákvað ég að setja Bollywood-sýninguna aftur upp," segir hún en stefnan er að setja í haust upp sýningu sem Yesmine gerði vinsæla í Turninum í Kópavogi og í Hörpu fyrir tólf árum.

„Nokkrum vikum eftir áramótin fékk ég símtal frá Íslenska dansflokknum," segir hún og hlær.

„Það kom mér algjörlega að óvörum en þau hafa verið með yndislega sýningu sem heitir Ball á Litla sviði Þjóðleikhússins og snýst um okkar sterku hjartatengingu við dans, en ætla að færa sig upp á Stóra sviðið. Þau vantaði Indverja og buðu mér að vera með. Þetta er mikill heiður og ég er virkilega spennt. Ég dansa allt of lítið í dag og fann að ég ætti að gera meira af því. Ég hlakka mikið til að vera partur af þessari dansveislu og vona að sem flestir komi og fagni með okkur dansinum."

Yesmine er eins og fyrr segir sátt við sitt og ekki skemmdi fyrir að fá fyrsta tilboðið frá Íslenska dansflokknum, nú eftir fertugt.

„Auðvitað hef ég oft hugsað út í hvað hefði orðið ef ég hefði verið áfram í London enda var ég komin með góðar tengingar þar, en ég sé ekki eftir að hafa komið hingað, fyrir mér opnaðist nýr heimur og ég held að þetta hafi átt að fara svona," segir hún að lokum. ■

Barist um geirfugl í London

Þann 3. júní árið 1844 var síðasti geirfuglinn drepinn í Eldey. Á þessum degi 127 árum síðar fóru Íslendingar til London þar sem þeir keyptu uppstoppaðan geirfugl. Safnað hafði verið fyrir fuglinum um allt land á nokkrum dögum.

birnadrofn@frettabladid.is

Geirfuglinn var afar algengur á Norður-Atlantshafi fyrr á öldum. Hann var meðal annars algengur á ströndum Íslands, Grænlands og Færeyja, við Noreg, Kanada og á nyrstu eyjum Bretlands. Talið er að geirfuglar hafi verið margar milljónir áður er farið var að veiða þá en ekki eru til skýrar tölur um það hversu stór stofninn var hér á Íslandi.

Um aldamótin 1800 var ofveiði farin að hafa áhrif á fjölda geirfugla sem hafði þá fækkað verulega. Geirfuglinn var ófleygur og því var auðvelt að veiða hann. Mest var hann veiddur af sjómönnum sem á löngum ferðum sínum lögðu sér fuglinn til munns en hann var bæði kjötmikill og stór, rúmir 70 sentímetrar á hæð.

Það voru þó ekki einungis sjómenn sem veiddu geirfuglinn heldur var farið út í eyjarnar þar sem hann lifði og hann veiddur til matar og einnig voru fjaðrir hans notaðar í fatnað. Til eru ýmsar frásagnir af því að þegar menn komu á eyjarnar í fuglatekju hafi þeir orðið fyrir árásum geirfugla. Fuglarnir hafi ráðist á mennina í þéttum fylkingum með miklum krafti og troðið þá niður. Eina leiðin til að sjá við árásum að þessu tagi hafi verið að drepa fuglana sem fremstir voru í fylkingunni. Þá hafi hinir snúið við og reynt að flýja, aldrei hafi verið auðveldara að veiða þá en á flóttanum.

Þegar geirfuglum fór að fækka jókst eftirspurn safnara sem ásamt náttúrugripasöfnum borguðu háar fjárhæðir fyrir fuglinn. Segja má að það hafi verið endalok geirfuglsins. Carl Franz Siemsen var kaupmaður í Reykjavík, en hann var einnig umboðsmaður fyrir erlend söfn og safnara. Árið 1844 fékk hann ósk um geirfugl að utan. Hann bauð bændum í Höfnum 300 krónur fyrir fugl, dauðan eða lifandi. Þeir fóru þá fjórir saman út í Eldey þar sem þeir fundu tvo geirfugla sitjandi á klettasnös, fuglana sneru þeir úr hálsliðnum og þáðu 300 krónurnar.

Talið er að þarna hafi verið um að ræða tvo síðustu geirfuglana. Einhverjar sögur eru af því að sést hafi til geirfugla eftir það, flestar frá Grænlandi. Nýjustu sögurnar eru frá sjötta áratug nítjándu aldar en óvíst er um áreiðanleika þeirra.

Síðasti geirfuglinn var veiddur í Eldey árið 1844.

Geirfuglinn heim

Á þessum degi, þann 4. mars, árið 1971, 127 árum eftir að síðasti geirfuglinn var veiddur í Eldey var uppstoppaður geirfugl boðinn upp hjá uppboðshúsinu Sotheby's í London. Íslendingar fengu fregnir af því að bjóða ætti fuglinn upp og ætluðu sér strax að ná honum.

Valdimar Jóhannesson, blaðamaður og lögfræðingur, setti af stað söfnun fyrir fuglinum nokkrum dögum áður en uppboðið fór fram. Um tvær milljónir króna söfnuðust, á þeim tíma var slík upphæð andvirði einbýlishúss.

Í viðtali við DV árið 2018 sagðist Valdimar hafa séð tækifæri til að koma geirfuglinum heim þegar hann heyrði af uppboðinu. Hér á Íslandi hafi á þeim tíma verið til beinagrind geirfugls og egg, en enginn hamur. Vitað var að fleirum hugnaðist að eignast uppstoppaða geirfuglinn, bæði söfnum og einkaaðilum. Helsti keppinautur Íslendinga var þó hin ameríska Du Pont-fjölskylda sem var þá að koma sér upp einkareknu náttúrugripasafni.

Valdimar fór til London ásamt doktor Finni Guðmundssyni frá Náttúrugripasafni Íslands. Þeir fóru með það að markmiði að koma fuglinum heim, ekki kom annað til greina. Mikil spenna var í loftinu þegar geirfuglinn var boðinn upp, margir blaðamenn voru á svæðinu sem og margir Íslendingar sem búsettir voru í London. Uppboðið tók ekki nema fimm til sex mínútur en Íslendingarnir fengu lögmann frá Sotheby's sér til halds og trausts.

Fyrsta boð í uppstoppaða geirfuglinn var 500 pund. Hann seldist þó mun dýrara og endaði í höndum Íslendinganna. Du Pont-fjölskyldan hafði þá reynt sem hún gat að yfirbjóða Íslendingana. Þegar Íslendingar höfðu boðið sex þúsund pund sá ameríska fjölskyldan sér leik á borði og bauð tveimur þúsundum betur. Ekki bjuggust þau við að Íslendingarnir byðu þá þúsund pundum meira og hrepptu geirfuglinn á 9.000 pund. Dagana á eftir var í fréttum talað um heimsmet í verði fyrir náttúrugrip.

Sett var af stað söfnun fyrir uppstoppaða geirfuglinum. Tvær milljónir söfuðust sem þá var andvirði einbýlishúss.

Í viðtalinu við DV sagði Valdimar frá því að aðeins örfáir hefðu vitað að hann hafði heimild frá ríkisstjórninni til að bjóða þrefalt meira. „Ef þetta hefði farið hærra hefði ég sjálfur gripið inn í. En þetta mátti ekki spyrjast út," sagði hann.

Það sem kom Valdimar á óvart eftir að fuglinn var keyptur var að þá tók uppboðshúsið enga frekari ábyrgð á honum. „Þetta var svolítið ógnvænlegt og við höfðum ekki gert ráð fyrir þessu. Ég varð að taka fuglinn í fangið og fara með hann í leigubíl að íslenska sendiráðinu," sagði Valdimar. Þar var fuglinn tryggður og honum pakkað vel og komið til Íslands. Um 80 uppstoppaðir geirfuglar hafa varðveist til dagsins í dag. Þann sem keyptur var á uppboðinu í London má finna hjá Náttúrufræðistofnun Íslands. ■

Á myndinni sem tekin er á Þjóðminjasafninu sjást Þórarinn Eldjárn og Kristján Eldjárn, Valdimar og eiginkona hans Fanný Jónmundsdóttir, Gylfi Þ. Gíslason og uppstoppaði geirfuglinn. MYND/AÐSEND

Popp & Coke
HAMINGJUSAMT HJÓNABAND Í ÖLL ÞESSI ÁR
Stjörnu
Osta-POPP
Stjörnu
POPP
Ferskt svo það braka
Coca-Cola
ÁN SYKURS
ENGAR KALORÍUR
© 2023 The Coca-Cola Company.

Enginn venjulegur dagur í Malaví

Lovísa Arnardóttir
lovisaa@frettabladid.is

Íslendingar hafa lengt verið í þróunarsamvinnu í Malaví. Fyrir tíu árum var innleidd ný hugmyndafræði sem hefur skilað 1.200 nýjum byggingum. Forstöðukonan, Inga Dóra Pétursdóttir, segir árangurinn ótrúlegan.

Á síðustu tíu árum hafa íslensk stjórnvöld fjármagnað byggingu um 1.200 bygginga í Mangochi-héraði í Malaví. Um er að ræða heilsugæslur, grunnskóla, fæðingar- og nýburadeildir, vatnsveitukerfi og kennarahús til að bæta félagslega innviði og þjónustu. Malaví er það land þar sem Ísland hefur lengst af verið í þróunarsamvinnu eða í alls um 40 ár.

„Það er ekki bara mér sem finnst þetta ótrúlegur árangur hjá okkur. Þegar ég talaði fyrst við heilbrigðisráðherrann í Malaví datt hann næstum af stólnum því hann hló svo mikið þegar ég sagði honum að við værum 370 þúsund manna þjóð," segir Inga Dóra Pétursdóttir, forstöðukona sendiráðs Íslands í Lilongve, og að hann hafi ekki trúað því hversu svo fámenn þjóð hefur gert mikið.

Ný nálgun

„Nálgun Íslands í Malaví er mjög sérstök og hefur vakið athygli til dæmis DAC hjá OECD. Þau hafa verið að rýna þetta og hafa gefið þessu góða einkunn. Bandaríkjamenn og Alþjóðabankinn eru í kjölfarið byrjuð að vinna eftir sömu hugmyndafræði í Malaví," segir Inga Dóra og það hafi alltaf verið markmið þróunaraðstoðar Íslendinga í Malaví að standa að nýsköpun, prófa nýjar leiðir og fá þannig stærri framlagsríki að og stækka verkefnin með meira fjármagni.

Nálgunin er þannig að þau vinna í einu héraði og allt fjármagn sem Ísland leggur til rennur til héraðsins sjálfs sem er eins og sveitarstjórn á Íslandi.

„Þau gera þannig sín plön eins og Kópavogsbær gerir sína áætlun. Við skoðum svo áætlunina og metum í sameiningu hvaða verkefni eru í forgangi og fá fjármagn til framkvæmda. Þetta er eitt fátækasta land í heimi og það er skortur á öllu. En eitt af því sem vantar mest eru byggingar, heilsugæslur, fæðingardeildir og nýburadeildir, og með fjármagni frá okkur þá hefur þeim tekist að byggja 1.200 innviði á síðustu tíu árum," segir hún og að frá Íslandi fylgi einnig tæknilegur stuðningur.

„Byggingarnar eru langtímalausn og fyrir okkur er þetta fjárfesting til frambúðar til að byggja upp félagslega innviði. Í Mangochi fær héraðið framlag frá ríkinu til að innleiða áætlanir sínar á hverju ári en framlag Íslands, til þeirra, er fjórum sinnum það," segir hún en á tíu árum hafa 42 milljónir Bandaríkjadala runnið til héraðsins í tengslum við þróunarsamvinnu frá Íslandi.

„Héraðið hefur þannig byggt sjálft byggingarnar en við veitum eftirlit og heildrænan stuðning. Við fjármögnum ekki bara bygginguna heldur líka þjálfun starfsfólks og ýmsan búnað. Skorturinn er svo mikill hérna að það er ekki óalgengt að keisaraskurðir séu framkvæmdir án verkjalyfja," segir Inga Dóra og að fyrir þau sé mjög mikilvægt að koma ekki aðeins byggingunni upp heldur veita alhliða stuðning.

Hún segir að mörg lönd séu hikandi við þess nálgun því aðferðafræðin krefst mjög mikillar samvinnu og mikilvægt er að hafa náið eftirlit með fjármagni, sérstaklega þegar kemur að byggingarframkvæmdum. Inga segir að það þurfi að fylgjast með hverju skrefi frá útboðsferlinu til framkvæmda því að hætta sé á spillingu.

Inga Dóra er mikið á ferðinni í starfi sínu.

Inga með Priscillu Sani-Chimwele og Kristjönu Sigurbjörnsdóttur.

Byggingar lykilatriði

„Þess vegna vilja sum lönd frekar setja sitt fjármagn í þjálfun starfsfólks eða vitundarvakningu. En við sjáum að það eru innviðir sem skortir. Þú getur þjálfað endalaust mikið af fólki en ef það er engin fæðingardeild þá lækkarðu ekki mæðradauða til dæmis," segir Inga en á þeim tíu árum sem Ísland hefur verið í Mangochi-héraði hefur dregið úr mæðradauða um helming.

Annar merkur áfangi er að hafa náð að koma vatni til 400 þúsund manns í héraðinu en þau eru öll núna með aðgengi að vatni nálægt heimili sínu.

„Við höfum til dæmis sett upp vatnsveitukerfi sem samanstanda af mjög djúpum brunni, sólarsellu sem lyftir svo vatninu og dreifir því í krana. Þetta var til dæmis rosalega mikilvægt í Covid," segir Inga en einnig nú því eins og stendur geisar í landinu kólerufaraldur og hafa 1.450 látið lífið síðustu mánuði af hans völdum.

Sendiráðið er staðsett í Lilongwe en Inga er mikið á ferðinni. Þau vinna mikið með stofnunum Sameinuðu þjóðanna, UN Women og UNFPA, en einnig með grasrótarsamtökum og þá sérstaklega að jafnréttismálum.

„Við trúum því að breytingin verði að koma úr grasrótinni. Því miður er enn langt í land hvað varðar kynjajafnrétti, sérstaklega hvað varðar barnahjónabönd og ótímabærar þunganir," segir hún og að sem dæmi hafi um þúsund stelpur verið giftar á mánuði á meðan skólarnir voru lokaðir í sex mánuði.

„Þegar skólunum var lokað hugsuðu foreldrarnir bara að það væri best að gifta þær og þunganir unglingsstúlkna jukust dramatískt á tímabilinu."

Breytingar

Á döfinni eru breytingar því eftir 40 ára starf í Mangochi eru Íslendingar nú að færa sig líka yfir í annað hérað.

„Það er allt á fullu og mikið að gera hjá okkur í sendiráðinu en það er alltaf skemmtilegt," segir Inga Dóra.

Spurð hver sé mesta áskorunin er við starfið segir hún því fylgja margar áskoranir að starfa í svo fátæku landi.

„Það er annar taktur í Malaví en á Íslandi. Alls ekki sami hraði hér svo ekki sé meira sagt og svo eru alls konar óvæntar uppákomur. Eins og kólerufaraldur. Þá þarf að aðlaga sig því. Á rigningartímabilum fara vegir í sundur og brýr hrynja einhvers staðar og maður þarf að aðlaga sig því. Vandamálin sem geta komið upp eru bara svo allt öðruvísi en það sem við erum vön," segir Inga.

Hún segir að fylgst sé grannt með spillingarmálum en það er útbreitt vandamál eins og víða annars staðar.

Íslendingar vel þekktir

„Þetta eru skattpeningar Íslendinga þannig að við tökum það hlutverk okkar mjög alvarlega að gæta þess að peningarnir þjóni þeim tilgangi að betrumbæta líf fátæks fólks," segir Inga.

Þrír Íslendingar eru á staðnum en auk Ingu Dóru eru það Kristjana Sigurbjörnsdóttir og Sigurður Þráinn Geirsson og svo átta innlendir starfsmenn.

„Fólk þekkir okkur og verkefnin okkar. Við höfum verið hérna í 30 ár og það er rosalegur velvilji gagnvart Íslendingum í Mangochi. Því árangurinn er líka svo sjáanlegur. Þegar vatnið er komið nálægt þér og barnið þitt farið í skóla. Það voru 102 börn áður í skólastofu með einn kennara en nú eru þau um 50 eða 60. Áður voru átta börn með eitt skólaborð, nú eru þau tvö. Þetta er svo áþreifanlegur árangur," segir hún og að núna séu 50 þúsund konur með fæðingardeild í göngufjarlægð.

„Konur eignast um sex börn hérna að meðaltali og þetta er eitt af því hættulegasta sem konur gera. Þannig að þetta skiptir gríðarlega miklu máli," segir Inga að lokum. ■

Inga ásamt eiginmanni sínum, Ara Gazarian, og og syni, Eldari Z Gazarian.
MYNDIR/AÐSENDAR

> Þegar skólunum var lokað hugsuðu foreldrarnir bara að það væri best að gifta þær.

FRÉTTABLAÐIÐ

ALLT

KYNNINGARBLAÐ

LAUGARDAGUR 4. mars 2023

FORLAGIÐ
Alltaf opið á www.forlagid.is

Bobbi Kristina með foreldrum sínum, söngfuglunum Whitney Houston og Bobby Brown.

Þrítug á himnum

thordisg@frettabladid.is

Bobbi Kristina Houston Brown, einkadóttir söngdívunnar sálugu, Whitney Houston og söngvarans Bobby Brown, hefði fagnað þrjátíu ára afmæli sínu í dag, hefði henni enst aldur til. Hún ólst upp í sviðsljósinu vegna frægðar foreldra sinna og seinna raunveruleikaþátt-anna Being Bobby Brown.

Bobbi dreymdi um að verða söngkona, leikkona og dansari, eins og mamma hennar og pabbi. Hún kom nokkrum sinnum fram á tónleikum með móður sinni, ásamt því að syngja ábreiðu af lagi móður sinnar, I'm your baby tonight, í áðurnefndum raunveruleikaþætti. Þá birtist hún í eigin persónu í hinum ýmsu sjónvarpsþáttum og fór með hlutverk í sjónvarpsþáttunum For better or worse árið 2012.

Bobbi Kristina fannst meðvitundarlaus í baðkeri á heimili sínu 31. janúar 2015 og hlaut þar svipuð örlög og móðir hennar sem drukknaði fyrir slysni í baðkeri á Beverly Hilton hótelinu í Beverly Hills 11. febrúar 2012, daginn fyrir Grammy-verðlaunahátíðina sem Whitney hafði hlakkað til að sækja.

Bobbi Kristina andaðist úr lungnabólgu þann 26. júlí 2015 og hafði þá legið í dauðadái í hálft ár. Hún var ekki nema 22 ára þegar hún kvaddi jarðvistina, en lífi hennar voru gerð skil í sjónvarpsmynd 2017 og heimildarmynd 2021. ■

Arnar Már að vonum ánægður eftir að hafa tekið á móti viðurkenningu sinni í Grikklandi á dögunum. MYND/AÐSEND

Fimm stjörnur til Arnars

Arnar Már Ólafsson, afreksþjálfari Golfklúbbs Kópavogs og Garðabæjar og PGA-golfkennari, hefur á skömmum tíma tekið á móti tveimur viðurkenningum fyrir störf sín en Arnar hefur í mörg ár verið í fremstu röð í afreksþjálfun atvinnukylfinga. 2

Guðmundur Hilmarsson
gummih
@frettabladid.is

Um síðustu helgi fékk Arnar æðstu viðurkenningu CPG-samtakanna en það eru regnhlífarsamtök sem 40 PGA-samtök víðs vegar um Evrópu koma að. Arnar fékk svokallaða fimm stjörnu viðurkenningu frá samtökunum en það er æðsta viðurkenning sem PGA-samtökin veita PGA-kennara sem hefur helgað sig þjálfun kylfinga um áratuga skeið.

„Ég er mjög ánægður, hrærður og stoltur með þessa viðurkenningu. Þetta kom mér mjög á óvart enda eru nöfn á listanum sem hafa fengið þessa viðurkenningu miklar fyrirmyndir," segir Arnar, sem veitti verðlaununum viðtöku við hátíðlega athöfn í Costa Navarino, sem er afar skemmtilegt og fallegt golfsvæði í Grikklandi.

Góð auglýsing fyrir íslenskt golf

Arnar segist líta svo á að þessi viðurkenning sé staðfesting á því að hann hafi staðið sig vel og starf hans í gegnum árin hafi verið mjög mikilvægt. „Þetta er líka góð auglýsing fyrir íslenskt golf og við höfum alveg efni á því monta okkur smá með það hvað við höfum náð góðum árangri," segir Arnar Már.

Ekki alls fyrir löngu var svo Arnar valinn golfkennari ársins í þriðja skipti á síðustu fjórum árum og í fjórða skipti í sögunni en tilkynnt var um valið á aðalfundi PGA á Íslandi. Arnar hefur kennt og þjálfað kylfinga í áratugi bæði á Íslandi og í Þýskalandi. Hann var sæmdur gullmerki Golfsambands Íslands árið 2012 fyrir störf sín í hreyfingunni og fyrir að tryggja Golfkennaraskóla PGA fulla viðurkenningu innan samtaka PGA í Evrópu.

„Það er gaman að fá viðurkenningar fyrir störf sín og að fá þessi verðlaun hér heima er alltaf mjög skemmtilegt. Þarna er ég valinn af öðrum golfkennurum og það er heiður að fá þau. Þegar ég er í afreksmálunum og er að þjálfa Guðmund Ágúst, Bjarka, Huldu Klöru, Aron Snæ og fleiri þá fæ ég athygli en við hjá PGA ættum að vera miklu duglegri að hrósa fólki. Bara eins og Ragnhildi Sigurðardóttur og Magnúsi Birgissyni, sem hafa verið óendanlega dugleg við að koma fólki í golf og David Barnwell, sem hefur kennt börnum golf til fjölda ára frá því hann kom til landsins. Þetta fólk á svo sannarlega skilið klapp á bakið."

Arnar útskrifaðist úr sænska PGA-golfkennaraskólanum árið 1991 og varð þar með fyrsti lærði golfkennari landsins. Hann var afreksþjálfari hjá Golfklúbbnum Keili í nokkur ár, var í tvo áratugi við störf í Þýskalandi en flutti aftur heim árið 2006. Hann var unglingalandsliðsþjálfari og er einn af stofnendum Golfkennaraskóla PGA á Íslandi, sem hann stýrir í dag, en yfir 60 PGA-kennarar hafa lokið námi frá skólanum á Íslandi með fullgild PGA-golfkennararéttindi og 50 nemendur stunda þar nám um þessar mundir.

Síðustu ár hefur hann verið afreksþjálfari hjá GKG jafnframt því sem hann kemur að þjálfun atvinnukylfinganna Guðmundar Ágústs Kristjánssonar, Arons Snæs Júlíussonar og Bjarka Péturssonar. Arnar Már segir að stofnum Golfkennaraskólans sé einn af hápunktunum sem standi upp úr á 40 ára ferli hans sem golfkennara.

„Ég held að þessi viðurkenning sem ég fékk í Grikklandi sé fyrst og fremst vegna skólans. Forsagan að stofnun hans er sú að það voru örfáir kennarar. Við vorum sex talsins en allir gömlu góðu landsliðs- og afrekskylfingarnir voru farnir að kenna vegna þess að það var svo mikil eftirspurn eftir kennslu. Við sáum fram á að það yrði vesen í framtíðinni að vera með tvo hópa, sem lærða kennara og ólærða.

Einhver varð að taka það að sér að koma golfkennaraskóla á laggirnar og mönnum tókst að sannfæra mig um að gera það. Ég byrjaði að undirbúa þetta verkefni í kringum 2005. Skólinn fór af stað 2006 og við útskrifuðum fyrsta hópinn 2008. Ári síðan fengum við viðurkenningu frá PGA í Evrópu. Skólinn hefur gengið vel og núna erum við komin með félag, sem telur 130 manns úti um allt land, sem er að hjálpa fólki að byrja í golfi og hjálpa krökkum að æfa. Okkur vantar í félagið afreksþjálfara. Þeir eru of fáir en það stendur vonandi til bóta," segir Arnar.

Mikil breyting á kennslunni

Arnar segir að golfkennslan hafi tekið miklum breytingum í gegnum árin og ekki síst með tilkomu golfhermanna.

„Það hefur orðið svakalega mikil breyting á kennslunni þar sem golfhermarnir hafa spilað stórt hlutverk. Þetta er að færast meira og meira inn í það að kennslan fari fram í ákveðnu boxi. Það gefur okkur tækifæri að vera með þetta sem heilsárssport og það má segja að hér hjá okkur í GKG sé nú meira að gera á veturna heldur en á sumrin. Við vitum eiginlega ekki hvar þessi þróun mun enda en þetta er mjög spennandi," segir Arnar og bætir því við að tækin sem golfkennarar vinni með í dag séu þannig að það sjáist strax í þeim hvað er að gerast með kylfu og bolta kylfingsins og næsta skref sé að fá svör við hvað líkaminn geri.

Arnar er bjartsýnn á framtíð golfsins á Íslandi og spurður hvort hann geti séð fyrir sér fleiri íslenska kylfinga komast á stærstu sviðin segir hann:

„Tölfræðin segir okkur að það sé ekki möguleiki fyrir okkur en að við skulum þó vera með einn inni á efsta stigi í Evrópu er frábært. Við munum aldrei verða með marga á þessum stóru sviðum enda er samkeppnin gríðarlega hörð. En það skiptir okkur mjög miklu máli að eiga góðar fyrirmyndir eins og Guðmund Ágúst og Bjarka. Þeir eru duglegir að spila með krökkunum og gefa til baka. Við þurfum að gefa svolítið í kvennamegin þó svo við eigum frábærar fyrirmyndir eins og þær Guðrúnu og Ragnhildi. Við höfum gert heilmikið en við þurfum að bæta í. Það er alltaf samtal milli okkar í PGA og Golfsambandsins um þessa hluti og við reynum að vinna eins vel saman og hægt er."

Er söngvari í hljómsveit

Þó svo að golfið taki drjúgan tíma og hafi gert það í tugi ára reynir Arnar Már eftir fremsta megni að sinna fjölskyldu og vinum en það eru ekki allir sem vita að hann er í hljómsveitinni Flying Elbows en nafnið er skírskotun í golfsveiflu, hvað annað!

„Þetta er mitt hobbí og það hefur stækkað töluvert síðan við byrjuðum fyrir rúmu ári síðan. Við höfum spilað mikið, haldið tónleika og farið í stúdíó og ég hef haft virkilega gaman af þessu," segir hinn hárprúði Arnar, sem er söngvari hljómsveitarinnar og spilar auk þess á rytmagítar. Efnistökin hjá hljómsveitinni eru oftar en ekki klassískt rokk en Arnar og félagar munu næst troða upp á Dillon þann 18. þessa mánaðar. ■

Arnar, fyrir miðju, með þjálfarateymi sínu hjá GKG. Frá vinstri: Andrés Jón Davíðsson, Ástrós Arnarsdóttir, Aron Snær Júlíusson og Íris Lorange Káradóttir.
FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Hljómsveitin Flying Elbows en söngvari hennar er Arnar Már.

Arnar Már að leiðbeina ungum kylfingum í glæsilegri aðstöðu GKG í Garðabæ.
FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

> Ég er mjög ánægður, hrærður og stoltur með þessa viðurkenningu. Þetta kom mér mjög á óvart.

Arnar Már með Guðmundi Ágústi Kristjánssyni sem tekur þátt í sterkustu mótaröð í Evrópu.

Allt er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Umsjónarmenn efnis: **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | **Guðmundur Hilmarsson,** gummih@frettabladid.is s. 550 5766 | **Sandra Guðrún Guðmundsdóttir,** sandragudrun@frettabladid.is, s. 550 5762 | **Starri Freyr Jónsson** starri@frettabladid.is, s. 550 5767 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768

Útgefandi: Torg ehf

Ábyrgðarmaður: Jón Þórisson

Sölumenn: **Arnar Magnússon,** arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, **Ruth Bergsdóttir**, ruth@frettabladid.is, s. 694 4103.

Hættur að finna til í hnjánum

Gunnar Freyr Steinsson hefur notað Glúkósamín & Kondróitín frá Natures Aid í dágóðan tíma og með einstökum árangri. Hann mælir með þessu bætiefni fyrir öll þau sem finna fyrir eymslum í liðum.

Glúkósamín er í hópi efna sem líkaminn framleiðir sjálfur og nýtir sér til gagns en sú framleiðsla minnkar þó með aldrinum. Glúkósamín byggir upp brjósk og gagnast því vel við hinum ýmsu kvillum sem tengjast liðum. Inntaka glúkósamíns í formi bætiefna eykur framboð þess í líkamanum sem þýðir að viðgerðarhæfni hans eykst umfram það sem annars væri mögulegt. Bætiefnablanda af glúkósamíni og kondróitíni er talin hafa afar hvetjandi áhrif á brjóskfrumur í ræktun en hvort efnið um sig gæti gagnast hinum mikla fjölda fólks sem þjáist af fjölda kvilla tengdum liðum.

Eitt af algengustu vandamálum stoðkerfisins eru eymsli í liðum

Ýmislegt getur haft áhrif á liðheilsu okkar og er því mikilvægt að huga að ákveðnum þáttum sem geta haft jákvæð áhrif og jafnvel dregið úr eymslum. Eitt af algengustu vandamálum stoðkerfisins eru eymsli í liðum. Mismunandi er í hvaða liðum eymsli koma fram en oft og tíðum eru hné eða fingur hvað verst. Margir finna einnig fyrir eymslum í mjöðmum og ökklum. Til að koma í veg fyrir eða fyrirbyggja slíka kvilla er mikilvægt að stunda reglulega hreyfingu við hæfi, styrkja vöðva í kringum liðina og huga vel að hollu og fjölbreyttu mataræði. Að auki getur verið góður kostur að taka inn blöndu af glúkósamíni og kondrótíni í formi bætiefna sem hefur jákvæð áhrif á liðina.

Orðinn allt annar í hnjánum

„Liðeymsli í hnjám er ættgengur kvilli, mamma og báðir bræður hennar hafa öll farið í hnjáliðaskipti á báðum fótum, einnig móðurafi minn, svo ég þykist vita hvað bíður mín," segir Gunnar Freyr sem hefur glímt við mikil eymsli í hnjám og notað Glúkósamín & Kondróitín-formúluna frá Natures Aid í dágóðan tíma.

„Fyrir fimm árum var ég orðinn það slæmur í hnjánum að ég staulaðist um eins og gamalmenni, þá ekki nema 43 ára. Tengdaforeldrar mínir bjuggu á fjórðu hæð í lyftulausu húsi og ég kveið því að heimsækja þau vegna þess hversu vont mér þótti að ganga tröppurnar. Mér fannst ansi vont að ganga upp tröppurnar en talsvert verra að ganga niður þær. Þá var ég farinn að þurfa að ganga á hlið til

Gunnar Freyr hætti að finna til í hnjánum aðeins þremur vikum eftir að hann fór að taka inn bætiefnið. MYND/AÐSEND

að finna minna til," segir Gunnar Freyr sem fór alltaf í góðar hnéhlífar ef hann vissi að hann þyrfti að ganga eitthvað að ráði.

„Svo gerist tvennt seinna um sumarið. Annars vegar fer ég að hjóla af nokkrum krafti, nokkuð sem ég hafði ekki gert nema í mjög litlum mæli síðan ég var kannski 13 ára, og hins vegar fór ég að taka inn Glúkósamín & Kondróitín hylkin, tvö á dag," segir Gunnar Freyr.

„Þremur vikum eftir að ég byrjaði að innbyrða hylkin fórum við í heimsókn til tengdaforeldra minna. Þegar ég var kominn niður um eina eða tvær hæðir áttaði ég mig á því að ég gekk eðlilega og fann engin óþægindi í hnjánum. Allar götur síðan hef passað upp á taka inn hylkin daglega. Þegar ég hef farið í ferðalög, hvort sem það er innanlands eða erlendis, hef ég ekki alltaf nennt að hafa hylkin meðferðis en þá er eins og við manninn mælt að ég finn heldur betur fyrir því í hnjánum. Þá eykst þreytupirringur í hnjánum, óþægindi og almenn vanlíðan og það þótt ég sé ekki endilega að ganga mikið og þreyta hnén. Þetta fylgir mér ef ég gleymi að taka inn hylkin, sama hvort ég sé mikið á ferðinni eða einungis heima í afslöppun," segir Gunnar Freyr og kveðst afar þakklátur fyrir tilkomu Glúkósamíns & Kondróitínformúlunnar í sína daglegu rútínu þar sem líðan hans í hnjám er mun betri.

» Síðan árið 1981 hefur Natures Aid sérhæft sig í framleiðslu á hágæðabætiefnum en þeirra helsta markmið er að vera alltaf einu skrefi á undan á sviði náttúru- og jurtaefna.

Frábært bætiefni fyrir liðina

Glúkósamín & Kondróitín formúlan frá Natures Aid er vel samsett liðbætiefnablanda þar sem tekið er á fjölmörgum þáttum sem tengjast gjarnan eymslum og óþægindum í liðum. Auk glúkósamíns inniheldur blandan kondróitín súlfat sem er byggingarefni brjósks og geta þessi tvö efni verið afar góð saman fyrir liðina.

Dagskammtur inniheldur 1.000 mg af glúkósamíni og 200 mg af kondróitíni, ásamt engifer, túrmeriki, C-vítamíni og rósaldini. Engifer og túrmerik eru rætur sem hafa lengi verið þekktar fyrir heilsueflandi eiginleika sína og C-vítamín stuðlar að eðlilegri myndun kollagens fyrir eðlilega starfsemi brjósks. ■

Glúkósamín & Kondróitín er öflug liðbætiefnablanda frá Natures Aid.

Þvagþörfin kom aftur með Hvannarrót

Birna Dís Ólafsdóttir er tveggja barna móðir sem upplifði óheppileg óþægindi eftir að hún eignaðist seinna barn sitt sem tekið var með keisara. Eftir fæðinguna missti hún alla þvagþörf. Hún uppgötvaði þá ICEHERBS Hvannarrót og vandamálið hvarf fljótt.

Birna Dís er þakklát fyrir að hafa kynnst ICEHERBS Hvannarrótinni. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

„Ég hef verið að taka ICEHERBS Hvannarrót í um það bil hálft ár. Það er komið ár síðan ég fór í keisara og átti seinna barnið mitt en eftir hann þá missti ég þvagþörfina þannig að ég fann aldrei fyrir því þegar ég þurfti að pissa," útskýrir Birna Dís.

„Þetta gerðist ekki eftir að ég átti fyrsta barnið mitt með keisara. En eftir seinni fæðinguna kom upp smá vesen með þvaglegginn eftir keisarann og í kjölfarið byrjaði þetta vandamál. Það var ekkert mál að pissa í sjálfu sér, en af því ég fann ekki fyrir því þá þurfti ég alltaf að muna eftir því að fara á klósettið á ákveðnum tímum. Stundum liðu kannski átta tímar þegar ég áttaði mig á því að ég var ekkert búin að pissa þann daginn sem hefði geta leitt til enn stærri vandamála."

Eins og gefur að skilja fannst Birnu Dís þetta vandamál mjög óþægilegt og vildi leita lausna.

„Ég var orðin frekar örvænting-arfull yfir þessu og fór að skoða hvort ég gæti tekið einhver vítamín eða bætiefni sem gætu hjálpað. Ég ákvað að lesa utan á vítamín frá ICEHERBS og sá að hvannarrót ætti að hafa áhrif á þvagblöðruna svo ég ákvað að prófa."

Trúði ekki hvað hún lagaðist fljótt

Birna Dís segir að eftir að hún byrjaði að taka inn ICEHERBS Hvannarrót hafi hún mjög fljótt fundið þvagþörfina koma aftur.

„Mig minnir að ég hafi fundið mun eftir svona viku. Ég gefst yfirleitt mjög fljótt upp á að taka inn bætiefni, en af því að ég fann mun svona snemma þá hélt ég áfram að taka þau inn. Ég trúði því varla að hvannarrótin hefði þessi áhrif þar sem mér fannst þetta gerast svo hratt. Ég ákvað að hætta að taka hana inn eftir eitt glas, en þá bara hvarf þvagþörfin aftur. Ég fór þess vegna að taka hana inn aftur og hef haldið mig við það síðan."

Birna Dís þekkti aðeins til bætiefnanna frá ICEHERBS og hafði meðal annars verið að taka inn Astaxanthin og fleiri bætiefni frá því merki.

„Ég hef verið hrifin af vörunum þeirra og þess vegna valdi ég hvannarrótina frá þeim. Ég hef því miður ekki alltaf verið nógu dugleg að taka inn bætiefni, en af því að ég finn hvað ICEHERBS Hvannarrótin virkar vel þá hef ég passað upp á að taka hana daglega," segir hún og bætir við að hún myndi pottþétt mæla með ICEHERBS Hvannarrótinni fyrir konur sem upplifa sama vandamál.

Hvannarrót frá ICEHERBS

ICEHERBS Hvannarrót er úr íslenskri ætihvönn, sem heitir á latínu Angelica archangelica. Ætihvönn hefur sterkar rætur sem búa yfir miklum krafti og rótin á plöntunni virðist vera virkari og hafa mun meiri örvandi áhrif en aðrir hlutar plöntunnar. Hvannarrótin frá ICEHERBS er þurrkuð og möluð hvannarrót í hylkjum úr jurtabeðmi, sem gerir vöruna 100% náttúrulega.

Ætihvönn er ein þekktasta nytja- og lækningajurtin sem notuð var á Íslandi og víðar í Norðurálfu til forna, en hún vex aðallega á norðlægum slóðum eða hátt til fjalla í Evrópu. Allir hlutar plöntunnar hafa verið nýttir í gegnum tíðina en rótin var einna mest notuð til lækninga þar sem styrkleikar hennar hafa alltaf verið vel þekktir.

Jurtin er þekkt fyrir að vinna gegn einkennum ofvirkrar þvagblöðru og getur viðhaldið heilbrigði þvagblöðru og þvagrás. Sýnt hefur verið fram á að notkun hvannar geti fækkað salernisferðum og þar með haft jákvæð áhrif á svefn og um leið bætt daglegt líf. Áhrif hvannarrótar eru margvísleg og fyrir utan jákvæð áhrif hennar á þvagblöðru hefur hún lengi verið notuð við hvers kyns meltingarvandamálum, til að örva meltingu og draga úr uppþembu og lofti í maga. Dagleg inntaka hefur mikil jákvæð áhrif á líðan fólks.

Á seinni árum hafa svo verið gerðar miklar vísindalegar rannsóknir á virkni og efnainnihaldi ætihvannar sem hafa leitt í ljós að sú virkni sem kennd hefur verið við hvönnina í þúsundir ára er sannanleg og að ætihvönnin sé einkar virk og öflug jurt. ■

Hvannarrótin frá ICEHERBS fæst í öllum apótekum og heilsuvöruverslunum, Hagkaupum, Nettó og Fjarðarkaupum. Sjá nánar á iceherbs.is.

Leitað í smiðju bandarískra tónskálda

Kórverk nokkurra höfuðtónskálda Bandaríkjanna verða í aðalhlutverki tónleikaraðar sem Kammerkór Norðurlands stendur fyrir í marsmánuði.

starri@frettabladid.is

Guðmundur Óli Gunnarsson, stjórnandi Kammerkórs Norðurlands, er lengst til vinstri í fremstu röð í hvítri skyrtu. Ásgeir Böðvarsson, formaður stjórnar kórsins og einn kórfélaga, er lengst til hægri á mynd. MYND/AÐSEND

Kammerkór Norðurlands heldur fimm tónleika í marsmánuði undir heitinu „Sound of Silence" en fyrstu tveir tónleikarnir verða í dag og á morgun sunnudag. Á tónleikunum verða flutt nokkur af glæsilegustu nýrri kórverkum höfuðtónskálda Bandaríkjanna auk þjóðlaga, trúarlegra laga og þekktra popplaga í nýjum og metnaðarfullum útsetningum.

„Kammerkór Norðurlands hefur í gegnum tíðina lagt mesta áherslu á flutning íslenskrar kórtónlistar og auðgað hana allnokkuð með verkum sem kórinn hefur pantað hjá íslenskum tónskáldum," segir Guðmundur Óli Gunnarsson, stjórnandi kórsins sem hefur gefið út þrjá geisladiska.

Leitað á önnur mið

Að þessu sinni var hins vegar ákveðið að leita á önnur mið og niðurstaðan varð að einskorða efnisvalið við bandaríska kórtónlist. „Leitað var í smiðju þeirra tónskálda sem hafa verið hvað mest áberandi á þeim vettvangi vestra á undanförnum árum. Má þar nefna tónskáldin Eric Whitacre, Jake Runestad, René Clausen, Ola Gjeilo og Morten Lauridsen."

Þau verk sem heilluðu mest og urðu fyrir valinu eiga það sameiginlegt að vera flest nokkuð stór í sniðum að sögn Guðmundar auk þess að gera miklar kröfur til flytjenda þar sem oftar en ekki er um að ræða áttraddaðan kór og krefjandi einsöngshlutverk í sumum þeirra að auki.

> **Til að auka á breidd efnisskrárinnar voru valdar útsetningar þekktra bandarískra þjóðlaga og popplaga en þar flytjum við meðal annars lög eftir Paul Simon og Billy Joel.**
>
> Guðmundur Óli Gunnarsson

Margslungin raddskipan

„Verkin eiga það þó jafnframt sameiginlegt að vera mjög aðgengileg áheyrnar. Til að auka á breidd efnisskrárinnar voru valdar útsetningar þekktra bandarískra þjóðlaga og popplaga en þar flytjum við meðal annars lög eftir Paul Simon og Billy Joel. Útsetningar þessara laga kallast á við hin nýrri verk með margslunginni raddskipan þar sem möguleikar blandaða kórsins eru nýttir með margvíslegum hætti ekki síður en gert er í hinum nýrri verkum."

Tónleikarnir um helgina verða í dag í Selfosskirkju og á morgun sunnudag í Guðríðarkirkju í Reykjavík. Helgina 18.–19. mars heldur kórinn tónleika í Egilsstaðakirkju og í Tónlistarmiðstöð Austurlands á Eskifirði. Lokatónleikarnir verða svo í Hofi á Akureyri þann 25. mars.

Gefandi að syngja í kór

Kammerkór Norðurlands var stofnaður haustið 1998 en kórfélagar eru víða af Norðurlandi. Flestir þeirra eru menntaðir söngvarar og tónlistarfólk sem gerir kórnum kleift að æfa í skorpum og vinna markvisst þrátt fyrir dreifða búsetu segir Ásgeir Böðvarsson, formaður stjórnar Kammerkórs Norðurlands og einn kórfélaga. „Að jafnaði æfum við því heila helgi í hverjum mánuði og þess á milli æfir hver og einn heima hjá sér."

Hann segir einstaklega gefandi að syngja í kór. „Maður verður að einbeita sér að verkefnunum og gleymir því venjulegu daglegu amstri og áhyggjum. Fjöldi rannsókna hefur sýnt fram á aukin lífsgæði tengd því að hlusta á eða skapa tónlist og ég er ekki í vafa um heilsubætandi áhrif tónlistar."

Það að syngja saman hefur um aldir verið stór þáttur í félagslegri þátttöku á Íslandi að hans sögn. „Mér finnst reyndar líklegt að almennt hljóðfæraleysi okkar Íslendinga gegnum aldirnar hafi knúið okkur til að nota eina hljóðfærið sem til var, sem auk þess sem það var alltaf „með í för" þegar fólk hittist."

Spennandi tónleikar í vændum

Þegar þessari tónleikaröð lýkur taka við önnur spennandi verkefni. „Við höfum reynt að kynna verkefni okkar sem víðast um landið. Venjulega er Kammerkór Norðurlands með þrjú verkefni á hverju ári auk samvinnuverkefna við aðra kóra eða annað tónlistarfólk. Til dæmis stendur til að flytja Magnificat eftir John Rutter núna um páskana á Selfossi með Sinfóníuhljómsveit Suðurlands og Kirkjukór Selfosskirkju og Skagfirska Kammerkórnum. Það verður nú ekki leiðinlegt!"

Verkefnið er styrkt af Tónlistarsjóði. Allir tónleikarnir hefjast klukkan 16. Miðasala fer fram á Tix.is. ■

FRÉTTABLAÐIÐ

Atvinnublaðið job

Mest lesna atvinnublað Íslands*

Sölufulltrúar: Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is 550 5625, Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is 550 5621

*Neyslukönnun Gallups 2018, allt land, 18-80 ára

Atvinnublaðið
— Mest lesna atvinnublað Íslands —

FINNDU RÉTTA STARFSKRAFTINN

Beinn sími: 550 5625

Sölufulltrúar:
Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is
Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is

Lögfræðingur Viðskiptaráðs

Viðskiptaráð auglýsir eftir öflugum og metnaðarfullum einstaklingi í starf lögfræðings ráðsins. Starfið krefst frumkvæðis og hæfileika til að laga sig að fjölbreyttum og krefjandi verkefnum.

Helstu verkefni

- Gerð umsagna um lagafrumvörp
- Seta í nefndum og ráðum fyrir hönd ráðsins
- Lögfræðileg ráðgjöf
- Umsjón útgáfu á sviði stjórnarhátta fyrirtækja
- Umsjón með Gerðardómi Viðskiptaráðs
- Aðstoð við greiningarvinnu ráðsins
- Aðkoma að alþjóðlegu samstarfi
- Önnur tilfallandi dagleg skrifstofustörf

Menntunar- og hæfniskröfur

- Embættispróf eða grunn- og meistarapróf í lögfræði
- Viðeigandi starfsreynsla
- Grunnþekking á efnahagsmálum og atvinnulífi
- Góð greiningar- og aðlögunarhæfni
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti á íslensku og ensku
- Framúrskarandi hæfni í teymisvinnu og mannlegum samskiptum
- Nákvæmni og sjálfstæði í vinnubrögðum

Umsóknir sendist á starfsumsokn@vi.is fyrir 1. apríl 2023.

Nánari upplýsingar veitir Svanhildur Hólm Valsdóttir, framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs, svanhildurholm@vi.is, sími: 510-7100.

Viðskiptaráð

Lögfræðingur

Lífeyrissjóður verzlunarmanna

Lífeyrissjóður verzlunarmanna leitar að lögfræðingi til starfa á lögfræðisviði sjóðsins sem skipað er þremur lögfræðingum. Sviðið veitir stjórn, framkvæmdastjóra og sex sviðum sjóðsins lögfræðiráðgjöf og vinnur að margþættum viðfangsefnum og hagsmunagæslu. Meðal verkefna eru túlkun og framkvæmd laga og reglna varðandi starfsemi sjóðsins, samningagerð, ráðgjöf varðandi stjórnarhætti, umsjón með samþættingu sjálfbærni í starfseminni og ýmis umsýslustörf.

Helstu verkefni:

- Þjónusta og samstarf við eignastýringu, áhættustýringu og önnur svið sjóðsins.
- Túlkun og framkvæmd laga, m.a. á sviði verðbréfaréttar, félagaréttar og samkeppnisréttar.
- Aðkoma og umsjón með samningagerð, m.a. varðandi innlend og erlend eignasöfn sjóðsins.
- Umsjón með útvistunarsamningum sjóðsins.
- Önnur verkefni á lögfræðisviði.

Hæfniskröfur:

- Haldgóð starfsreynsla sem nýtist í starfi.
- Meistaragráða / embættispróf í lögfræði.
- Færni til að afla sér nýrrar þekkingar og aðlagast breytingum í starfsumhverfi.
- Próf í verðbréfaréttindum er kostur.
- Skipulögð vinnubrögð, sjálfstæði og frumkvæði í starfi.
- Hæfni í samskiptum og fagleg framkoma.
- Gott vald á íslensku og ensku í rituðu og töluðu máli.

LV er leiðandi lífeyrissjóður sem styður við fjárhagslega framtíð sjóðfélaga. Starfsemin felst í margvíslegum verkefnum varðandi móttöku iðgjalda, ávöxtun og annarri umsýslu eignasafna og þjónustu við sjóðfélaga. Á liðnu ári greiddi sjóðurinn rúma 26 milljarða í lífeyri til ríflega 22 þúsund sjóðfélaga. Fjármunir sjóðfélaga eru ávaxtaðir með gagnsæjum og ábyrgum hætti með samfélagslega ábyrgð að leiðarljósi. Eignir LV eru ávaxtaðar í fimm eignasöfnum og námu 1.173 milljörðum króna í árslok 2022.

Hjá sjóðnum starfar 58 manna samhent liðsheild þar sem hver og einn nær að nýta hæfileika sína og þekkingu til að sinna krefjandi verkefnum. Áhersla er lögð á fagleg vinnubrögð, þverfaglegt samstarf, góð samskipti, frumkvæði og hæfni til að laga sig að síbreytilegu umhverfi.

LV býður upp á góða starfsaðstöðu og starfsumhverfi þar sem áhersla er meðal annars lögð á jafnrétti og jafnvægi milli vinnu og einkalífs. LV hefur hlotið jafnlaunavottun.

JAFNLAUNAVOTTUN 2022 - 2025

Umsóknarfrestur er til og með 14. mars nk.

Sótt er um starfið á **www.vinnvinn.is**.

Umsókn skal fylgja ferilskrá og ítarlegt kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur um hæfni viðkomandi til að gegna starfinu.

Umsjón með starfinu hefur Jensína K. Böðvarsdóttir (jensina@vinnvinn.is) og Garðar Óli Ágústsson (gardar@vinnvinn.is).

vinnvinn
RÁÐNINGAR \ RÁÐGJÖF



Framkvæmdastjóri

Viltu gera höfuðborgarsvæðið að eftirsóknarverðum áfangastað?

Við óskum eftir að ráða öflugan einstakling í starf framkvæmdastjóra Markaðs- og áfangastaðastofu höfuðborgarsvæðisins. Hér er um að ræða nýtt og spennandi starf sem felur m.a. í sér að móta nýja starfsemi á heimsmælikvarða. Leitað er að drífandi og skipulögðum leiðtoga sem býr yfir framúrskarandi samskiptahæfni og skapandi hugsun.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Ábyrgð á stjórnun og daglegum rekstri
- Samskipti og samstarf við stjórnvöld og hagsmunaaðila
- Umsjón og eftirfylgni með ferðamálaþingi og öðrum fundum, kynningum og ráðstefnum
- Mótun, innleiðing og eftirfylgni með starfs- og fjárhagsáætlun
- Mótun, innleiðing og eftirfylgni með áfangastaðaáætlun
- Umsjón með markaðssetningu og kynningu svæðisins
- Stefnumótun, vöruþróun og nýsköpun í samstarfi við ferðaþjónustuna

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi, framhaldsmenntun er æskileg
- Reynsla og þekking á stjórnun, verkefnastjórnun og gagnagreiningu
- Reynsla og þekking á stefnumótun og áætlanagerð
- Reynsla og þekking á markaðsmálum
- Góð þekking á höfuðborgarsvæðinu og ferðaþjónustu
- Góð samskiptahæfni og skipulögð vinnubrögð
- Góð færni til tjáningar í ræðu og riti á íslensku og ensku
- Frumkvæði, drifkraftur og sjálfstæð vinnubrögð

Markaðs- og áfangastaðastofa höfuðborgarsvæðisins er ný sjálfseignarstofnun sem sett er á fót í samstarfi sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu og Ferðamálasamtaka höfuðborgarsvæðisins.

Umsóknarfrestur er til og með **20. mars 2023**. Umsókn óskast fyllt út á **www.intellecta.is** og þarf henni að fylgja ítarleg starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og hæfni umsækjanda sem nýtist í starfi. Allar umsóknir eru trúnaðarmál og verða nöfn umsækjenda ekki birt opinberlega.

Nánari upplýsingar veitir Sigríður Svava Sandholt (sigridur@intellecta.is) í síma 511 1225. Áhugasamir einstaklingar, óháð kyni, eru hvattir til að sækja um starfið.

intellecta
Ráðgjöf | Ráðningar | Rannsóknir

Framkvæmdastjóri Austurbrúar

Ertu reyndur stjórnandi með góða leiðtogahæfileika og innsýn í stjórnsýslu?

AUSTURBRÚ
Þekking - þróun - þjónusta

Leitað er að drífandi og reyndum leiðtoga í stjórnunarstarf sem byggir m.a. á miklum samskiptum við stjórnvöld á öllum stigum stjórnsýslunnar, stofnanir og fyrirtæki í nærumhverfi og á landsvísu, hagsmunasamtök og aðra þá sem tengjast starfsemi stofnunarinnar.

Helstu verkefni og ábyrgð:

- Ábyrgð á daglegum rekstri og stjórnun starfsemi Austurbrúar, SSA og annarra tengdra félaga
- Ábyrgð á framkvæmd ákvarðana stjórna
- Ábyrgð á framkvæmd fjárhagsáætlana, starfsáætlana og stefnumörkunar
- Ábyrgð á framkvæmd samningsbundinna verkefna Austurbrúar og SSA
- Hagsmunagæsla fyrir landshlutann og eftirfylgni svæðisskipulags Austurlands
- Samskipti og samstarf við hagaðila s.s. sveitarfélög, stofnanir, atvinnulíf og aðra hagaðila
- Undirbúningur stjórnarfunda og úrvinnsla eftir þá
- Ráðgjöf við stjórn

Helstu menntunar- og hæfniskröfur:

- Mjög góð þekking á Austurlandi, samfélagi og atvinnulífi
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi, framhaldsmenntun er kostur
- Farsæl reynsla af stjórnun, rekstri og mannaforráðum
- Mjög góð samskipta- og leiðtogahæfni og færni til að hvetja aðra til árangurs
- Reynsla af stefnumótunarvinnu og áætlanagerð í umfangsmiklum verkefnum
- Þekking og reynsla af byggðamálum og málaflokkum stofnunarinnar er æskileg
- Þekking og reynsla af opinberri stjórnsýslu er æskileg
- Framsýni, lausnamiðuð hugsun, útsjónarsemi og jákvætt viðmót
- Heiðarleiki og gott orðspor
- Gott vald á íslensku og ensku í ræðu og riti

Austurbrú er sjálfseignarstofnun sem starfar í stoðþjónustu á Austurlandi. Stofnunin er verkefnastofa sem vinnur að framgangi víðtækra og þverfaglegra verkefna í þágu Austurlands. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Framkvæmdastjóri getur haft aðsetur á hverri af starfsstöðvum Austurbrúar en búseta á Austurlandi er skilyrði.

Umsóknarfrestur er til og með **12. mars 2023.** Umsókn óskast fyllt út á **www.intellecta.is** og þarf henni að fylgja ítarleg starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og hæfni umsækjanda sem nýtist í starfi. Allar umsóknir eru trúnaðarmál og verða nöfn umsækjenda ekki birt opinberlega.

Nánari upplýsingar veitir Sigríður Svava Sandholt (sigridur@intellecta.is) í síma 511 1225. Áhugasamir einstaklingar, óháð kyni, eru hvattir til að sækja um starfið.

intellecta
Ráðgjöf | Ráðningar | Rannsóknir

Sérfræðingur á upplýsinga-tækni- og tölvudeild

Múlaþing óskar eftir að ráða sérfræðing á upplýsingatækni- og tölvudeild í 100% framtíðarstarf.

Starfið er laust frá og með 1. apríl nk.

Um er að ræða spennandi tækifæri fyrir þau sem hafa áhuga á umsýslu með tölvukerfum og stafrænni umbreytingu sveitarfélagsins. Á upplýsingatækni- og tölvudeild starfa 3 einstaklingar sem vinna saman í teymi.

Frekari upplýsingar um starfið má finna á heimasíðu Múlaþings, **www.mulathing.is** undir **Störf í boði**, eða á starfasíðu sveitarfélagsins hjá Alfreð.

Nánari upplýsingar veitir Óðinn Gunnar Óðinsson skrifstofustjóri í síma 860-2905 eða á netfangið odinn.gunnar.odinsson@mulathing.is

Umsóknarfrestur er til 5. mars.

JAFNLAUNAVOTTUN 2022 - 2025
FKA 2022

Múlaþing
Sími 4 700 700
mulathing@mulathing.is
mulathing.is

Vilt þú leiða nýja nálgun verkefnastjórnunar?

Verkefnastjóri umbóta hjá Vegagerðinni

Vegagerðin auglýsir eftir verkefnastjóra umbóta. Um nýtt starf er að ræða og því einstakt tækifæri til þess að koma að mótun og þróun á því.
Verkefnið er að innleiða breytingar á aðferðarfræði verkefnastjórnunar og leiða uppsetningu og notkun á verkefnastjórnunarkerfi í allri starfsemi Vegagerðarinnar sem er stærsta framkvæmdastofnun ríkisins. Byggt er á undirbúningsvinnu sem staðið hefur yfir um nokkurt skeið. Starfið tilheyrir deild stafrænna innviða og ferla, sem heyrir beint undir forstjóra Vegagerðarinnar.

Starfssvið
Viðkomandi mun leiða umbótaverkefni í faglegri verkefnastjórnun í teymisvinnu þvert á Vegagerðina. Starfið felur í sér umsjón með innleiðingu og þjálfun starfsmanna í framtíðar verkefnastjórnunarumhverfi Vegagerðarinnar, ásamt öðrum stærri umbótaverkefnum innan Vegagerðarinnar.

Menntunar- og hæfniskröfur
- Háskólanám sem nýtist í starfi
- Vottun í verkefnastjórnun MPM eða sambærilegu námi er kostur
- Reynsla af verkefnastjórnun skilyrði
- Mjög góð hæfni í mannlegum samskiptum
- Hæfni til að vinna sjálfstætt sem og í teymisvinnu
- Lausnamiðuð hugsun, frumkvæði og faglegur metnaður
- Skipulögð og öguð vinnubrögð í starfi
- Góð íslensku- og enskukunnátta

Vegagerðin er eftirsóknarverður vinnustaður, stærsta framkvæmdarstofnun landsins með gríðarlega fjölbreytta verkefnaflóru.

Áhugasamir einstaklingar, án tillits til kyns, eru hvattir til að sækja um.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Björgvin Brynjólfsson (bjorgvin.brynjolfsson@vegagerdin.is) forstöðumaður stafrænna innviða og ferla.

Umsóknarfrestur er til og með 16. mars 2023.

Sótt er um laus störf á heimasíðu Vegagerðarinnar, www.vegagerdin.is

ÁS STYRKTARFÉLAG

Forstöðumaður á nýju heimili á Seltjarnarnesi

Fjölbreytt, krefjandi og skemmtilegt starf

Óskað er eftir forstöðumanni til starfa á heimili fólks með fötlun í nýjum íbúðakjarna að Kirkjubraut 20 á Seltjarnarnesi. Um er að ræða 100% starf.

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Umsóknafrestur er til 15. mars, 2023.

Helstu verkefni og ábyrgð:
- Að þjónusta og starfsemi sé í samræmi við lög, reglugerðir, stefnu og verkferla félagsins
- Fjárhagsleg ábyrgð á rekstri heimilisins, stjórnun og starfsmannahaldi
- Að vinna eftir innri gæðaviðmiðum og kröfulýsingu heimilisins
- Einkafjármunir íbúa og hússjóður samkvæmt umboði
- Meðferð gagna og upplýsinga sé í samræmi við lög sem þeim tilheyra
- Innra faglegt starf og þjónusta við íbúa
- Að vinna einstaklingsmiðaðar þjónustuáætlanir með íbúum
- Samstarf við íbúa, aðstandendur og aðra samstarfsaðila

Hæfnikröfur:
- Þroskaþjálfamenntun og starfsleyfi sem þroskaþjálfi eða önnur sambærileg háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Að minnsta kosti 5 ára starfsreynsla
- Starfið krefst þekkingar á málefnum fatlaðs fólks og rík áhersla er lögð á hugmyndafræði og fagleg vinnubrögð
- Reynsla af starfsmannahaldi og stjórnun er nauðsynleg
- Góð samskiptafærni í töluðu og rituðu máli og sjálfstæð vinnubrögð
- Krefst tölvufærni ásamt góðrar íslensku og enskukunnáttu
- Frumkvæði, sjálfstæði og leiðtogafærni

Umsækjandi þarf að geta tekið virkan þátt í innra starfi félagsins og haft stefnu þess og góða starfshætti að leiðarljósi. Starfið veitir tækifæri til að taka þátt í fjölbreyttum og spennandi verkefnum í samvinnu við góðan starfsmannahóp.

Nánari upplýsingar veitir Erna Einarsdóttir í síma 414-0500 á virkum dögum.
Atvinnuumsókn sendist á erna@styrktarfelag.is.
Upplýsingar um félagið má finna á www.styrktarfelag.is

Laun eru samkvæmt gildandi kjarasamningum Áss styrktarfélags.
Ás styrktarfélag hefur fengið vottun á jafnlaunakerfi sitt samkvæmt ÍST 85:2012.

Við hvetjum áhugasama, óháð kyni og uppruna að sækja um.

Atvinnublaðið
— Mest lesna atvinnublað Íslands —

FINNDU RÉTTA STARFSKRAFTINN

Beinn sími: 550 5625

Sölufulltrúar:
Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is
Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is

Net- og kerfisstjóri

Við leitum að netstjóra með ríka öryggisvitund og metnað til að takast á við spennandi verkefni í uppbyggingu grunninnviða á sviði upplýsingatækni. Netstjóri ber ábyrgð á víðnetum (WAN) og staðarnetum (LAN) Landsnets og hefur umsjón með daglegum rekstri upplýsingatæknikerfa Landsnets.

Hlutverk Landsnets er að annast flutning raforku og stjórnun raforkukerfisins á Íslandi. Stjórnkerfi raforkukerfisins á Íslandi byggir á rekstraröryggi net- og tölvukerfa og því er um krefjandi og ábyrgðarmikið starf að ræða. Upplýsingatækni gegnir lykilhlutverki í framþróun fyrirtækisins og framundan eru krefjandi og skemmtileg verkefni í samstarfi við innlenda og erlenda birgja.

Næsti yfirmaður er Ásmundur Bjarnason, forstöðumaður upplýsingatækni.

Helstu verkefni
- Uppsetning, uppfærslur og rekstur tölvuneta
- Viðhald og eftirlit með eldveggjum
- Eftirlit með afköstum og rekstraröryggi netkerfa
- Eftirfylgni með þróun og nýjungum í netkerfum
- Daglegur rekstur, viðhald og eftirlit með netþjónum og tölvubúnaði
- Markviss vinna að aukningu rekstraröryggis upplýsingakerfa
- Þátttaka í þróun og smíði upplýsingakerfa skv. upplýsingastefnu Landsnets

Hæfniskröfur
- Nám í tölvunarfræði, kerfisfræði eða sambærilegt nám eða reynsla
- Þekking á Cisco búnaði
- Þekking á NGFW er mikill kostur
- Reynsla af kerfisstjórnun í Microsoft/Linux umhverfi er kostur
- Góð samskiptafærni og geta til að vinna í teymi
- Sjálfstæð og öguð vinnubrögð og jákvætt viðhorf

Sérfræðingur í gagnateymi

Við leitum að einstaklingi til að koma inn í stækkandi gagnateymi og þróa gagnadrifna framtíð Landsnets. Teymið hefur það að markmiði að auka sjálfvirkni í störfum og bæta gagnadrifna þjónustu byggða á sögulegum og rauntíma upplýsingum fyrir innri og ytri starfsemi Landsnets.

Gagnateymið er sjálfstætt, framsækið og tileinkar sér þau vinnubrögð að deila ábyrgð. Viðkomandi fær því tækifæri til að vinna með fjölbreytt gögn, fjármála- og markaðsupplýsingar, orku- og landupplýsingar og koma gögnum til hagnýtingar til aukinnar sjálfvirkni og bættrar ákvarðanatöku.

Næsti yfirmaður er Sverrir Jan Norðfjörð, framkvæmdastjóri stafrænnar þróunar og gagna.

Helstu verkefni
- Vinna í rekstri og þróun á gagnagrunnum, vöruhúsum og rauntíma gangavinnslum
- Greining, hönnun og útfærsla á gagnadrifnum lausnum
- Almenn úrvinnsla, meðhöndlun og samþætting gagna úr ólíkum kerfum
- Virk þátttaka í þróun á gagnastefnu Landsnets
- Þjónusta starfsfólk Landsnets með gagnanotkun

Hæfniskröfur
- Nám í verkfræði, tölvunarfræði, stærðfræði eða sambærilegt nám eða reynsla
- Þekking í gagnagrunnsforritun (s.s. SQL, Python) og gagnavinnslu (t.d. tímaraðargreiningu, spá, gervigreind, bestun o.fl.)
- Góð reynsla af rekstri gagnagrunnsumhverfis
- Staðgóð þekking á gagnagrunnsfræðum og greiningartólum
- Góð samskiptafærni og geta til að vinna í teymi
- Sjálfstæð og öguð vinnubrögð og jákvætt viðhorf

Umsóknarfrestur er til og með 19. mars nk. Sótt er um starfið á landsnet.is.

Við hvetjum öll áhugasöm til að sækja um óháð uppruna, aldri eða kyni. Umsókn þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem þú segir okkur af hverju þig langar til að bætast í hópinn. Nánari upplýsingar veitir Jason Már Bergsteinsson, mannauðssérfræðingur, **mannaudur@landsnet.is**. Öllum umsóknum verður svarað og farið með þær sem trúnaðarmál.

Við erum lykilinnviður þjóðarinnar og allt okkar starf snýst um að flytja orku sem drífur áfram lífsgæði og sköpunarkraft samfélagsins til framtíðar. Við leggjum áherslu á virðingu, samvinnu og ábyrgð. Við erum framsækið þekkingarfyrirtæki sem býður kraftmiklu starfsfólki spennandi verkefni við aðstæður þar sem umhyggja, jafnrétti og öryggi eru í fyrirrúmi.

Landsnet | Gylfaflöt 9 | 112 Reykjavík | Sími 563 9300 | landsnet@landsnet.is | www.landsnet.is

LANDSNET

Óskum eftir starfsfólki í útkeyrslu á Akureyri

Við leitum að samviskusömum aðila með bílpróf. Góð laun í boði.

Vinnutími

Þriðjudagar til laugardags frá kl. 07.00 til kl. 13.00

Frí á sunnudögum og mánudögum.

Sendið umsóknir og fyrirspurnir um starfið á arnarm@torg.is

FRÉTTABLAÐIÐ

Þátttakandi í íslensku atvinnulífi í meira en 50 ár

hagvangur.is

HAGVANGUR

Við leiðum fólk saman

BBA//Fjeldco óskar eftir að ráða lögfræðing á skattasvið

BBA//Fjeldco er leiðandi lögmannsstofa á Íslandi og á sviði fjármála- og fyrirtækjalögfræði. Við óskum eftir öflugum einstaklingi í okkar teymi og í boði er krefjandi og metnaðarfullt starf í alþjóðlegu vinnuumhverfi. Fyrirtækið er með skrifstofur í Reykjavík og í London ásamt starfsemi í Frakklandi.

// Hæfniskröfur

- Að minnsta kosti tveggja ára reynsla á skattasviði.
- Reynsla á sviði fyrirtækja- og fjármálalögfræði er kostur.
- Góð enskukunnátta er skilyrði.
- Sjálfstæð vinnubrögð.
- Frumkvæði í starfi.
- Hæfni til að vinna í krefjandi vinnuumhverfi og undir miklu álagi.

Umsóknir berist á umsokn@bbafjeldco.is. Umsóknarfrestur er til og með 17. mars 2023.

BBA // FJELDCO

HAGVANGUR

HH RÁÐGJÖF

HH RÁÐGJÖF
www.hhr.is
Sími: 561 5900
hhr@hhr.is

VANTAR ÞIG STARFSMANN

Atvinnuauglýsing hjá HH Ráðgjöf kostar aðeins 24.500 kr.*

og þú getur notað ráðningarkerfið okkar til að vinna úr umsóknum

Fjöldi umsækjenda á skrá

ÓDÝRT, EINFALT OG SKILVIRKT

*Verð er án vsk.

Sveitarfélagið Stykkishólmur

Bærinn við eyjarnar

Skólastjóri

grunnskóla og tónlistarskóla í Stykkishólmi

Leitað er að leiðtoga með mikinn metnað fyrir menntun barna og unglinga og sem hefur framsækna sýn á skólastarf og hlutverki stjórnendateymisins við skólana og samvinnu þess. Lögð er áhersla á öfluga skólaþróun, hvetjandi starfsumhverfi fyrir nemendur og starfsfólk og samstarf við aðila skólasamfélagsins.

Skólastjóri er yfirmaður skólanna, mótar og viðheldur staðblæ og menningu með tilstyrk starfsfólks og nemenda. Hann veitir faglega forystu og leiðir framsækið og skapandi skólastarf í samræmi við grunnskólalög, aðalnámskrá grunnskóla og tónlistarskóla, ásamt skólastefnu sveitarfélagsins 2022-2027.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Dagleg stjórnun samrekins grunn- og tónlistarskóla.
- Leiða stjórnendateymi grunn- og tónlistarskóla.
- Ábyrgð gagnvart bæjarstjórn á að skólastarf sé í samræmi við lög, reglugerðir og gildandi aðalnámsskrá og skólastefnu hverju sinni.
- Ábyrgð á viðvarandi undirbúningi þróunar og stefnumörkunar.
- Forysta um þróun og umbætur í skólastarfinu og stefnumótun.
- Ábyrgð á mannauðsmálum.
- Ábyrgð á skólanámskrá skólanna, árlegri starfsáætlun, rekstraráætlun og öðrum áætlunum um skólastarfið.
- Skipulagning og stjórn skólaráðsfunda.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Réttur til að nota starfsheitið kennari og reynsla af skólastarfi á grunnskólastigi eða í tónlistarskóla.
- Stjórnunarreynsla og leiðtogahæfni.
- Menntun í stjórnun eða sérhæfð hæfni skv. 5. gr. laga nr. 95/2019.
- Reynsla og þekking þar sem sérstök áhersla er lögð á sérhæfða hæfni sem snýr að skólaþróun, stjórnun, rekstri og stjórnsýslu er æskileg.
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum og samstarfi.
- Frumkvæði, fagmennska, skipulagshæfni og nákvæmni.
- Skýr framtíðarsýn í skólamálum.
- Góð íslenskukunnátta í ræðu og riti.

Ráðið verður í stöðuna frá og með 1. ágúst 2023

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðeigandi stéttarfélags

Í umsókn skal greina frá menntun og fyrri störfum, hæfni út frá hæfnikröfum starfsins og öðru því sem umsækjandi telur máli skipta og varpað getur ljósi á færni og hæfni hans til að sinna stöðu skólastjóra. Umsókninni skal fylgja kynningarbréf, ferilskrá, sakavottorð og samantekt þar sem fram koma hugmyndir umsækjanda um skólastarfið og þróun þess.

Allir einstaklingar óháð kyni, eru hvattir til að sækja um starfið.

Umsóknarfrestur er til og með 6. mars 2023.
Eingöngu er hægt að sækja um starfið í gegnum ráðningarvefinn Alfred.is.

Nánari upplýsingar um starfið veitir:
Jakob Björgvin Sigríðarson, bæjarstjóri,
jakob@stykkisholmur.is sími 433 8100.

Stykkishólmur stendur við Breiðafjörð á norðanverðu Snæfellsnesi og er bæjarstæðið einstaklega fallegt. Um 1.300 manns búa í Sveitarfélaginu Stykkishólmi en bærinn er í um tveggja klukkustunda akstursfjarlægð frá höfuðborgasvæðinu. Þjónustustig er gott í Stykkishólmi og státar sveitarfélagið af ríkulegu íþrótta- og tómstundastarfi fyrir fólk á öllum aldri og rótgrónum mennta- og menningarstofnunum.

Í Grunnskólanum í Stykkishólmi stunda um 170 nemendur nám við 1.-10. bekk. Lögð er áhersla á jákvæðan og skemmtilegan skólabrag. Tónlistarskóli Stykkishólms hefur starfað óslitið frá 1964 og við hann starfar Lúðrasveit Stykkishólms sem stofnuð var 1944. Nemendur tónlistarskólans eru um 100 manns.

Gott samstarf er milli skólastiga í Stykkishólmi auk samstarfs við Fjölbrautaskóla Snæfellinga í Grundarfirði.

ÍSAFJARÐARBÆR

Tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020

Íbúðarbyggð á landfyllingu norðan Eyrar

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar samþykkti þann 5. janúar 2023 að auglýsa skv. 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga 123/2010 og skv. lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021 á breytingartillögu á Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020, dags. 2. desember 2022, uppdráttur og greinargerð unnin af Verkís ehf. f.h. Ísafjarðarbæjar, ásamt umhverfismati áætlana, vegna íbúðarbyggðar á landfyllingu norðan Eyrar í Skutulsfirði.

Breytingartillagan og umhverfismatsskýrsla verða til sýnis á bæjarskrifstofunum að Hafnarstræti 1, Ísafirði frá og með mánudeginum 6. mars nk. til miðvikudagsins 19. apríl 2023 og hjá Skipulagsstofnun við Borgartún 7b í Reykjavík. Tillagan er einnig til sýnis á heimasíðu sveitarfélagsins, www.isafjordur.is .

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við breytingartillöguna til **fimmtudagsins 20. apríl 2023.**
Skila skal athugasemdum á bæjarskrifstofur Ísafjarðarbæjar eða á skipulag@isafjordur.is .

Bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar

Erum við
að leita **að þér?**

ÚTBOÐ

Nýr Landspítali

UPPSTEYPA BÍLAKJALLARA OG TENGIGANGA VIÐ HRINGBRAUT

ÚTBOÐ 21729

Nýr Landspítali ohf. óskar eftir tilboðum í verkið:
Uppsteypa bílakjallara undir Sóleyjartorgi og tengigangar

Afmörkun verkefnis
Um er að ræða opið útboð með skilgreindum takmörkunum um þátttöku. Um útboðið gildir ÍST 30:2012 Almennir útboðs- og samningsskilmálar um verkframkvæmdir.

Verkið er liður í uppbyggingu nýs Landspítala við Hringbraut. Það innifelur uppsteypu bílakjallara, á tveimur hæðum, ásamt tengigöngum.

Heildarflatarmál bygginganna er áætlað 7.500 m2.
Um er að ræða almennt útboð að ræða eins og því er lýst í 2. gr. laga um opinber innkaup nr. 120/2016.

Fyrirspurnir varðandi verkefni 21729 skulu sendar rafrænt í gegnum TendSign og verða svör birt þar.

Fyrirspurnartími rennur út **31. mars 2023.**
Tilboðum skal skila í gegnum útboðskerfið Tendsign.is fyrir **kl. 10:00 föstudaginn 14. apríl 2023.**

Allar nánari upplýsingar um ferlið og útboðsskilmála er að finna gjaldfrjálst í útboðskerfinu TendSign, á vefslóðinni https://tendsign.is/.

Leiðbeiningar um skráningu og skil á tilboðum er hægt að nálgast á heimasíðu Ríkiskaupa.

Sjá nánar á www.utbodsvefur.is

Borgartúni 26, 105 Reykjavík
Sími 530 1400
www.rikiskaup.is

RÍKISKAUP

RÍKISKAUP

AUGLÝSA EFTIRFARANDI EIGN TIL SÖLU:

AÐALGATA 4, 621 DALVÍK

Eignin verður sýnd þriðjud 14. mars á milli kl. 16:30 - 17:30

Fasteignin er 6-7 herbergja einbýlishús á tveimur hæðum með sambyggðum skúr, alls 188,3 m2.
Eign sem þarfnast viðhalds, bæði að innan sem utan. Eignin er á góðum stað á Hauganesi með fallegu útsýni.

Verð: 20.000.000,-

Frekari upplýsingar um eignirnar má finna á heimasíðu Ríkiskaupa, www.rikiskaup.is

Borgartúni 26, 105 Reykjavík
Sími 530 1400
www.rikiskaup.is

RÍKISKAUP

Atvinnublaðið

— Mest lesna atvinnublað Íslands —

ÚTBOÐ

Ný útboð í auglýsingu hjá Reykjavíkurborg:

- **Hálsaskógur/ Borg, endurgerð lóðar 2023**
  - 2. áfangi, útboð nr. 15762
- **Suðurborg, endurgerð lóðar 2023**
  - 1. áfangi, útboð nr. 15763
- **Tjörn/Tjarnarborg, endurgerð lóðar 2023**
  - 1. áfangi, útboð nr. 15764
- **Borgaskóli, endurgerð lóðar 2023**
  - 1.áfangi, útboð nr. 15765
- **Málun 2023 í hverfum 1,2 og 3 í fasteignum Reykjavíkurborgar,** útboð nr. 15771
- **Málun 2023 í hverfum 4 og 5 í fasteignum Reykjavíkurborgar,** útboð nr. 15773
- **Múrverk 2023 í hverfum 1, 2, 3 og 4, 5 í fasteignum Reykjavíkurborgar,** útboð nr. 15774

Nánari upplýsingar er að finna á www.reykjavik.is/utbod

Reykjavíkurborg
Innkaupaskrifstofa
Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík
Sími 411 1111
Netfang: utbod@reykjavik.is

AVH
ARKITEKTÚR · VERKFRÆÐI · HÖNNUN

ÚTBOÐ

Dalvíkurbyggð óskar eftir tilboðum í endurbætur utanhúss við Leikskólann Krílakot við Karlsrauðatorg 23, Dalvík.

Endurnýja skal utanhússklæðningu, glugga og hurðir í hluta hússins.

Verktími er frá maí til október 2023.

Ósk um afhendingu rafrænna útboðsgagna skal senda á netfangið avh@avh.is og verða þau afhent frá og með fimmtudeginum 9. mars 2023.

Tilboð skulu berast rafrænt á netfangið avh@avh.is fyrir kl. 11:00 föstudaginn 24. mars og verða tilboðin opnuð kl. 14:00 sama dag í Ráðhúsinu á Dalvík í fundarstofu á 3.hæð í viðurvist þeirra bjóðenda sem þess óska.

Bjóðendum mun gefast kostur á að fylgjast með opnun tilboða á fjarfundi óski þeir þess.

Auglýsing um tillögu að deiliskipulagi í Kópavogi

Leikskóli við Skólatröð. Deiliskipulag.
Bæjarstjórn Kópavogs samþykkti þann 10. janúar 2023 í samræmi við 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 að auglýsa tillögu að deiliskipulagi fyrir nýjan leikskóla við Skólatröð (Áður Vallartröð 12A). Deiliskipulagssvæðið sem er um 0,2 ha að stærð afmarkast af raðhúsalóðum við Vallartröð og Álfhólsveg til vesturs og norðurs. Raðhúsalóðum við Skólatröð til austurs og bæjarlandi/gönguleið til suðurs. Á lóðinni var áður starfræktur leikskóli í byggingum sem þegar hafa verði fjarlægðar.

Áætlað er að fyrirhuguð nýbygging verði um 650 m2 að flatarmáli og að byggingin verði á einni hæð. Gert er ráð fyrir að í leikskólanum verði þrjár deildir fyrir um 75 börn.
Miðað er við að aðkoma að leikskólanum verði eftir botnlanga frá Skólatröð og að bílastæði verði samnýtt með Kópavogsskóla eins og hefur verið undanfarin ár.
Tillagan er sett fram á uppdrætti í mkv. 1:1000 ásamt greinargerð og skýringarmyndum dags. 13. desember 2022. Tillögunni fylgir jafnframt umhverfismat dags. í desember 2022 og uppfært 26. janúar 2023 ásamt minnisblaði um umferð og aðkomu dags. 18. október 2022 og uppfært 1. febrúar 2023.

Ofangreind tillaga er aðgengileg á vef Kópavogsbæjar, www.kopavogur.is og í þjónustuveri Kópavogsbæjar að Digranesvegi 1 frá kl. 8:30 til 16:00 mánudaga til fimmtudaga og á föstudögum frá kl. 8:30 til 13:00. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillöguna. Athugasemdir og ábendingar skulu hafa borist skriflega til skipulagsdeildar Umhverfissviðs, Digranesvegi 1, 200 Kópavogi eða á netfangið skipulag@kopavogur.is eigi síðar en **kl. 16:00 miðvikudaginn 19. apríl 2023.**

Skipulagsfulltrúinn í Kópavogi.

Kópavogsbær

kopavogur.is

Þarftu að ráða starfsmann?

Ráðum sérhæfir sig í ráðningum og mannauðsráðgjöf. Við komum til móts við þarfir fyrirtækja og sérsníðum lausnir sem henta hverjum viðskiptavini.

ráðum
ráðningarstofa

RÁÐUM EHF • Sími 519 6770
www.radum.is • radum@radum.is

Fasteignaleitin

Ný og öflug fasteignaleit

Finndu réttu eignina fyrir þig á frettabladid.is

SKANNAÐU KÓÐANN

Fasteignablaðið

Fasteignablað Fréttablaðsins kemur út alla þriðjudaga

frettabladid.is

FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.

Óðinsgötu 4, 101 Reykjavík

Sími 570 4500 • fastmark@fastmark.is • www.fastmark.is
Jón Guðmundsson lögg. fasteignasali
Guðmundur Th. Jónsson lögg. fasteignasali

2022 Fyrirmyndarfyrirtæki í rekstri

Jón Guðmundsson
Lögg. fasteignasali
jon@fastmark.is

Guðmundur Th. Jónsson
Lögg. fasteignasali
gtj@fastmark.is

Í TRAUSTUM HÖNDUM Í ÁRATUGI

Þórunnarstræti 114 – Akureyri
Heil húseign með 4 íbúðum

- 477,2 fermetra húseign með fjórum samþykktum 3ja og 4ra herbergja íbúðum á 1. og 2. hæð hússins auk möguleika á þremur íbúðum á jarðhæð / í kjallara.
- Eignin stendur á mjög góðum stað við Þórunnarstræti sem er miðsvæðis í Akureyrarbæ og í góðu göngufæri við sundlaugina og miðbæinn.
- Eignin var öll endurnýjuð að utan og innan árið 2022 og er í góðu ástandi.
- Eignin er tilvalin til útleigu til lengri eða skemmri tíma og gæti einnig hentað vel til kaups fyrir félagasamtök, starfsmannafélög eða aðila tengda ferðaþjónustu þar sem víst þykir að leyfi fáist til skammtímaleigu í húsinu.
- Eignin selst í heilu lagi eða í hlutum.

Nánari upplýsingar veittar á skrifstofu Fasteignamarkaðarins ehf. í síma 570-4500 eða á netfanginu: gtj@fastmark.is

Þingvallastræti 25 – Akureyri
Glæsileg eign á stórri lóð

- Hér er um að ræða um 350 fermetra einbýlishús á þremur hæðum með aukaíbúð í kjallara og gestaíbúð í bílskúr.
- Eignin sem er einstaklega falleg er teiknuð af Sigurði Guðmundssyni, byggð árið 1936, og hefur verið þó nokkuð mikið endurnýjuð.
- Eignin stendur á 1.390,0 fermetra lóð á mjög góðum stað miðsvæðis á Akureyri.

Nánari upplýsingar veittar á skrifstofu Fasteignamarkaðarins ehf. í síma 570-4500 eða á netfanginu gtj@fastmark.is

Bankastræti 8

- 138,7 fermetra verslunarhúsnæði á þessum eftirsótta og fjölfarna stað við Bankastræti 8 í Reykjavík.
- Í húsnæðinu hefur verið rekið kaffihús um langt árabil og hefur sá rekstur haft vínveitingaleyfi í eigninni.
- Stór opinn parketlagður veitingasalur / verslunarrými með góðri lofthæð og áberandi verslunargluggum út að Bankastræti. Innaf sal eru tvær snyrtingar og eldhús með útgengi á baklóð.

Fyrir liggur eignaskiptayfirlýsing um eignina frá árinu 2015 og í henni er vitnað í deiliskipulag fyrir reitinn frá árinu 2002. Skv. því deiliskipulagi má byggja eina hæð og ris ofan á Bankastræti 8.

Móabarð 24B - Hafnarfirði

Opið hús nk. mánudag 6. mars frá kl. 17.30 -18.00

- Vel skipulagt og þó nokkuð endurnýjað 189,1 fermetra 5-6 herbergja einbýlishús á einni hæð að meðtöldum 47,4 fermetra bílskúr við Móabarð 24B í Hafnarfirði. Eign sem hefur fengið gott viðhald í gegnum árin.
- Húsið er teiknað af Kjartani Sveinssyni og í því eru m.a. 3-4 svefnherbergi og stórar og bjartar stofur með fallegu útsýni. Snyrting er innaf bílskúr og því væri hægt að útbúa aukaíbúð í bílskúrnum.
- Húsið að utan var einangrað og steniklætt árið 1988 og þakjárn var endurnýjað árið 1996.
- Lóðin er með stórri steyptri og hellulagðri innkeyrslu. Tyrfðar flatir og trjágróður.
- Staðsetning eignarinnar er virkilega góð innst í botnlanga og frá húsinu nýtur fallegs útsýnis.

Verð 114,9 millj.

https://www.facebook.com/fastmark.is - https://www.instagram.com/fasteignamarkadurinn_ehf/

HH RÁÐGJÖF

HH RÁÐGJÖF
www.hhr.is
Sími: 561 5900
hhr@hhr.is

LEITAR ÞÚ AÐ STARFSMANNI?

HH Ráðgjöf hefur vönduð vinnubrögð og fagmennsku að leiðarljósi. Við leggjum metnað okkar í að veita afburðarþjónustu og að rétti einstaklingurinn finnist fyrir þá aðila sem nýta sér þjónustu okkar vegna ráðninga starfsfólks í allar tegundir starfa.

ATVINNUAUGLÝSING HJÁ HH RÁÐGJÖF KOSTAR AÐEINS *24.500 kr.**

Á Atvinnuvefnum geta fyrirtæki sett sjálf inn atvinnuauglýsingar og nýtt ráðningarkerfið okkar til að vinna úr umsóknum eða beint umsóknum á eigin síðu.

» Ódýrt
- Sanngjarnt lágt verð
- Einföld verðskrá

» Skilvirkt
- Flokkunarkerfi
- Aðstoð við textagerð
- Svarpóstar
- Viðbótarþjónustur
- Fjöldi umsækjenda á skrá

» Auðvelt í notkun
- Þú setur inn atvinnuauglýsingu í ráðningarkerfi
- Móttekur umsóknir í ráðningarkerfi
- Flokkar og vinnur úr umsóknum í ráðningarkerfi
- Svarar umsækjendum í ráðningarkerfi
- Ráðgjafar HH Ráðgjafar alltaf tiltaks ef á þarf að halda

Atvinnuauglýsingin þín birtist í Atvinnuappinu og á Atvinnuvef HH Ráðgjafar og dv.is

*Verð er án vsk.

FASTEIGNASALAN TORG
Áb. Sigurður Gunnlaugsson löggiltur fasteignasali



ÓSKAÐ ER EFTIR TILBOÐI



Fremristekkur 13, 109 Reykjavík

Stærð: 242 m² **Bókið skoðun hjá Hafdísi í síma 820 2222**

Glæsilegt einbýlishús miðsvæðis í höfuðborginni. Einstakt útsýni er yfir Elliðaárdal, borgina, Esjuna og allt út á Snæfellsnes.

Húsið var byggt 1971 en hefur verið endurhannað og endurbætt frá A-Ö. Húsið er teiknað af Kjartani Sveinssyni, Rut Káradóttir innanhússarktitekt hannaði allt innandyra, Logi Einarsson arkitekt teiknaði viðbygginu og Þráinn Haukson landslagsarkitekt hannaði lóðina. Lýsing innandyra og utan var unnin af Lumex og Smíðaþjónustan sá um smíði á innréttingum.

Húsið er skráð skv f.mr. 242 fm. og þar af er bílskúr 26,9 fm. Í húsinu eru m.a. tveir arnar, annar hefðbundinn í stofu en gas arinn í spa rými. Í spa rými og vinnustofu eru flísar úr indónesisku basalti. Vatnsgufa og heitur pottur í spa rými eru ennfremur lögð með sama basalt steini. Einstaklega góð staðsetning miðsvæðis á höfuðborgarsvæðinu þar sem örstutt er út á stofnbrautir og til allra átta.

Allar nánari upplýsingar veitir Hafdís Rafnsdóttir löggiltur fasteignasali
GSM 820 2222 - hafdis@fstorg.is





LOK Á HEITA POTTA

Framleiðum einangrunarlok og yfirbreiðslur á allar tegundir potta.
Metum ástand og gerum við.
www.fjardarbolstrun.is

Fjarðarbólstrun S. 561 4188 • 840 0339 • fjardarbolstrun@gmail.com

Atvinnublaðið
— Mest lesna atvinnublað Íslands —

FINNDU RÉTTA STARFSKRAFTINN

Beinn sími: 550 5625
Sölufulltrúar:
Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is
Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is

FRAMTALSAÐSTOÐ - BÓKHALDSÞJÓNUSTA

Bjóðum einstaklingum framtalsaðstoð og fyrirtækjum alhliða bókhalds og uppgjörsþjónustu.

Góð þjónusta á sanngjörnu verði.

Uppl. í síma 8548080/5168080
retta.is
olafur@retta.is

Rétta ráðgjafa- og bókhaldsþjónusta

GLUGGA GERÐIN

Gamli glugginn úr, nýi glugginn í ...svo einfalt er það

Nýsmíði á gluggum og hurðum, ásamt ísetningum og viðhaldi.

Hafðu samband og við metum ástandið.

Smiðjuvegur 12, rauð gata - S. 566 6630 - gluggagerdin@gluggagerdin.is

Létt og skemmtileg spænskunámskeið

Verða haldin í MÍR salnum á Hverfisgötu 105.
Kennarar eru Jakobína Davíðsdóttir og Carmen Nogales.
Meiri áhersla er lögð á tal og minni á málfræði. Námskeiðin standa í 4 vikur.
Boðið er upp á byrjendanámskeið og framhaldsnámskeið.

Byrjendanámskeið:
Mánudaga og miðvikudaga: 10:00 - 11:30
Þriðjudaga og fimmtudaga: 13:00 - 14:30
Mánudaga og miðvikudaga: 17:30 - 19:00
Mánudaga og miðvikudaga: 19:15 - 20:45

Framhaldsnámskeið spænska II:
Þriðjudaga og fimmtudaga: 17:30 - 19:00

Framhaldsnámskeið spænska III:
Þriðjudaga og fimmtudaga: 10:00 - 11:30

Framhaldsnámskeið spænska IV:
Mánudaga og miðvikudaga: 13:00 - 14:30

Við bjóðum einnig upp á einkatíma og stuðningstíma fyrir nemendur á menntaskólastigi.

Námskeiðin okkar byrja mánudaginn 6. mars og þriðjudaginn 7. mars og þeim lýkur svo fimmtudaginn 30. mars.

Verð á mann er 37.500 krónur.

Upplýsingar í síma 790 5033 eða spaenskuskolinnhablame@gmail.com

Facebook: Spænskuskólinn Háblame
Instagram: spaenskuskolinn_hablame

ER BÍLSÆTIÐ RIFIÐ ?



Bílsætaviðgerðir-, mótorhjóla og snjósleðasæti. Húsbílaklæðningar og öll almenn bólstrun. Við erum þekktir fyrir fljóta og góða þjónustu. Skoðið video af vinnslu á www.hsbolstrun.is

Formbólstrun

Hamraborg 5 Kóp, Hamrabrekkumegin S. 544 5750 www.hs@bolstrun.is

YESTA Ankaria tunika
Stærðir 44-60
Verð 11.980 kr

YEST/YESTA Síð skyrta
Fæst líka í Taupe
Stærðir 36-52
Verð 12.980 kr

YEST/YESTA
stuttermakjóll með pólokraga
Stærðir 38-56
Verð 10.980 kr

ZE ZE Sarah
kvartermakjóll með pífu
Stærðir 38-48
Verð 12.990 kr

YEST/YESTA gallabuxur
Fást líka í bleiku og Taupe
Stærðir 36-52
Verð 14.980 kr

yesta yest no secret Q'neel ROBELL ZHENZI ZE·ZE Nordic Que

ZE ZE Salma shiffon kjóll
Stærðir 38-48
Verð 9.990 kr

ZE ZE stuttur pífukjóll
Fleiri litir til
Stærðir 38-48
Verð 9.990 kr

ZE ZE tunika
Fleiri litir til
Stærðir 38-48
Verð 12.990 kr

ZHENZI Dalary tunika
Stærðir 42-52
Verð 10.990 kr

ZE ZE Sanne
ökklabuxur með rennilás á skálm
Fleiri litir til. Stærðir 34-48
Verð 11.990 kr

SUNDAY by Godske FRANDSEN festival DENMARK STUDIO Tamaris GOZZIP SANDGAARD HABELLA LASESSOR Jana

YESTA Hailya opin peysa
Fæst líka í ljósgrænu
Stærðir 44-56
Verð 12.980 kr

LASESSOR Minja herðaslá
Fleiri litir til
Verð 6.990 kr

LASESSOR Siri
létt herðaslá
Fleiri litir til
Verð 8.990 kr

LASESSOR Moomin
fjölnotapoki
Verð 2.990 kr

LASESSOR Moomin
sjálflýsandi endurskinsmerki
Fleiri gerðir til
Verð 2.590 kr

Verslunin Belladonna

belladonna

Líttu við á
belladonna.is

Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517 6460

Aflífun heilbrigðra gæludýra ekki eðlileg örlög

Dýrahjálp Íslands vinnur mikilvægt starf til að finna gæludýrum og dýrum á vergangi nýtt heimili. Samtökin eru með fósturheimilakerfi fyrir dýr í neyð en öflugir sjálfboðaliðar halda starfinu uppi að mestu leyti.

Sonja Stefánsdóttir, framkvæmdastjóri Dýrahjálpar Íslands, í göngu með hundinum sínum Öskju, sem fer orðið lengri göngur í bakpoka sökum gigtar. MYNDIR/AÐSENDAR

Dýrahjálp Íslands er með mikið af kanínum í heimilisleit.

Þetta er hin 6 ára Mandarína, hún leitar nýrra eigenda.

Spori er 10 ára gamall hundur sem missti eiganda sinn. Hann leitar nú að rólegu og góðu framtíðarheimili.

Margir hafa talað um að aukning hafi orðið á auglýsingum um gefins fullorðin gæludýr á samfélagsmiðlum undanfarið. Sonja Stefánsdóttir, framkvæmdastjóri Dýrahjálpar Íslands, segir að þau geti ekki talað um mikla aukningu á auglýsingum á heimasíðu þeirra, að öðru leyti en að þær hafa aukist um helming síðan Covid-eftirspurnin var sem mest árin 2020–2021.

„Árið 2022 er með svipaðar tölur og við vorum að sjá 2019, svo er spurning hvernig 2023 verður. Við höfum alltaf séð ákveðna árstíðabundna toppa, sérstaklega í kringum sumarið. Ég held að við séum að sjá ákveðna fjölgun núna sem við tökum sérstaklega eftir vegna þess að það var svo ótrúlega mikill fjöldi sem fékk sér gæludýr á þessum Covid-tíma og eftirspurnin var mun meiri en framboðið," segir Sonja.

„Fólk notaði greinilega tækifærið til að fá sér gæludýr þar sem það hafði tíma til að taka á móti því og sinna. Svo eins og gerist þá gengur sambúðin ekki alltaf upp eða aðstæður breytast hjá fólki og það þarf að finna dýrinu nýtt heimili og þegar svona mikill fjöldi fékk sér dýr á sama tíma þá tekur maður kannski meira eftir því þegar ákveðið hlutfall gengur ekki upp. Við teljum þó að hérlendis hafi aðstæður verið þannig í nokkur ár fyrir Covid og í gegnum það tímabil, að eftirspurn eftir gæludýrum var umtalsvert meiri en framboð og því hafi val á heimilum gengið betur en ef aðstæðurnar hefðu verið öfugar. Því erum við ekki að sjá sambærileg eftir-Covid áhrif og mörg önnur lönd eru að glíma við í dag."

Sonja segir að þau hjá Dýrahjálp Íslands finni aftur á móti fyrir að dýrum sem koma inn til þeirra með erfið atferlisvandamál eins og hljóðfælni, mikla hræðslu við umhverfið eða fólk eða árásargirni hafi fjölgað. Þetta eru vandamál sem þarf að vinna með, með aðstoð fagfólks. Eins segir hún að eftirspurn eftir dýrum hafi aðeins minnkað miðað við síðustu tvö ár.

Leitar fólk til ykkar ef það þarf að finna ný heimili fyrir gæludýrin sín?

„Já, fólk leitar mikið til okkar, sérstaklega þegar það er komið í mikinn vanda, oft erum við jafnvel síðasta úrræðið sem það hefur þegar það er að sækja um fósturheimili. Annars er fólk almennt að nýta sér heimasíðuna okkar sem góðan vettvang til að auglýsa dýrið sitt. Þar getur það sett inn ítarlega lýsingu á dýrinu sínu og fær í framhaldinu umsóknir frá fólki með upplýsingum um heimilishagi og þess háttar, sem getur hjálpað því að velja hentugt heimili fyrir dýrið sitt."

Fósturheimili fyrir dýr í neyð

Heimasíðan Dýrahjálpar Íslands er dyrahjalp.is en þar geta áhugasöm skoðað dýr í heimilisleit og boðið sig fram til að gefa dýri framtíðarheimili eða tímabundið fósturheimili. Fósturheimilakerfið virkar þannig að tekið er á móti dýrum í mikilli neyð og þau vistuð á fósturheimilum sem eru á skrá hjá Dýrahjálp, þar til framtíðarheimili finnst.

„Á þeim tíma fá öll dýrin skoðun hjá dýralæknum, geldingu, örmerkingu, bólusetningu og ormalyf eftir því sem þarf ásamt endurhæfingu ef þarf. Einstaklingar sem þurfa að leita til Dýrahjálpar vegna þess að fólk getur ekki lengur haft dýrin sín hjá sér má senda póst á dyrahjalp@dyrahjalp.is," segir Sonja.

Sandra Guðrún Guðmundsdóttir
sandragudrun@frettabladid.is

„Þá fer ákveðið ferli í gang þar sem eigandi þarf að afsala dýrinu til okkar og skrifa undir samninga þess efnis. Við byrjum yfirleitt á því að senda út beiðni á fósturheimili okkar og þegar við fáum hentugt fósturheimili og umsjónaraðila þá sækir umsjónaraðilinn dýrið til eiganda og fer með það á fósturheimilið," útskýrir hún og bætir við að hóflegt gjald sé tekið fyrir að taka við dýrum sem eiga að fara á fósturheimili en miðað er við að gjaldið sé lægra en aflífunargjald á dýralæknastofum.

„Þetta er gjald sem við tökum þar sem að við tökum alla ábyrgð á dýrinu og greiðum fyrir dýralæknakostnað, uppihald og fleira sem gæti komið upp á þeim tíma sem það er í okkar vörslu og ábyrgð. En aftur á móti kostar ekkert að auglýsa dýr á heimasíðunni okkar," bætir hún við.

„Gæludýr sem finnast úti þurfa aftur á móti að fara í gegnum ferli hjá sveitarfélaginu sem það finnst í, ber þeim alla jafna að auglýsa þau í ákveðinn tíma og er þeim svo heimilt að finna þeim heimili eða ráðstafa með öðrum hætti. Við höfum svo oftar en ekki tekið við dýrum sem enginn hefur gert tilkall til og fundið þeim heimili. Við höfum líka tekið við mikið af kanínum sem finnast úti, bæði gælukanínum sem hefur verið hent út af eigendum og kanínum fæddum úti, í samstarfi við félagið Villikanínur og Reykjavíkurborg."

Sonja segir að einnig hafi þau tekið við dýrum frá dánarbúum eftir að eigendur hafa látist.

„Dýr hafa mikla aðlögunarhæfni og geta vel notið sín á nýju heimili ef valið er vandað og þau fá heimili sem hentar þeim. Það er almennt ekki lengur litið á það sem eðlileg örlög gæludýra að þau séu aflífuð ef þau eru heilbrigð, ef eigandi fellur frá eða eigendur geta ekki lengur haft þau áfram."

Dýrið þarf tíma og næði

Það er margt sem þarf að huga að þegar stálpuð dýr, og ungviði auðvitað líka, skipta um heimili að sögn Sonju.

„Það fer bæði eftir tegundum, hundum, köttum, kanínum og svo framvegis. Svo er líka einstaklingsbundið hvernig dýrunum gengur að aðlagast nýju heimili. Oftast gengur það mjög vel og ef það eru byrjunarörðugleikar þá þarf bara að veita dýrinu tíma og næði. Mestu máli skiptir að reyna að lesa í atferli dýranna á nýja heimilinu og reyna að minnka streituna sem því fylgir, því dýrið veit auðvitað ekkert hvað er í gangi," segir hún.

„Það eru nokkur atriði sem við getum nefnt, til dæmis að fá leiðbeiningar frá fyrri eiganda um rútínur, lista með orðum sem notuð eru fyrir skipanir og önnur samskipti og hversu oft er matartími. Dýr eru oft ágætlega vanaföst og eiga auðveldara með umskiptin þegar sömu rútínu er haldið sem var á fyrra heimili."

Sonja nefnir einnig að lykt af fyrri eiganda sé oft róandi, svo „óhreinn" bolur má alltaf fylgja með til að leggja í bæli.

„Það er líka hægt að kaupa róandi lykt í spreybrúsum og öðrum umbúðum. Þar má nefna Adaptil fyrir hunda, Feliway fyrir ketti eða Pet Remedy. Það getur hjálpað við að minnkað stress vegna breytinga," segir hún.

„Svo er mikilvægt að hafa ró á heimilinu fyrstu dagana og ekki vera fá inn mikið af gestum eða slíku, leyfa dýrinu að fá ákveðinn aðlögunartíma þar sem það lærir á nýja heimilið og heimilið á dýrið."

> **Dýr hafa mikla aðlögunarhæfni og geta vel notið sín á nýju heimili ef valið er vandað.**

Nær eingöngu rekin á styrkjum

Dýrahjálp Íslands hefur nær eingöngu verið rekin á styrkjum og með sölu varnings. En í fyrrasumar fékk félagið langþráðan styrk frá matvælaráðuneytinu fyrir einu og hálfu stöðugildi til tveggja ára. Starfsmenn eru því tveir, einn í fullu starfi og annar í hálfu en auk þess starfa um það bil 65 sjálfboðaliðar fyrir samtökin, fyrir utan aðila sem eru skráðir með fósturheimili.

Sonja hefur verið hjá Dýrahjálp síðan 2010, fyrstu tólf árin sem sjálfboðaliði meðfram vinnu en var svo ráðin í fullt starf sem framkvæmdarstjóri þegar styrkurinn frá matvælaráðuneytinu fékkst.

„Í kjölfarið gátum við farið að vinna markvisst að því að sækja um styrki til að geta haldið áfram að vera með launaða starfsmenn en umfang starfseminnar var orðið svo mikið að það var ekki hægt að reka þetta eingöngu á sjálfboðaliðum," segir hún.

Sonja segir að hægt sé að styrkja Dýrahjálp með fjárframlögum inn á reikning 513-26-4311, kt. 620508-1010 eða í formi ýmissa vara/gjafa.

„Gæludýr.is á Smáratorgi hefur verið svo almennilegt að taka við dýratengdum vörum sem fólk vill gefa okkur, það þarf bara að passa að hafa það hreint/þvegið og merkja það vel „Dýrahjálp". Svo er hægt að styðja við okkur með því að kaupa varning af okkur þar sem við erum að selja í Kolaportinu, Verzlanahöllinni og af vefversluninni okkar," segir hún.

Dýrahjálp hefur verið með markað í Kolaportinu undanfarnar helgar og verður hann alla vega út marsmánuð.

„En vonandi gengur hann svo vel að við getum verið lengur." ■

Ofurkona sem keppir í þríþraut

Margrét Ágústsdóttir er ótrúleg ofurkona þegar kemur að hreyfingu. Hún stundar þríþraut og lætur ekki aldurinn stoppa sig. Til að verja liði tekur hún Active JOINTS frá Eylíf.

Margrét varð 65 ára í haust sem leið og tók þátt í hálfum járnkarli í Danmörku í fyrrasumar. Hún keppir í ár í Svíþjóð.

Margrét segist vera búin að stunda þríþraut í ellefu ár en því fylgir mikið álag á líkamann. „Á þessum aldri og eftir miklar líkamlegar æfingar í gegnum árin þurfti ég að finna eitthvað sem héldi liðamótunum góðum. Ég var búin að prófa ýmislegt þegar ég rambaði á Active JOINTS frá Eylíf fyrir svona tveimur árum. Síðan hef ég ekki fundið fyrir neinu í liðunum. Active JOINTS virkar svona vel fyrir mig. Þess vegna finnst mér í góðu lagi að mæla með því fyrir aðra. Ég vil að fólk viti af þessu fæðubótarefni," segir Margrét.

„Ég var farin að finna fyrir eymslum í liðunum eftir strangar æfingar, sérstaklega á morgnana þegar ég fór fram úr. Ég finn ekki fyrir því lengur. Að keppa og æfa mikið fylgir meiðslahætta. Ef það gerist þarf að slaka aðeins á, ég fer til sjúkraþjálfara og passa upp á mig," heldur Margrét áfram. „Fyrir tveimur árum náði ég mér í beinmar í hné og þarf stundum að nota spelku frá Össuri ef ég finn mikið fyrir því. Liðirnir eru fínir og það þakka ég Active JOINTS."

Byrjaði eftir fimmtugt

„Ég var komin yfir fimmtugt þegar vinnufélagi minn þáverandi kynnti mig fyrir þríþraut og ég kolféll fyrir íþróttinni. Mér fannst þetta ofboðslega skemmtilegt, góður félagsskapur og æfingarnar meiriháttar fyrir líkamann. Ég æfði mikið, 8 til10 tíma á viku. Ég féll vel í þennan hóp og fannst einstaklega gaman að keppa. Mér finnst alltaf gott að reyna á mig líkamlega," segir Margrét. „Þríþrautin samanstendur af sundi, hlaupi og hjólreiðum. Vegalengdirnar eru mislangar, allt frá sprettþraut sem ég klára á 45 mínútum upp í heilan járnkarl sem er 16 tíma vinna. Ég æfi og keppi með Þríþrautardeild Breiðabliks. Þríþrautin á hug minn allan og mig langar ekkert að hætta. Ég ætla að halda áfram svo lengi sem ég get og finnst gaman."

Tók þátt í járnkarli

Í fyrrasumar fór Margrét til Danmerkur og tók þátt í hálfum járnkarli. „Það var ótrúlega gaman. Keppnin felst í 1.900 metra sundi sem fram fór í höfninni á Helsingjaeyri. Síðan hjóluðum við í 90 kílómetra um Norður-Sjáland og hlupum síðan hálft maraþon í miðbæ Helsingjaeyrar. Þetta fannst mér óskaplega skemmtilegt. Við eigum að gera það sem við höfum ánægju af, sérstaklega þegar aldurinn færist yfir og ekki fyrir neinum að sjá nema okkur sjálfum."

Margrét segist reyna að hvíla einu sinni til tvisvar í viku. „Stundum eru æfingar tvisvar á dag," segir hún. Margrét keppir í sínum aldursflokki en hún viðurkennir að hópurinn sé ekki stór.

Það er merkilegt að Margrét var aldrei í íþróttum þegar hún var yngri. „Áhuginn vaknaði þegar ég var dregin inn í þetta komin yfir miðjan aldur," segir hún og hlær. „Ég fann strax hvað þetta var gaman og hentaði mér vel. Ég æfi þessar þrjár greinar sem þríþrautin er, en með fram því þarf ég að gera styrktaræfingar og teygjur. Það er afar mikilvægt," segir hún.

CrossFit í pásunni

Margrét tók líka þátt í sprettþraut sem fram fór í Reykjanesbæ. „Sprettþrautin er stysta vegalengdin, þá er synt 400 metra í sundlaug, hjólað 10 kílómetra og hlaupið 2,5 kílómetra," segir þessi ofurkona. „Næsta sumar fer ég svo í hálfan járnkarl í Svíþjóð með félögum mínum í Breiðabliki," segir Margrét sem hefur eignast marga vini í kringum sportið. „Þetta er svolítið extreme sport og hentar ekki öllum. Hins vegar ættu allir að reyna að finna eitthvað við sitt hæfi, hreyfing á þessum aldri er mjög mikilvæg þótt hún þurfi ekki að vera keppnis. Ég er orkumikil og finnst gaman að vera til. Þríþrautin gefur lífinu lit," segir hún.

Margrét tekur þrjú hylki af Active JOINTS frá Eylíf á morgnana eins og mælt er með. „Ég fann mjög fljótlega að liðleikinn varð allt annar. Ég er því ákveðin í að halda áfram að taka Active JOINTS. Mér finnst mikill plús að Active JOINTS er íslenskt fæðubótarefni með hreinum efnum úr okkar náttúruauðlindum."

Heilsan er dýrmætust

Vörulínan Eylíf býður upp á fimm frábærar heilsuvörur sem reynst hafa fólki vel. Þær eru Active JOINTS, Stronger BONES, Smoother SKIN & HAIR, Happier GUTS, og Stronger LIVER er nýjasta varan. Vörurnar eru framleiddar á Íslandi úr hreinum, íslenskum hráefnum og engum aukefnum er bætt við. Ólöf Rún Tryggvadóttir er stofnandi Eylíf.

„Hugmyndin að vörulínunni kom til vegna þess að mig langaði að setja saman þau frábæru hráefni sem framleidd eru á Íslandi á sjálfbæran hátt úr íslenskum, náttúrulegum auðlindum og auka þannig aðgengi fólks að þessum hráefnum," upplýsir Ólöf.

Framleiðslan fer fram á Grenivík og þróun varanna er í samstarfi við sérfræðinga frá Matís. „Vinsælasta varan okkar er Active JOINTS sem inniheldur fjögur íslensk næringarefni og sýna margra ára rannsóknir fram á jákvæð áhrif þeirra," segir Ólöf Rún.

„Við vöndum til verka, sækjum í sjálfbærar auðlindir úr sjó og af landi, og notum hreina, íslenska náttúruafurð og hrein hráefni sem eru framleidd af viðurkenndum íslenskum framleiðendum." Hráefni sem notuð eru í bætiefnin frá Eylíf eru ekki erfðabreytt. „Þau stuðla að heilbrigði og sveigjanlegri líkama því þá erum við færari um að takast á við verkefnin í dagsins önn. Við vitum öll að heilsan er okkur dýrmætust og því er svo mikilvægt að gæta vel að henni og fyrirbyggja ýmis heilsufarsvandamál. Heilbrigð melting er grunnur að góðri heilsu og þess vegna vildum við hjá Eylíf bjóða upp á hágæðavöru fyrir meltinguna," segir Ólöf Rún. ■

Eylíf vörurnar fást í öllum apótekum, Fjarðarkaupum, Hagkaup, Nettó, Heilsuhúsinu, Krónunni og Melabúðinni. Ókeypis heimsending ef keypt er fyrir 7.000 krónur eða meira á eylif.is

Vörulínan Eylíf býður upp á fimm frábærar heilsuvörur.

Fæðubótarefni kemur ekki í staðinn fyrir fjölbreytta fæðu. Ekki ætlað börnum né barnshafandi konum. Ekki er ráðlagt að taka meira en ráðlagður dagskammtur segir til um. Geymist þar sem börn ná ekki til.

Freistandi bakki með ostum, kexi, berjum, ávöxtum, hnetum, hráskinku, reyktum lax og foie gras.

Leyfum hugmyndafluginu að ráða hvaða krásir fara á veislubakkann.

Bakaður brie-ostur með mangó chutney er sælkeraréttur sem fáir standast.

Chili con Carne er veisluréttur sem hittir alltaf í mark og þessi nýstárlega útgáfa er einfaldlega ómótstæðileg.
MYNDIR/AÐSENDAR

Hér er ljúffengt, litríkt og brakandi ferskt andasalat með sumarívafi, toppað með friskandi appelsínudressingu.

Partíréttir sem steinliggja með Söngvakeppninni

Sjöfn Þórðardóttir
sjofn
@frettabladid.is

Fram undan í kvöld er Söngvakeppni og þá er lag að bjóða í gómsæta partírétti til að njóta með fjölskyldu og vinum.

Á sjónvarpskvöldum er gaman að vera með bragðmikla og fjölbreytta stemningsrétti sem auðvelt er að borða. Hér eru tillögur að réttum sem eiga eftir að kitla bragðlaukana og steinliggja í partíi eða á sjónvarpskvöldi.

Freistandi sælkerabakkar
Upplagt er að setja saman skemmtilegan osta- og sælkerabakka. Þá er fjölbreytnin ráðandi og alltaf freistandi að tefla saman ljúffengum ávöxtum, ostum, hráskinku, pistasíuhnetum og fleira góðgæti.

Á bakkanum hér á eftir er geitaostur, hráskinka, kryddpylsa, hrátt nautakjöt, brómber, hindber, blæjuber, vínber, kryddkurl, pistasíuhnetur, hrökkkex, perur, ferskja, reyktur lax og foie gras.

Með reykta laxinum er borinn fram sýrður rjómi sem er toppaður með steinselju og foie gras sem er toppað með grófum, svörtum saltflögum. Vert er að leyfa hugmyndafluginu að ráða hvað fer á bakkann og svo getur hver og einn valið sína uppáhalds osta, ávexti, sæta bita eða hvað eina sem hann langar til að bjóða upp á. Svo er lag að vera með bakaðan brie-ost með þessum sælkerabakka.

Ljúffengt andasalat

- 1 andalæri
- Ferskt blandað salat
- 2-3 mandarínur
- Hindber
- Ferskar sprettur
- 1 pera

Létt dressing:

- Sýður rjómi
- Safi úr appelsínu

Ferskt andasalat er kærkomið á þessum árstíma og tekur örskamma stund að útbúa. Rífið niður andakjöt og setið á bakka. Setjið blandað salat með, ásamt mandarínulaufum, hindberjum og ferskum sprettum. Salatið er svo toppað með perubitum og léttri dressingu með, sýrðum rjóma með appelsínukeim.

Bakaður brie-ostur með mangó chutney

- 1 stk. brie-ostur að eigin vali
- ½ krukka mangó chutney
- Valhnetur eftir smekk

Byrjið á að hita ofninn í 200°C. Setjið ostinn í eldfast mót eða litla pönnu sem má fara inn í bakarofn. Setjið mangó chutney yfir ostinn, hafið magnið eftir smekk og toppið ostinn með nokkrum valhnetum. Bakið í um það bil 15 mínútur eða þar til osturinn hefur bólgnað aðeins út án þess að opnast. Berið fram með súrdeigsbrauði eða kexi að eigin vali.

Chili Con Carne með nýrri útfærslu

- 500 g nautahakk
- 1 laukur, smátt skorinn
- 2–3 hvítlaukar (þessir í körfunni, geiralausir), smátt skornir
- 2 stk. ferskt rautt chili smátt skorið
- 1 tsk. chiliduft
- 1 tsk. paprikuduft
- 1 tsk. cumin
- 300 ml soðið vatn
- 1 msk. nautakraftur
- 1 dós niðurskornir tómatar
- 2 msk. tómatpúrra
- ½ tsk. oreganó
- 1 dós rauðar nýrnabaunir
- Salt og pipar eftir smekk

Meðlæti

- Tortillabátar eða mini tortillu
- Sýrður rjómi
- Nachos-flögur
- Rifinn mozzarellaostur

Byrjið á að steikja lauk við lágan hita á djúpri pönnu eða í potti þar til hann er orðinn mjúkur. Bætið þá hvítlauk, fersku chili, chilidufti, paprikudufti og cumin saman við.

Steikið nautahakkið á pönnu við háan hita og brúnið það.

> **Það er alltaf freistandi að tefla saman ljúffengum ávöxtum, ostum, hráskinku, hnetum og fleira góðgæti.**

Setjið hakkið síðan saman við laukinn og hitt hráefnið. Bætið við nautateningnum ásamt 300 ml af heitu vatni (getið forsoðið vatnið í tekatli), hellið því út á pönnuna/pottinn ásamt tómötum, tómatpúrru og oreganó. Látið malla í um það bil 20 mínútur.

Bætið þá nýrnabaunum saman við og látið malla í 10 mínútur til viðbótar. Saltið og piprið eftir smekk og bætið við chilikryddi ef þurfa þykir. Mikilvægt er að leyfa réttinum að standa í 10 mínútur áður en hann er borinn fram.

Þegar rétturinn er tilbúinn er lag að setja eina til tvær meðalstórar ausur af blöndunni í tortillabáta eða á mini tortillapönnukökur, toppa síðan með sýrðum rjóma, rifnum osti og nachos-flögum.

Raðið á bretti eða bakka og berið fram. Gott er að hafa sýrðan rjóma, rifinn ost og nachos-flögur til hliðar svo hver og einn geti bætt við meðlæti eftir smekk. ■

VÖRULÍNAN INNIHELDUR GÓÐGERLA (PROBIOTICS) OG GÓÐGERLANÆRINGU (PREBIOTICS)

ellen

HUGSAÐU VEL UM ÞÍNA ...

ELLEN – FYRIR KYNFÆRASVÆÐI KVENNA

Ellen vörulínan samanstendur af nýstárlegum og náttúrulegum gæðavörum sem stuðla að réttu pH-gildi fyrir kynfærasvæði kvenna, í gegnum öll stig lífsins. Vörur frá Ellen byggja á einstökum rannsóknum og vöruþróun þar sem áhersla er lögð á að bjóða vörur með nútíma vísindum sem geta hjálpað konum að ná og viðhalda jafnvægi á sýrustigi í leggöngum.

Jafnvægi á sýrustigi leggganganna er nauðsynlegt til að viðhalda heilbrigði kynfæranna.

Á vissum tímabilum í lífi kvenna er meiri hætta á að sýrustigið fari úr jafnvægi. Þetta getur til dæmis gerst meðan á blæðingum stendur, á meðgöngu, eftir sýklalyfjakúra eða í tengslum við breytingaskeiðið.

FÆST Í APÓTEKUM OG FRÆINU FJARÐARKAUP

Ekki hræddur við að tapa

Birna Dröfn Jónasdóttir
birnadrofn
@frettabladid.is

Guðmundur Stephensen var aðeins ellefu ára þegar hann landaði fyrsta Íslandsmeistaratitlinum í borðtennis og var ósigraður í 20 ár. Eftir að hafa varla hreyft sig undanfarinn áratug mætir Guðmundur óhræddur á Íslandsmeistaramótið um helgina og ætlar sér ekki að tapa í fyrsta sinn á ferlinum.

Ég var náttúrlega bara pjakkur þegar ég byrjaði," segir Guðmundur Stephensen, stórmeistari í borðtennis. Hann keppir á Íslandsmeistaramótinu um helgina eftir tíu ára pásu frá borðtennis.

„Ég fór ekki að æfa strax en ég byrjaði að spila heima liggur við um leið og ég gat staðið í lappirnar. Við vorum með borðtennisborð heima hjá mömmu og pabba og ég var bara svona þriggja ára þegar ég byrjaði að leika mér að spila, en ég var sex ára þegar ég byrjaði að mæta á æfingar," segir Guðmundur.

„Það var ekki algengt að fólk væri með borðtennisborð heima hjá sér en heima hjá okkur var salur þar sem var borðtennis og billjard og svona, mjög skemmtilegt og það var mikið spilað. Borðtennis var alltaf mikið í fjölskyldunni."

Guðmundur segir borðtennis algjört vetrarsport, engar æfingar hafi verið á sumrin hér á árum áður og að fljótt hafi spurst út að heima hjá honum væri borð sem hægt væri að æfa sig á. „Þarna var ég bara lítill, varla farinn að æfa og kallarnir í Víkingi, þessir bestu, vissu að það væri borð á Laugarásveginum hjá pabba og þetta varð hálfgerð félagsmiðstöð," segir Guðmundur sem fylgdist vel með þeim æfa sig.

„Þarna var ég ekki farinn að spila við þá en það gerðist reglulega að ég sofnaði undir borðinu. Lagðist bara þvert undir og var alveg kyrr, sofnaði svo við skoppið í kúlunni og fannst það svo notalegt," segir hann.

Ungur Íslandsmeistari

Fljótlega eftir að Guðmundur byrjaði að æfa borðtennis kom í ljós að þar hefði hann mikla hæfileika. Þegar hann var aðeins átta ára gamall sigraði hann Íslandsmeistara kvenna og unglingameistara Íslands. Sama ár komst hann í meistaraflokk. Ellefu ára varð hann Íslandsmeistari í fyrsta sinn.

„Ég man ekki mikið frá því að ég var lítill. Ég held að pabbi hafi áttað sig á því að ég væri góður í þessu og ég spáði ekkert í því sjálfur, maður er ekkert að spá í því sjálfur hvað maður er góður. Ég var bara í borðtennis á veturna og fótbolta á sumrin og elskaði að vera í íþróttum," segir Guðmundur.

„Ég er svo kannski svona tíu ára þegar ég er farinn að geta unnið þessa kalla, þessa bestu. Ég keppti ekki á Íslandsmeistaramótinu þegar ég var tíu ára en ég held að ég hefði alveg getað það og ég held að ég hefði alveg átt séns en ég vann svo ári seinna, 1994, þá var ég ellefu ára," segir Guðmundur.

Þá ert þú ellefu ára að keppa við fullorðna menn og vinnur?

„Já, þeir voru bara allir mættir og ég vann," segir Guðmundur og hlær.

Á þessum tíma hóf Guðmundur að spila í dönsku deildinni. Hann var aðeins tólf ára þegar hann fór að ferðast einn til Danmerkur og keppa. „Ég fór næstum hverja einustu helgi og ég fór alltaf einn. Maður var bara símalaus og kortalaus og stundum þekkti ég engan, ef ég var kannski nýbúinn að skipta um lið þá þekkti ég ekki einu sinni þjálfarann. Pabbi lét mig fá danskan pening og vonaðist til þess að ég kæmi heim á sunnudeginum," útskýrir hann.

Guðmundur segist aldrei hafa verið hræddur eða liðið illa á ferðalögunum þó að hann hafi verið bæði einn og ungur. „Mér fannst þetta geggjað og það voru aldrei nein vandamál. Ég bjargaði mér á ensku og ég er týpan sem getur alltaf sofið á ferðalögum, bæði í bíl og flugvél. Ég bara flaug út, var sóttur af einhverjum þjálfara, fór og keppti og flaug heim. Ég gat hringt í mömmu og pabba úr tíkallasíma og ég gat meira að segja hringt þannig að þau borguðu símtalið," segir hann. „Stundum hugsa ég til baka og er bara: Hvað voru þau að pæla? En þarna var þetta bara allt öðruvísi."

Hér fagnat Guðmundur Íslandsmeistaratitlinum aðeins 13 ára, hann vann titilinn fyrst 11 ára. FRÉTTABLAÐIÐ/ÞÖK

> Stundum hugsa ég til baka og er bara: Hvað voru þau að pæla? En þarna var þetta bara allt öðruvísi.

Guðmundur fékk greitt fyrir keppnirnar en hann segir upphæðirnar ekki hafa verið háar en nægt tólf ára barni. Hann þurfti ekki oft að fá frí í skólanum þrátt fyrir að hann væri á barmi atvinnumennsku. „Ég gat alveg gert bæði en skólinn hefur aldrei verið það sem ég hef lagt mesta áherslu á. Nám var samt aldrei vandamál en ég var mjög góður í því að tala kennarana til og halda þeim góðum, maður þarf líka að vera góður í því í íþróttum, halda til dæmis þjálfaranum góðum," segir hann.

„Ég spilaði í Danmörku alveg út menntaskólann. Kláraði MS og gat ekki beðið eftir að komast út. Eftir á að hyggja hefði ég átt að fara í menntaskóla í Danmörku en eins og ég sagði áðan var þetta allt öðruvísi og flóknara. Heimurinn var ekki svona lítill. Það var flóknara að flytja á milli landa," segir Guðmundur sem fór strax að loknum menntaskóla til Noregs og þaðan til Svíþjóðar.

Fannst þér þú fara á mis við unglingsárin þar sem þú varst mikið erlendis að keppa?

„Nei, alls ekki. Ég átti góðan

vinahóp, við vorum allir mikið í íþróttum en það var ekki það eina sem við gerðum. Ég var alveg á fullu í íþróttum og að keppa en ég fór ekki á mis við það að vera unglingur," segir Guðmundur.

„Á þessum tíma var algengt að fólk byrjaði að drekka á unglingsárunum og við gerðum það líka. Það var ekkert rugl á okkur og við vorum ekki í dópi eða eitthvað. Hittumst bara á bak við Skalla og drukkum, vorum svo farnir heim fyrir miðnætti. Svona var þetta bara, sama hvað okkur finnst um það núna."

Guðmundur segist þó hafa upplifað að finnast hann vera að missa af ákveðnum viðburðum um helgar þegar þegar hann var barn og unglingur. „Ég var alltaf í útlöndum um verslunarmannahelgina og missti alltaf af Þjóðhátíð en ég var í Danmörku á sumrin að æfa með danska landsliðinu, ég fékk alltaf eitthvað skemmtilegt í staðinn fyrir það sem ég var að missa af svo mér fannst það ekki beint leiðinlegt."

> Á þessum tíma var algengt að fólk byrjaði að drekka á unglingsárunum og við gerðum það líka.

Atvinnumaður

Í Svíþjóð fékk Guðmundur sinn fyrsta alvörusamning að hans eigin mati. Þá var hann orðinn atvinnumaður. „Ég hafði verið bestur alveg frá því að ég var ellefu ára og það er engin ögrun í því að spila alltaf við einhvern sem er lélegri en þú. Ég stóð í stað í mörg ár og mig vantaði áskorun," segir hann.

„Í Svíþjóð fékk ég áskorun og ég var ekki bestur. Ég spilaði með nokkrum liðum þarna til að byrja með en svo fékk ég samning við Malmö FF sem er stórlið í Evrópu, alveg risalið. Þarna er ég 23 ára og þá er ég loksins orðinn atvinnumaður. Fram að þessu hafði ég fengið smá pening og svona en þarna var þetta orðin vinnan mín og allt í einu var allt að ganga upp," segir Guðmundur.

Honum líkaði vel í Svíþjóð þar sem hann spilaði hundruð leikja og vann fjölda titla. Árið 2006 eignaðist Guðmundur sitt fyrsta barn ásamt eiginkonu sinni Nönnu Kolbrúnu Óskarsdóttur, en þau hafa verið saman frá því þau voru 18 ára.

„Við kynntumst þegar ég var í MS og hún í MH. Ég tróð mér með í partí til hennar með vini mínum, hann ætlaði að næla sér í hana en ég gerði það," segir Guðmundur.

Er hann búinn að fyrirgefa þér?

„Já, bara rétt núna," segir hann kaldhæðinn og skellihlær.

„Hún er búin að fara með mér í gegnum þetta allt. En hún hefur engan áhuga á íþróttum sem er allt í lagi af því að þetta hefur aldrei heltekið okkur. Hún flutti með mér út og það var æðislegt að hafa hana með mér, svo þægilegt. Ég var aldrei einmana en ég hefði pottþétt orðið það ef hún hefði ekki verið með mér og þetta hefði verið allt öðruvísi."

Guðmundur var aðeins 24 ára þegar Viktoría dóttir hans fæddist, þau Nanna Kolbrún eiga nú saman fjögur börn. „Okkur fannst við ekkert ung þegar hún fæddist en fólkinu í kringum okkur úti fannst við bara eitthvað rugluð. Fólk í Skandinavíu er ekki að eignast börn fyrr en það er kannski um þrítugt," segir hann.

Fjölskyldan bjó Svíþjóð þegar Viktoría var að alast upp, síðar spilaði Guðmundur tvö ár í Frakklandi og svo í Hollandi. Árið 2013, þegar hann var þrítugur, ákvað Guðmundur að hætta að spila borðtennis. Þá hafði hann unnið um 200 titla hér á Íslandi og víðar í Evrópu.

Guðmundur keppir um Íslandsmeistaratitilinn um helgina og stefnir á sigur þrátt fyrir langa pásu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Guðmundur, Nanna Kolbrún og börnin þeirra fjögur. Nú eru í vinnslu heimildarþættir um feril Guðmundar, þeir verða sýndir næsta vetur. MYND/AÐSEND

Það er frekar ungt að hætta þrítugur í borðtennis, flestir eru á toppnum 35 ára, af hverju hættir þú?

„Það var eiginlega engin ástæða fyrir því. Eftir á að hyggja er þetta fáránlegur tími til að hætta en mig langaði bara að kúpla mig út úr þessu," segir Guðmundur.

„Þarna vorum við flutt heim og ég var farinn að vinna í fjölskyldufyrirtæki konunnar minnar og var að spila í Hollandi á sama tíma, bjó hér og fór á milli. Mig langaði bara allt í einu að vinna á dagvinnutíma, ég var búinn að keppa allar helgar síðan ég var lítill, æfa á morgnana og kvöldin og þurfa alltaf að þóknast öllum, það var bara ekkert svo gaman lengur."

Guðmundur segir árin í Frakklandi hafa auðveldað honum að taka ákvörðunina um að hætta. „Þegar ég var í Svíþjóð þá var alltaf gaman og það var það líka í Hollandi. En í Frakklandi voru allir í fýlu. Mér gekk vel þar og vann flesta leikina en liðinu gekk ekki vel, þeir töpuðu og töpuðu og voru alltaf í fýlu yfir því og það var leiðinlegt tímabil," segir Guðmundur sem í Frakklandi vann 21 af 27 leikjum í deildarkeppninni og tapaði sex.

„Þessi stemning þarna í Frakklandi varð bara til þess að ég nennti þessu ekki," segir hann.

> Ég var búinn að keppa allar helgar síðan ég var lítill, æfa á morgnanna og kvöldin og þurfa alltaf að þóknast öllum.

Ekki tvítugur lengur

Frá því að Guðmundur hætti að spila borðtennis fyrir áratug síðan hefur hann ekkert snert spaðann þar til í desember síðastliðnum. Nú stefnir hann á enn einn Íslandsmeistaratitilinn um helgina.

„Ég er bara búinn að sitja í tíu ár og hef eiginlega ekkert hreyft mig. Ég hélt að þetta yrði ekkert mál en það hefur ekki verið alveg svoleiðis. Ég er ekki tvítugur lengur og þó að hausinn sé alveg með allt í standi þá nær líkaminn ekki að halda í við hann," segir Guðmundur.

„En þetta er fljótt að koma, fyrir mánuði síðan gat ég ekki staðið í lappirnar. Ég fékk einhverja klemmu í bakið og var alveg „out" í þrjár vikur en núna bara ét ég pillur og nota hitakrem, þá get ég æft," segir hann og glottir.

Er þá ferli þínum sem atvinnumanni lokið þrátt fyrir að þú ætlir að keppa á þessu móti?

„Já, hann er alveg búinn. Ég er með stóra fjölskyldu svo ég er ekki að fara aftur út í þetta. Ég hélt að ég hefði ekki saknað þess neitt að spila en núna finn ég að ég hef saknað þess og mér finnst þetta svakalega gaman," segir hann.

„En það er líka búið að vera svakalega gaman að ala upp börnin og gera allt annað en að spila borðtennis," segir Guðmundur en líkt og fram hefur komið eiga þau Nanna Kolbrún fjögur börn. „Við eignuðumst okkar elstu þegar við vorum í Svíþjóð og svo átta árum seinna eignuðumst við tvíbura og svo kom eitt í viðbót. Á tímabili vorum við með þrjú börn undir tveggja ára," segir hann.

„Þegar við eignuðumst elstu þá var ég bara alltaf að vinna og tók ekki mikinn þátt eða mikla ábyrgð en svo þegar þú eignast tvíbura þá þurfa bara að vera tveir foreldrar. Ég var bara alltaf með eitt barn og hún annað. Svo hjálpaði elsta okkur mjög mikið," segir Guðmundur.

„Svo þegar það kom eitt barn í viðbót þá var ég rosa mikið með tvíburana og mamman með litlu, það var geggjað, ég fékk bara að vera í 100 prósent uppeldi á börnunum mínum," segir hann.

„Maður á ekki að hugsa í svona hefðbundnum kynhlutverkum en þarna var ég með tvíburana eins og mömmur eru vanalega, ég var „all in" og tók fulla ábyrgð. Auðvitað gerðum við þetta saman en ég tók beinan þátt í þessu öllu og ég mæli með því fyrir alla og hvet aðra karla til að gera það, það var rosalega gaman og ég myndaði allt aðra tengingu við börnin."

Spurður að því hvort þau hjónin stefni að því að stækka barnahópinn frekar segir Guðmundur svarið vera skýrt nei. „Nei, það er búið að skella í lás á það, þetta er alveg nóg. Nú er lífið að róast, þau eru orðin sautján, átta og fimm og ég hef tíma til að æfa aftur."

Og ætlar þú að vinna mótið um helgina?

„Já, það kemur ekkert annað til greina," segir Guðmundur. „Konan mín hefur spurt mig hvað ég ætli að gera ef ég tapa en ég hugsa bara aldrei um það að ég geti tapað. Ég hugsa bara að ég sé að fara að vinna," segir hann.

„Ég hef aldrei tapað á Íslandsmeistaramóti, auðvitað getur það gerst en ég er ekki hræddur við það. Ef þú ert hræddur við að tapa þá bara tapar þú. Þú þarft að hafa fókusinn á því að vinna en ekki tapa." ■

Stórfurðulegt val að vera drukkinn á leiksýningu

Björk Jakobsdóttir
Gaflaraleikhúsinu

Brynhildur Guðjónsdóttir
Borgarleikhúsinu

Magnús Geir Þórðarson
Þjóðleikhúsinu

Marta Nordal
Leikfélagi Akureyrar

Sara Martí Guðmundsdóttir
Tjarnarbíó

Rétt eins og aðrar þjóðir hafa Íslendingar fagnað því óspart að geta um frjálst höfuð strokið eftir að hafa upplifað takmarkanir á skemmtanahaldi. Umræða um breytt hegðunar- og neyslumynstur landans hefur skotið upp kollinum og þykir sumum fagnaðarlætin fullmikil.

Leikhúsin eru einn geirinn sem samkomutakmarkanir bitnuðu illa á en eru nú sannarlega í miklum blóma. En eru leikhúsgestir að fá sér of mikið? Við heyrðum í leikhússtjórum og spurðum þá hvort áfengisneysla leikhúsgesta væri truflandi.

Meira á söngleikjum og försum

Björk Jakobsdóttir, leikkona og leikhússtjóri Gaflaraleikhússins, segist verða meira vör við að vín bæði sjáist og heyrist á leikhúsgestum.

„Já, því miður finnst mér það. Bæði hef ég orðið vör við það sem leikkona á sviði og sem áhorfandi í leikhúsinu," segir hún en Björk er hluti þríeykisins á bak við verkið Bíddu bara sem hefur slegið í gegn í vetur. „Þetta á ekki bara við um leikhúsin heldur alla viðburði og ég held að fleiri skemmtikraftar taki undir það."

Sara Martí Guðmundsdóttir, leikhússtjóri Tjarnarbíós, segir vandann ekki endilega hafa aukist, heldur hafa verið viðloðandi í langan tíma.

„Í flestum tilfellum er þetta ekki vandamál en það kemur fyrir á sýningum þar sem er smá stuð að fólk er orðið ölvað þegar það er að mæta í leikhúsið og heldur svo áfram að dæla í sig," segir Sara.

Marta Nordal, leikhússtjóri Leikfélags Akureyrar, er ekki frá því að eitthvað hafi breyst eftir Covid.

„Án þess að hafa gert vísindalega rannsókn á þessu, þá finnst okkur eins og áfengisneysla hafi aðeins aukist eftir Covid á sumum sýningum," segir hún.

„Kannski er þetta uppsöfnuð spenna í landanum eftir inniveruna. En þetta er auðvitað mjög háð tegund sýninga. Söngleikir og til dæmis farsar sem hafa mikið skemmtanagildi og njóta almennrar lýðhylli draga frekar að sér djammstemninguna.

Þar eru hópar að gera sér dagamun, stundum vinnustaðatengt, fara gjarnan út að borða á undan og svo að djamma á eftir. En á langflestum öðrum leiksýningum er þetta nákvæmlega ekkert vandamál. Þetta er líka mismunandi eftir sýningarkvöldum, laugardagskvöldin eru hressust í þessu en á virkum kvöldum svo sem fimmtudögum er sáralítið drukkið og flestir bara í sódavatninu," segir Marta.

Magnús Geir Þórðarson Þjóðleikhússtjóri segist ekki hafa orðið var við aukna drykkju í sínu leikhúsi.

„Þetta hefur ekki verið vandamál enda höfum við ekki hvatt til þess að farið sé með drykki inn í salina heldur höfum við hvatt gesti okkar til að panta drykki fyrir sýningu sem bíða þeirra tilbúnir á fráteknu borði í hléi. Þessi þjónusta er mjög vinsæl og gestir eru þakklátir fyrir þetta fyrirkomulag. Annað fyrirkomulag er svo í Þjóðleikhúskjallaranum en þar er beinlínis gert ráð fyrir að fólk njóti veitinga við borð meðan á sýningu stendur og þar virkar það mjög vel, bæði á kvöldsýningum og í Hádegisleikhúsinu okkar," segir hann.

Brynhildur Guðjónsdóttir Borgarleikhússtjóri segist hafa orðið vör við breytta hegðun, meira hömluleysi.

„Hvort það stafar af víndrykkju eða ekki er ómögulegt að segja til um. Það verður að ítreka að 99,9 prósent gesta Borgarleikhússins eru til stakrar fyrirmyndar og komnir til að skemmta sér."

Drukkið fólk missir skynbragð

Aðspurð hvort áfengisneysla hafi orðið til vandræða á leiksýningum segir Sara Martí það hafa komið fyrir.

Björk Eiðsdóttir
bjork@frettabladid.is

„Það kemur fyrir að fólk er það ölvað að það er að tala upphátt á miðjum sýningum sem er truflandi fyrir aðra leikhúsgesti og þá sem eru að koma fram. Þeir gestir sem eru að fá sér meðan á sýningu stendur, þurfa líka iðulega að fara oftar á klósett en aðrir, sem er truflandi, sér í lagi þegar fólk á erfitt með að gera það hljóðlega, sem það gerir alls ekki þegar það er ölvað," segir hún.

Björk Jakobsdóttir segir það geta reynst erfitt að tækla þetta því að sjálfsögðu eigi allir skilið að skemmta sér og viðbrögð séu misjöfn.

„En þegar viðbrögð eru orðin algerlega hlustunarlaust ölvunarástand með stanslausum frammíköllum og háverum samræðum, þá verður það alveg óþolandi fyrir þá sem eru að horfa og mjög erfitt fyrir leikara á sviði," segir hún og bætir við: „Það er líka mjög erfitt að þurfa að stöðva sýningu til að vísa fólki út."

Marta Nordal bendir á að drukkið fólk eigi það til að missa skynbragð á umhverfi sitt.

„Aðallega getur mikil áfengisneysla verið truflun við aðra gesti. Þeir sem eru drukknir missa svolítið skynbragð á umhverfi sitt, tala hátt og jafnvel mikið meðan á sýningum stendur. Eru kannski ráfandi úr salnum og lengi að koma sér inn og svo framvegis," segir hún.

„Þetta veldur auðvitað miklum pirringi hjá öðrum gestum sem eru notabene búnir að borga fullt af peningum fyrir miðana sína og komnir til að njóta sýningarinnar og eiga rétt á því. Svo truflar þetta auðvitað líka leikarana á sviðinu. En við höfum sem betur fer ekki lent í miklum vandræðum með þetta á síðustu árum, allt verið frekar sakleysislegar uppákomur sem auðvelt hefur verið að díla við."

Magnús Geir upplifir vandræðin ekki meiri en áður og segir slíkt í raun undantekningartilvik.

„Í gegnum tíðina hafa eflaust verið einstaka tilvik þar sem einhver hefur verið til vandræða en slíkt hefur sem betur fer verið ákaflega sjaldgæft og í raun alger undantekningartilvik."

Björk segir vandann ekki alveg nýjan af nálinni en þó hafa aukist.

„Ég man eftir að hafa upplifað einstaka ölvaða einstaklinga í hópi áhorfenda í gegnum tíðina, þeir eru þó teljandi á fingrum annarrar handar. Mér finnst þetta hafa færst aðeins í aukana."

> Það væri leiðinleg forræðishyggja að banna öllum leikhúsgestum, sem langflestir eru til fyrirmyndar, að fá sér vínglas.
>
> Björk Jakobsdóttir

Brynhildur segir hömluleysið sem þau hafi orðið vör við í Borgarleikhúsinu lýsa sér meðal annars í ákveðnu skeytingarleysi í garð annarra, gesta sem og starfsfólks leikhússins.

„Því miður hefur það komið fyrir að gestir á ákveðnum sýningum hafa haft í frammi truflandi hegðun. Verið með frammíköll og óþarfa ráp."

Fólk að mæta drukkið

Í Gaflaraleikhúsinu er gestum leyft að taka með sér drykk inn í salinn.

„Ég held að vandinn sé ekki að það sé selt vín í hléi heldur er fólk að mæta of drukkið í leikhúsið," segir Björk sem vill þó ekki ganga svo langt að banna áfengisneyslu í leikhúsinu. „Það væri leiðinleg forræðishyggja að banna öllum leikhúsgestum, sem langflestir eru til fyrirmyndar, að fá sér vínglas. Það má kannski bara minna áhorfendur á að samræður og hávær frammíköll geta truflað aðra leikhúsgesti sem og leikara á sviði. Eins vil ég biðja áhorfendur að taka starfsfólki í framhúsi vel ef það biður gesti að stilla sig aðeins. Það er ekki án ástæðu."

Hjá Leikfélagi Akureyrar er gestum ekki leyft að taka drykki með sér inn í sal.

„Mér finnst persónulega ekki skemmtilegt að fólk sé að dröslast með vínglös og bjór inni í sal. Það er ekki gert ráð fyrir glösum og flöskum hjá sætunum, lítið pláss og því hvergi hægt að leggja þetta frá sér nema á gólfið sem gerir þetta soldið sjoppulegt allt saman," segir Marta.

„Við erum með hlé á flestum sýningum og fólk getur vökvað sig þá. Mér finnst vera hálfgerður ósiður að leyfa vín og bjór inni í sölunum og ekki fara saman við leiksýningar. Þetta kemur bara niður á hlustun áhorfenda enda njóta fáir leiksýninga rallhálfir," segir Marta og heldur áfram: „Það að leyfa áfengisneyslu inni í sal er frekar nýleg breyting og ég veit satt að segja ekki af hverju hún kom til. Kannski hreinlega til að selja meira á barnum og auka tekjur leikhússins af kvöldinu. Og einhverjum finnst líklega einhver stemning í þessu og frelsi. En þegar heildarmyndin og hagsmunir allra eru skoðaðir þá held ég að það sé farsælast að banna áfengisneyslu inni í áhorfendasal."

> Kannski er þetta uppsöfnuð spenna í landanum eftir inniveruna.
>
> Marta Nordal

Settu þak á magnið

Í Tjarnarbíó má taka drykk með sér inn í sal. „Eftir að starfsfólk hafði orð á því í byrjun leikárs að áhorfendur væru sumir hverjir að kaupa sex bjóra og setja þá undir stólana sína, þá ákváðum við að setja þak á magnið sem mátti kaupa í einu," segir Sara Martí.

Í Þjóðleikhúsinu er ekki hvatt til þess að gestir taki drykki með sér inn í sal að sögn Magnúsar Geirs. „Við höfum ekki í hyggju að breyta þessu fyrirkomulagi enda hefur það reynst vel. Við viljum að leikhúsgestir fái fullkomið næði til að njóta þeirra sýninga sem boðið er upp á og því hvetjum við frekar til þess að gestir njóti fjölbreyttra veitinga fyrir sýningu, í hléi og eftir sýningu en að þeir séu að klyfja sig og fara með drykki inn í salina."

Í Borgarleikhúsinu hefur verið leyft að taka drykki með sér inn í Stóra sal í meira en áratug.

„Ef fólk er ekki búið að klára drykkinn sinn þegar sýning hefst þá hefur verið leyfilegt að taka hann inn. Fæstir gera það. Tekið skal fram að barinn er ekki opinn meðan á sýningu stendur. Við treystum gestum okkar og munum gera það áfram," segir Brynhildur

Sara Martí segist ekki sjá neitt að því að fólk fái sér drykk þegar það fer á leiksýningu.

„En að vera drukkið á leiksýningu finnst mér bara stórfurðulegt val," segir hún og bætir við: „Ég myndi helst vilja að ölvun ógilti miðann. En það er líka erfitt að biðja starfsfólk mitt að þurfa að vega og meta svoleiðis aðstæður og fara í hlutverk dyravarða, sem það er ekki, enda er Tjarnarbíó ekki skemmtistaður, heldur leikhús." ■

> Við treystum gestum okkar og munum gera það áfram.
>
> Brynhildur Guðjónsdóttir

MICHAEL B.
JORDAN
TESSA
THOMPSON
JONATHAN
MAJORS
CREED III
KOMIN Í
BÍÓ
YOU CAN'T RUN FROM YOUR PAST
MGM
© 2023 Metro-Goldwyn-Mayer Pictures Inc. All Rights Reserved.
CREED is a trademark of Metro-Goldwyn-Mayer Studios Inc. All Rights Reserved.
WARNER BROS.

Bannað að spjalla í gufunni og allir úr skónum

Gert er ráð fyrir því að á þessu ári muni um 2,4 milljónir ferðamanna heimsækja Ísland, spár gera ráð fyrir því að árið 2025 verði þeir þrjár milljónir.

birnadrofn@frettabladid.is

Ísland er lítið land í stóra samhenginu og gera má ráð fyrir að þessar milljónir manna sem hingað komi viti ekki endilega margt um litla landið í norðri. Auðvelt er að gúggla ýmsa hluti, svo sem á hvaða tíma ársins er hægt að sjá norðurljós og hvenær miðnætursól. Hvort drekka megi vatnið úr krananum og hvar sé best að borða.

Gúgglið myndi líka nýtast í ótrúlegum staðreyndum um land og þjóð, til dæmis að bjór hafi verið bannaður til ársins 1989, að margir trúi á álfa og huldufólk, að fólk borði ís þrátt fyrir að kalt sé úti og að hægt sé að fara í sund allan ársins hring.

Það sem erfitt er að gúggla eru óskrifaðar reglur samfélagsins. Hvað má og hvað má ekki? Hvað er álitið dónalegt eða skrítið? Og hvað vitum bara við, fólkið sem býr hér eða fólkið sem hefur komið hingað aftur og aftur?

Helgarblað Fréttablaðsins tók saman nokkrar óskrifaðar reglur í íslensku samfélagi. ■

Allt undir á pylsuna

Önnur óskrifuð regla í íslensku samfélagi er að þú setur ekki allt undir á pylsuna þína. Hvort sem þú ferð á pylsuvagninn, bensínstöð, í lúgusjoppu eða færð þér pylsu heima. Sama hvort þú segir pylsa eða pulsa, sama hvort þú færð þér rækjusalat eða kartöflusalat, þá fara laukarnir og tómatsósan undir og remúlaði og sinnep ofan á. Svo einfalt er það.

Spjall í gufunni

Flestir vita að á Íslandi er mikill menning fyrir sundi. Allir skulu þvo sér án sundfata áður en haldið er til laugar og engu máli skiptir hvort það er brjálað veður eða sól og blíða, allir fara í sund.

Það sem færri vita er óskrifaða reglan um að bannað sé að tala saman í gufunni. Auðvitað má hvíslast á en þau sem eiga samtal þar inni, hvað þá ef það er ekki gert með inniröddinni, eru litin hornauga og þau álitin dónaleg. Gufan er staður til að slaka á og kjarna sig, ekki til að spjalla.

Góðan daginn

Göngutúrar eru vinsælir á meðal okkar Íslendinga. Þá förum við ein, með vinum, fjölskyldu eða hundinum okkar í hvernig veðri sem er. Ef við mætum einhverjum sem við þekkjum ekki í göngutúrnum, þá segjum við „góðan daginn“ en ekkert meir. Ekki „hvernig hefur þú það?“, ekki „það er blessuð blíðan“, ekki neitt – bara góðan daginn.



Eitt sæti á milli

Sama hvort það er í bíó, á Þjóðarbókhlöðunni, í strætó eða hvar sem er þá setjumst við ekki við hliðina á öðru fólki nema ekkert annað sæti sé laust. Ef það gerist að við verðum að setjast við hliðina á fólki sem við þekkjum ekki þá látum við eins lítið fyrir okkur fara og við getum, og pössum okkur að snertast ekki.

Helst reynum við að hafa sem lengst á milli tveggja manna á stöðum eins og í bíó eða á bókasafninu en lágmarkið er eitt sæti. Ef þú sest við hliðina á einhverjum í tómum sal gæti fólk haldið að eitthvað væri að, jafnvel orðið hrætt.

Ekki fara inn á skónum

Frá því að við vorum lítil hefur okkur verið kennt að bannað sé að fara inn á skónum. Reglan á ekki bara við um skítuga eða blauta skó og hún á ekki bara við á stofnunum sem krefjast mikils hreinlætis, svo sem heilbrigðisstofnunum, heldur alls staðar. Ef þú ferð í heimsókn til einhvers og veður inn á skónum ertu álitinn dónalegur.

Auðvitað eru undantekningar, svo sem ef haldin er veisla og allir eru í sparifötum en þá verða gestir að bíða eftir boði frá gestgjafa um að koma inn á skónum. Allir þurrka af sér en þrátt fyrir það geta gestir búist við gestgjafanum með moppuna á lofti í kringum þá af og til. Til að hafa varann á er alltaf hægt að taka með sér spariskó í poka og skipta þegar í veisluna er komið.

Miklu meira en bara ódýrt

2.985
Dekkjaviðgerðarsett 28 stk.

4.995
Hleðslu-tæki 6Amp

Bensínbrúsar Stál/Plast 5/10/20L

Strekkibönd 5M
995
(Strekkibönd frá 585)

Farangursteygjur Mikið úrval

795
Jarð-skrúfur

Stálhælar

Bílabónvél

frá 14.995
Mössunarvélar

Dráttartóg Mikið úrval

995
Höfuðljós

Dragbönd/Bensli Mikið úrval

Rakagildrur
frá 495

795
Neyðar-hamar

Fötur/Balar

Hamar m/stálskafti 16/20oz
995

Keðju-talíur 1T
12.995

Vökvadæla Tvívirk
2.985

frá 495
Yfirbreiðslur

Reipi Mikið úrval

Lyklabox
frá 3.995

195
Músagildrur 2 stk.

1.995
Borvélaburstar 3 stk.

Innanklæðaveski

Ljóskastarar

Töskubönd

frá 5.995
Verðmætaskápur 16L

4.995
Bleikt verkfæra-sett

Ferðaflöskur

985/1.295
Töskuvogir

Tröppur-Stigar

AVO Fjölsviðs-mælar
frá 1.695

Penslasett 10 stk.
995

frá 295
Hengilásar

7.995
Akrýl-sett

Hleðslu-snúru-lyklakippa

295
Smíða-skrúfblýantur + 9 blý

3.995
Göngustafir, lengjanlegir

Trönur

Sexkantasett 1-8 mm
295

frá 295
Torx skrúfjárnasett

Verkfæralagerinn

Smáratorgi 1, 201 Kópavogi, sími 588 6090, vl@verkfaeralagerinn.is
Mán.-fös. kl. 9-18, lau. kl. 10-17, sun. kl. 12-16

MERKISATBURÐIR

1861 Abraham Lincoln verður sextándi forseti Bandaríkjanna.

1877 Emile Berliner finnur upp hljóðnemann.

1936 Zeppelinloftfarið Hindenburg flýgur sitt fyrsta reynsluflug.

1955 Armed Forces Radio and Television Service Keflavik fær heimild íslenskra stjórnvalda til sjónvarpsútsendinga.

1964 Hljómar frá Keflavík slá í gegn á fyrstu bítlatónleikunum á Íslandi. Tónleikarnir eru haldnir í Háskólabíói. Fjórar aðrar hljómsveitir koma þar fram.

1968 Fyrsta leikritið sem sett er upp sérstaklega fyrir sjónvarp á Íslandi er sent út. Það er verkið Romm handa Rósalind eftir Jökul Jakobsson.

1971 Íslendingar kaupa uppstoppaðan geirfugl á uppboði í London. Áður var safnað fyrir fuglinum um allt land.

1983 Menningarmiðstöðin Gerðuberg er opnuð í Breiðholtshverfi í Reykjavík.

2005 Háskólinn í Reykjavík og Tækniháskóli Íslands sameinast undir merkjum þess fyrrnefnda.

Nærgætni, hlýja og virðing
Við andlát ástvinar
ÚTFARARSTOFA ÚTR REYKJAVÍKUR
Álfheimum 35, 104 Reykjavík
Sími 553 5353 og 821 5353
www.usr.is
isleifur@usr.is
Ísleifur Jónsson
Útfararstjóri
Farsími 821 5353
Steinunn Magnúsdóttir
Útfararþjónusta
Farsími 861 3441
Þjónusta allan sólarhringinn

Útfararstofa Íslands
www.utforin.is • Auðbrekku 1, Kópavogi
Sólarhringsvakt: 581 3300 & 565 5892
Komum til aðstandenda og ræðum skipulag sé þess óskað
Sverrir Einarsson S: 896 8242
Jóhanna Eiríksdóttir
Jón G. Bjarnason S: 793 4455
Útfararstofa Hafnarfjarðar
www.utfararstofa.is • Dofrahellu 9b, Hafnarfirði

Útfararþjónusta í yfir 70 ár
ÚTFARARSTOFA KIRKJUGARÐANNA
Við tökum vel á móti ástvinum í hlýlegu og fallegu umhverfi
Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | utfor@utfor.is | utfor.is
VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN
Allur arður af þjónustunni rennur til reksturs kirkjugarðanna

Haraldur og Þóra Fríður fyrir miðju ásamt börnum sínum fjórum. MYND/AÐSEND

Kveðja Dalakofann sátt

Haraldur Bóasson og Þóra Fríður Björnsdóttir hafa sagt skilið við rekstur Dalakofans eftir ellefu ár. Haraldur segir góðar viðtökur hjá kúnnum hafa verið frábært veganesti.

arnartomas@frettabladid.is

Þau tímamót hafa nú orðið í Dalakofanum, vininni við veginn norðan heiða, að Haraldur Bóasson og Þóra Fríður Björnsdóttir hafa sagt skilið við reksturinn. Hjónin ráku kofann í um ellefu ár en eftirláta nú nýjum aðilum þennan vinsæla stað.

Þegar Fréttablaðið náði tali af Haraldi var hann staddur í Liverpool-borg að grúska í treflum til að fara með á leikinn gegn United á Anfield í dag. Hann var nýkominn af Bítlasafninu þegar hann gaf sér tíma fyrir blaðamann en kvaðst þó ekki hafa hitt á Ringo eða Paul.

„Ég var aðeins viðriðinn fyrirtækið sem átti húsnæðið áður en við ákváðum að kaupa það á sínum tíma til að sjá hvað við gætum gert," segir Haraldur. Þau Þóra Fríður voru áður með tærnar í ferðaþjónustunni þar sem þau ráku gistingu en þar áður voru þau bændur áður en þau seldu jörð sína. „Við ákváðum að skella okkur í þetta sem hefur verið mikið ævintýri en líka mikil vinna."

Kúnnahópurinn í Dalakofanum hefur verið góð blanda af ferðalöngum og fólki af svæðinu.

Kofinn er oft þétt setinn.

„Það er góður kjarni sem býr þarna en yfir sumarið er líka mikið af túristum," segir Haraldur. „Við höfum reynt að vera með einhverja viðburði en sá sem gekk best er kótilettukvöldið sem er alltaf gríðarlega vinsælt."

Veitingastaðurinn í kofanum er vinsæll staður til að fylla á tankinn. Haraldur á erfitt með að segja til um hvaða réttur sé vinsælastur en mælir þó hiklaust með pitsunum.

„Þær hafa fengið mjög mikið hól," segir hann. „Við höfum líka verið með þjóðlega rétti eins og kótilettur, plokkfisk og silung. Útlendingarnir eru mjög hrifnir af því að gæða sér á einhverju svona sérískensku. Við höfum verið að vinna með kjöt frá bændum úr héraðinu og það mun halda áfram og aukast hjá þeim sem er tekinn við."

Þar sem þú ert nú kominn til Liverpool er spurningunni um hvað taki við kannski þegar svarað?

„Nú er eins gott að segja sem minnst!" svarar hann hlæjandi. „Það er ekkert plan en við ætlum aðeins að kasta mæðinni, hjálpa börnum og barnabörnum og svo förum við kannski eitthvert í haust. Við erum svo sem komin af léttasta skeiði."

Að lokum vill Haraldur þakka gestum Dalakofans fyrir góðar viðtökur í gegnum árin.

„Mér hefur fundist það einstaklega gott veganesti!" ■

Háskóladagurinn snýr aftur í raunheima

arnartomas@frettabladid.is

Háskóladagurinn fer aftur fram í raunheimum í dag en hann fór fram á netinu undanfarin tvö ár vegna samkomutakmarkana. Viðburðurinn er samstarfsverkefni allra háskóla á Íslandi þar sem starfsfólk og nemendur skólanna leyfa væntanlegum nemendum og öðrum gestum að skyggnast inn í starf ólíkra fræðigreina og námsleiða.

„Við vonum að fólk fjölmenni til að kynna sér allt það frábæra nám sem er í boði hjá háskólum landsins," segir Jón Örn Guðbjartsson, markaðs- og samskiptastjóri hjá Háskóla Íslands. „Það er ótrúlega fjölbreytt nám í boði á öllum fræðasviðum. Það er mikilvægt að fólk sem hyggur á háskólanám nýti tækifærið á morgun til að kynna sér nám við hæfi."

Í ár verða allir háskólar landsins með fulltrúa á dagskránni hjá Háskóla Íslands auk þess sem aðrir skólar á borð við Listaháskóla Íslands og Háskólann í Reykjavík verða einnig með dagskrá á heimavelli. Háskóladagurinn er að venju gríðarlega vel sóttur og segir Jón Örn að margir komi með einbeittan vilja til að

Háskóladagurinn er iðulega mjög vel sóttur. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

kynna sér bara eitt tiltekið nám en endi svo með allt aðra ákvörðun að deginum loknum.

„Margir koma með eitthvað ákveðið í huga en stundum verður bara einhver vitrun á leiðinni um húsin. Fólk finnur eitthvað sem það vissi ekki af sem fangar algerlega hug þess og ákvörðun er hreinlega snarbreytt," segir Jón Örn og vísar í dæmi í nærumhverfinu.

„Ein af talskonum skólans úr hópi nemenda er til dæmis góð í stærðfræði og ætlaði að velja eitthvað raungreinatengt en uppgötvaði tómstunda- og félagsmálafræði á háskóladeginum. Þú getur nefnilega allt í einu rekist á eitthvað sem heillar þig og breytir fyrri ákvörðun – þú getur líka bara fengið staðfest að eitthvað nám sem þig langar í henti þér best."

Dagskráin í dag stendur yfir á milli klukkan 12 og 15. ■

Frá Hjónaballinu í fyrra þar sem Stuðlabandið spilaði fyrir breiðan aldurshóp langt fram eftir nóttu. MYND/STUÐLABANDIÐ

Hjónaball Hrunamanna fagnar áttatíu ára afmæli

Hjónaball Hrunamanna hefur verið haldið árlega frá 1943 og verður stærra en nokkru sinni fyrr í ár.

arnartomas@frettabladid.is

Ballið er gríðarlega vinsælt hjá Hrunamönnum sem fjölmenna ár hvert.

Hjónaball Hrunamanna er haldið ár hvert á Flúðum og er einn vinsælasti viðburður svæðisins. Það er sérstakur hátíðarbragur yfir ballinu í ár sem fagnar nú 80 ára afmæli.

„Þetta var í fyrstu kallað hjónaskemmtun og byrjaði þá í rauninni sem kaffiboð árið 1943," segir Sigurjón Snær Jónsson, einn af skipuleggjendum ballsins. „Þá voru þetta einhverjir tveir, þrír karlar sem stóðu að viðburðinum sem var haldinn í gamla barnaskólanum sem stóð niðri við sundlaugina á Flúðum."

Kaffiboðið var heldur settlegt og fóru krakkar í skólanum með leikþátt fyrir gestina. Viðburðurinn varð strax að árlegri venju og vatt statt og stöðugt upp á sig.

„Fólkinu í sveitinni fjölgaði og svo var ákveðið að hætta með kaffið og vera með alvöru mat," segir Sigurjón. „Það var strax ákveðið að hafa ekki þorramat heldur alvöru hangikjöt og svoleiðis kræsingar."

Upp kom sú hugmynd að vísur yrðu samdar um sveitunga og það sem gerst hafði á svæðinu, svo bættust við tónlistaratriði og að lokum var komin hefð fyrir þessu rokna balli sem haldið er enn þann dag í dag.

Stærsta ballið til þessa

Ballið var fyrst um sinn haldið í samkomusalnum í skólanum en færðist síðar yfir í félagsheimilið sem byggt var 1969. Þar var 330 manna hámarksfjöldi sem var farinn undir rest að þrengja að ballgestum.

„Það var komið á þann stað að það þurfti að neita fólki um aðgöngu því það var varla hægt að standa upp til að fara á klósettið," lýsir Sigurjón og hlær. „Nú er þetta í fimmta skipti sem við höldum ballið í íþróttahúsinu og þetta er stærsta hjónaballið frá upphafi því við erum komin í um 420 gesti."

Gestirnir eru að mestu Hrunamenn eða fólk sem hefur tengingu í sveitina. Sigurjón segir að á listanum í ár sé eitt borð af fjörutíu og þremur þar sem hann kannast ekki við nöfnin. Og aldursbilið er breitt.

„Ég var búin að heyra í einni sem er áttatíu og fjögurra ára sem langaði að mæta," og svo er þetta niður í tvítugt."

> Aukalagið, þegar við vorum klappaðir upp, var klukkutími og korter. Þetta var sveitall, svona af gamla skólanum.
>
> Marinó Lilliendahl, tónlistarmaður

Eru piprandi Hrunamenn ekkert öfundssjúkir vegna ballsins?

„Þetta heiti er kannski aðeins farið út," svarar Sigurjón og bendir á að hann og Erna Edda Arndal sem, ásamt stórri ballnefnd, halda ballið í ár, séu ekki einu sinni gift enn þá. „Fyrst það eru ekki einu sinni hjón að stýra þessu þá er aðeins minna horft til þess í dag."

Aukalag í lengra lagi

Ballið í fyrra var algjör sprengja að sögn Marinós Lilliendahl hjá Stuðlabandinu sem tróð þar upp í fyrra.

„Aukalagið, þegar við vorum klappaðir upp, var klukkutími og korter," segir hann og hlær. „Þetta var alveg alvöru sveitaball, svona af gamla skólanum."

Marinó rifjar upp hvernig fólk á öllum aldri steig villtan dans í salnum fram til klukkan fjögur um nóttina. Eftir að herlegheitunum lauk var fólk svo samstíga í frágangi.

„Maður finnur fyrir miklum samhug hérna í sveitinni," segir hann og bendir á að tímasetningin hafi nú kannski haft eitthvað að gera með hversu mikil stemningin var. „Við spiluðum í fjóra tíma og fjörutíu mínútur sem var alveg svakalegt. Þetta var líka eitt af fyrstu böllunum eftir Covid svo það var einhver andi sem sveif þarna yfir öllu." ■

ÞETTA GERÐIST 4. MARS 2000

Playstation 2 kemur á markaðinn

Tölvuleikjaheimurinn umturnaðist árið 1994 þegar Sony gáfu frá sér leikjatölvuna Playstation. Vélin hafði upphaflega átt að vera samstarfsverkefni milli Sony og Nintendo en eftir að síðarnefndi leikjarisinn kúplaði sig frá verkefninu ákvað Sony að halda þróun vélarinnar áfram upp á eigin spýtur.

Playstation var öflugasta leikjatölva sem sést hafði þegar hún kom á markaðinn og bauð upp á vandaðri þrívíddargrafík en fólk hafði vanist fram að því. Leikjaúrvalið var gríðarlegt og gátu margir minni framleiðendur látið ljós sitt skína.

Það var því ekki skrítið að leikjaheimurinn hafi verið á iði þegar Sony tilkynnti um arftaka Playstation í mars 1999. Playstation 2 kom fyrst á markaðinn í Japan um ári síðar og átti eftir að skjóta keppinautum sínum ref fyrir rass.

Playstation 2 seldist í alls 150 milljón eintökum og er enn þann dag í dag mest selda leikjatölva heims. Þótt vélin sé í miklu dálæti hjá milljónum geta fáir státað sig af meiri ást á vélinni en breskur maður sem gekk áður undir nafninu Dan Holmes. Hann elskaði Playstation 2 svo mikið að hann lét breyta eftirnafni sínu í Playstation 2. Geri aðrir betur. ■

†

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

Örlygur Sveinsson

Tindaflöt 2, Akranesi,

lést fimmtudaginn 16. febrúar. Útför hans fer fram frá Akraneskirkju föstudaginn 17. mars klukkan 13. Þökkum hlýhug í okkar garð.

Sesselja Óskarsdóttir
Jón Ragnar Örlygsson — **Ólöf Árnadóttir**
Björg Örlygsdóttir — **Arnar Matthíasson**
Garðar Örn Þorvarðarson — **Sara Guðmundsdóttir**
Tryggvi Rúnar Árnason — **Hjördís Inga Jóhannesdóttir**
Ragnheiður, Kristófer Árni og aðrir aðstandendur

†

Ástkær faðir minn, bróðir okkar, unnusti minn og sonur minn,

Jónas Oddur Jónasson

lést þann 13. febrúar síðastliðinn. Útför fer fram frá Neskirkju miðvikudaginn 8. mars kl. 13.00.

Alda Lárusdóttir
Rökkvi Jökull Jónasson
Pétur Jökull Jónasson
Jón Atli Jónasson
Herborg Drífa Jónasdóttir
Grímur Jónasson
Jónína H. Jónsdóttir

†

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Guðrún Borghildur Skúladóttir

sem lést á Landspítalanum þann 23. febrúar sl. verður jarðsungin frá Ytri-Njarðvíkurkirkju þann 9. mars nk. kl. 13.00. Sérstakar þakkir til starfsfólks Taugalækningadeildar B2 á LSH fyrir auðsýnda hlýju og góða umönnun.

Skúli Róbert Þórarinsson — **Hrafnhildur Jónsdóttir**
Þórarinn Þórarinsson
Hallfríður Þórarinsdóttir
Þórunn Þórarinsdóttir
Unnur María Þórarinsdóttir

Til að birta andláts-, útfarar- eða þakkartilkynningar í Fréttablaðinu þarf að senda tölvupóst á timamot@frettabladid.is eða hringja í síma 550 5055 .

KROSSGÁTAN



LAUSNARORÐ Ef bókstöfunum í lituðu reitunum er raðað rétt saman birtist örnefni á Suðurlandi (12).
Sendið lausnarorðið í síðasta lagi 10. mars næstkomandi á krossgata@frettabladid.is merkt „4. mars“.

SUDOKU

			4				6	9
9			2	6		5		
2		7		9			1	4
					8			3
	9			7	4		8	1
	4	3				7		
4		9	5					
	5			8	2			
	2		7					

	6						7	
	5		7		6		8	2
4								
9	7		4				3	
5	4	6					9	
				9		1		
1		4			8			
	3		9					7
	8						5	

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

PONDUS

FRODE ØVERLI

LAUSNARORÐ SÍÐUSTU VIKU

GRÆNMETISFÆÐI

H	A	F	N	A	R	B	A	K	K	A		F		B		A		Á
Á		R		F		Ú		J		F	J	A	L	L	A	F	U	R	U
M	J	Ú	K	H	E	N	T	A		S		L		Ó		F		S	
H		A		A		I		R	Í	K	I	S	E	M	B	Æ	T	T	I
O	F	R	A	U	S	N	I	N		A		V		A		R		Í	
R		S		S		G		A	R	M	B	I	N	D	I	Ð		M	
F	Í	K	J	U	L	A	U	F		M		T		Í		I		U	
U		Ó		Ð		N		Æ		T	A	N	N	S	Á	R	U	M	
M	E	R	J	U	N	A		Ð		A		A			M		T		B
	I		Á		Í		B	I	T	R	A		F	R	Á	F	A	L	L
A	N	D	R	Ó	Ð	U	R		I		L		Ó		L		N		Ó
	D		N		Y		A	L	F	A	R	I	Ð		G		M		Ð
O	R	Ð	A	G	R	Í	N		A		Ý		U	N	U	N	I	N	A
	E		M		Ð		D	A	N	S	M	Æ	R		Ð		Ð		K
Ó	G	L	E	Ð	I	N	A		D		I		Á	M	U	B	J	Ó	R
	I		N			Y	R	M	I	L	S		T	E	M	J	A	R	A
U	N	G	N	A	U	T		A		O		F		S		A		Á	
	N			N		J		K	A	F	F	Æ	R	T		L		Ð	
M	A	N	N	D	A	U	Ð	A		T		R		U	L	L	I	N	N
	R			A		Ð		R	E	I	S	T	I	R		A		A	

Á Facebook-síðunni **Krossgátan** er að finna ábendingar, tilkynningar og leiðréttingar ef þörf krefur.

LÁRÉTT

1 Flengja skal þau sem hlaupast undan merkjum (7)
7 Náum niðurstöðu frá endalokum (8)
11 Esja er ófögur mjög (7)
12 Hjálmar og Brynja selja svona bakka (7)
13 Bréf Ara fjallaði um bögglana í vændum (12)
14 Ógurlegt risa viðundur er þessi ætt ófreskja (9)
15 Með réttri temprun getur orka aukið hægð (12)
16 Brakið er við stóru þúfurnar (9)
17 Brjóta leir vegna bílaparta (9)
22 Tel allsherjarhrúgu heilla karl og smælingja (10)
26 Leggur nú morgungolu af móðu (5)
29 Nánast yfirnáttúruleg birta blés lúðu liði dug í hug (7)
30 Flytur veröld Frakka til Fróns að breyttu breytanda (9)
31 Sá rauði ruglar í rauðri (5)
32 Óp óvarins freistar alls ófeimins (8)
33 Bara ein fata? Ég vísa svona bulli á bug! (7)
34 Núllstillir eins og mælistikur leyfa (7)
35 Starfar í garði þeirra sem frjálsastir eru í ruglinu (8)
38 Það er kjarngóð máltíð þegar lund er á borðum (7)
42 Skunda þá fram fóðurfuglar og skammta prenturunum blöð (11)
46 Við stefndum þessari skjátu fyrir dóm (7)
47 Nú er rétt að stinga á þessum harmi (5)
48 Kóa latur með þeim sem kalla þennan pung bjarndýr (9)
49 Hvernig getur vök verið ekki-gat? (7)
50 Við gamla baukinn drapst dautt strá og annað (6)
51 Þarna voru óhræsi og afturganga að gramsa í öllu (7)

LÓÐRÉTT

1 Stórir staflar af skermum skelfdu ærnar (10)
2 Framleiðum falskar leiðslur úr pípugrópum (9)
3 Það sem fjarlægt hefur verið fyrir lokaútgáfu textans er regnfall (9)
4 Segðu mér frá gripunum í drápunum (9)
5 Máleining eins og „kastlykkjan“ fipar ekki snjallyrtan svein (9)
6 Góð linsa breytir sýn fólks á flöskur (8)
7 Ég fer burt er hann skýrir hvað skrár gera (8)
8 Perúskt klink er gulli líkast í geislum sólar (8)
9 Komu heitar í hús vegna komu kóngsins manna í bæinn (9)
10 Hún grefur gersemar við grjóthnoðra (9)
18 Frásögn af feiknum miklum og furðum (9)
19 Brunafrost bítur kinnar vondra manna, voða vondra! (9)
20 Varasneið fyrir heitbundna en skrifblinda menn (9)
21 Taugagildran er úr basti (10)
23 Gamanið er búið ef það á að girða fyrir hana (7)
24 Akureyrareinkenni gefur vænt fé – jafnvel hættulega vænt (7)
25 Farið er hrísgrjónaker fyrir telpur frá Tógó (8)
27 Fór fram á það við eigin við að hann tæki mig í fangið (7)
28 Þræta II: Er þetta þang mannamatur? (7)
30 Hitti langreyði sem var látin fara þegar happið lét á sér standa (10)
36 Frosið og snarruglað ástand þar sem engin gildi gilda (6)
37 Sneiðingar Haralds Þ. vekja lukku (6)
39 Alltaf á sveimi þótt glymjandinn sé að gera mann vitlausan (6)
40 Ég tæti minn striga þótt þið tuðið í mér (6)
41 Sátt við stöðu tveggja tylfta í norðaustri (6)
43 Skrýtin kráka klaufast við sitt (5)
44 Vargur varð alveg hissa við eigin sveim (5)
45 Set dælu í díki en dugar hún til? (5)

FORLAGIÐ

VEGLEG VERÐLAUN

Vikulega er dregið úr innsendum lausnarorðum og fær vinningshafinn í þetta skipti eintak af bókinni **Dauðinn á opnu húsi, eftir Anders de la Motte** frá Forlaginu. Vinningshafi í síðustu viku var **Ingibjörg Jónsdóttir, Vestmannaeyjum.**

ÁLHELLA
221 HAFNARFJÖRÐUR

NÝ IÐNAÐARBIL TIL SÖLU

VERÐ FRÁ 9,5 MILLJ.

ÁLHELLA 24
Stærð: 26,3 fm.
Verð: 9,5 millj.

ÁLHELLA 30
Stærð: 30 fm.
Verð: 9,9 millj.

ÁLHELLA 5B
Stærð: 60 fm.
Verð: 19,8 millj.

- Iðnaðarhurð
- Gönguhurð
- 3ja fasa rafmagnstenging
- Lóð verður malbikuð og svæðið girt af

Allar nánari upplýsingar veitir Ragnar í s. 699-8282

TRAUSTI fasteignasala

Ragnar M. Einarsson
Aðstoðarm. fast.
699-8282
ragnar@trausti.is

Kristján Baldursson
Lögg. fasteignasali
867-3040
kristjan@trausti.is

NÝIR SUMARBÚSTAÐIR Í GRÍMSNESI

Húsin afhendast á eftirfarandi hátt:

- Álklæðning að utan kassettu klæðning
- Plastglugga- og hurðaprófílar frá hinum þekkta framleiðanda REHAU
- Rafkerfi með APP Remote Control)
- Hitakerfi í gólfi
- Gólfefni sérhannað fyrir gólfhita
- Eldhúsinnrétting með induction eldavélahellu, viftu, innréttingu og þvottavél
- Heitur pottur með ljósum, grind og loki

Stærð: 140 fm.
Verð: 79,9 millj.

Stærð: 85 fm.
Verð: 49,9 millj.

Vegmúla 4, 108 Reykjavík | 546-5050 | www.trausti.is

LAUGARDAGUR

HRINGBRAUT

18.30 Bióbærinn Fjallað um væntanlegar kvikmyndir og þáttaraðir ásamt almennu bióspjalli.
19.00 Heilsubraut Heilsan frá ýmsum hliðum í umsjón Helgu Maríu.
19.30 Nýsköpun
20.00 Bærinn minn
20.30 Bióbærinn
21.00 Heilsubraut

RÚV SJÓNVARP

07.00 KrakkaRÚV
07.01 Smástund
07.06 Tikk Takk
07.11 Fílsi og vélarnar
07.18 Vinabær Danna tígurs
07.30 Símon
07.35 Veistu hvað ég elska þig mikið?
07.46 Haddi og Bibbi (5.15)
07.48 Sögur snjómannsins
07.56 Begga og Fress
08.09 Hinrik hittir (6.26)
08.14 Tillý og vinir
08.25 Blæja
08.32 Zorro
08.53 Ronja ræningjadóttir
09.17 Stundin okkar
09.45 Húllumhæ 10.00 Kiljan
10.40 Fisk í dag
10.50 HM í skíðagöngu
12.45 Söngvakeppnin 2023
14.25 Kastljós
14.40 Gettu betur
15.45 Vikan með Gísla Marteini
16.35 Spólað yfir hafið
17.25 Hvað verður um ruslið?
17.35 Fréttir með táknmálstúlkun
18.00 KrakkaRÚV
18.01 Fótboltastrákurinn Jamie
18.29 Bolli og Bjalla
18.43 KrakkaRÚV - Tónlist
18.45 Bækur sem skóku samfélagið Heimildarþættir um bækur sem hafa haft mikil áhrif á almenning í Svíþjóð. e.
18.52 Lottó
19.00 Fréttir
19.25 Íþróttir
19.35 Veður
19.45 Söngvakeppnin 2023 Bein útsending frá úrslitum Söngvakeppninnar í Söngvakeppnishöllinni í Gufunesi. Í kvöld ræðst hvaða lag fer fyrir Íslands hönd í Eurovision í Liverpool.
22.10 Mr. & Mrs. Smith
00.10 Lítil þúfa - Alex Wheathle Myndaflokkur frá BBC um innflytjendur af karabískum uppruna í London á áttunda áratugnum. Myndirnar segja sögur mikilla sigra í skugga misréttis og rasisma.
01.15 Dagskrárlok

SJÓNVARP SÍMANS

12.30 The Block
14.02 Love Island
14.30 Chelsea - Leeds BEINT
17.25 Survivor
18.10 Gordon, Gino and Fred. Road Trip
18.55 George Clarke's Old House, New Home
19.40 Players (2022) Gamanþáttaröð sem fjallar um atvinnurafíþróttamenn sem eru að keppa um meistaratitilinn í League of Legends.
20.10 Song for Marion Hugljúf og skemmtileg, bresk kvikmynd frá 2012. Úrillur eftirlaunaþegi gengur í kór til að heiðra minningu og ósk nýlátinnar eiginkonu sinnar, Marion. Hann hefur engan áhuga á kórstarfinu en kórstjórinn, Elizabeth, sér að það býr mikið í þessum gamla skarfi.
21.45 Cold Pursuit
23.25 Woman in Gold Mynd sem fjallar um aldraðan gyðing sem fór í mál við austurríska ríkið árið 2000 til að endurheimta málverk sem nasistar stálu af heimili hennar árið 1939.
01.15 Miss Sloane Elizabeth er eftirsóttur lobbíisti í Washington D.C. og gerir allt sem gera þarf til að vinna. En þegar hún tekst á við valdamesta andstæðing kemst hún að því að hún þarf að fórna miklu til sigurs.
03.20 Love Island

STÖÐ 2

08.00 Barnaefni
11.20 Bob's Burgers
11.40 Hunter Street
12.05 Bold and the Beautiful
13.45 Þeir tveir
14.40 Hell's Kitchen
15.55 Franklin & Bash
16.05 Hvar er best að búa?
17.10 Kórar Íslands Skemmtilegur þáttur þar sem kórar keppa um hylli dómara.
18.25 Veður
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.50 Sportpakkinn
19.00 Krakkakviss
19.35 Nanny McPhee Bráðskemmtileg og ævintýraleg mynd fyrir alla fjölskylduna. Emma Thompson leikur Nanny McPhee sem er engin venjuleg fóstra, sem notar töfra til að hafa hemil á börnunum sem hún gætir.
21.10 Don't Breathe 2
22.50 Knives Out
00.55 Wendy

SUNNUDAGUR

HRINGBRAUT

18.30 Mannamál
19.00 Suðurnesja-magasín Víkurfrétta Mannlífið, atvinnulífið og íþróttirnar á Suðurnesjum. (e)
19.30 Útkall
20.00 Matur og heimili
20.30 Mannamál
21.00 Hugvekjur á sunnudegi Hugvekjur presta og gesta Fríkirkjunnar í Reykjavík.

RÚV SJÓNVARP

07.15 KrakkaRÚV
07.16 Kúlugúbbarnir
07.39 Elías
07.50 Friðþjófur forvitni
08.13 Úmísúmí
08.35 Eysteinn og Salóme
08.48 Minnsti maður í heimi
08.49 Eðlukrúttin
09.00 Strumparnir
09.11 Bréfabær
09.22 Hvolpasvei tin
09.44 Sjóræningjarnir í næsta húsi
09.55 Rán - Rún
10.00 Verksmiðjan
10.25 Ímynd
11.00 Silfrið
12.05 Menningarvikan
12.35 Kveikur
13.15 Söngvakeppnin 2023
15.25 Rabbabari
15.35 Fréttir með táknmálstúlkun
16.00 Bikarmót í hópfimleikum
17.35 Augnablik - úr 50 ára sögu sjónvarpsins
17.50 Landakort
18.00 KrakkaRÚV
18.01 Stundin okkar
18.23 Frímó
18.38 Sögur - stuttmyndir
18.47 KrakkaRÚV - Tónlist
18.50 Smíðað með Óskari
19.00 Fréttir
19.25 Íþróttir
19.35 Veður
19.45 Landinn
20.15 Stormur Víðir smitast og fólk spyr hvort það eigi að hætta að hlýða Víði. Þríeykið fær morðhótanir og Gylfi og starfsfólkið í farsóttarhúsum sinnir fólkinu sem er á jaðri samfélagsins.
21.10 Veðmálaheykslið Sannsögulegir þættir um veðmálaheyksli sem skók sænska íþróttaheiminn á árunum eftir 1990. Bosse er talnaglöggur og lunkinn við að tippa í þróttum. En því reyndari sem hann verður, því augljósara verður að ekki er allt með felldu í getraunaheimi Svíþjóðar.
21.55 Sólsetur
00.10 Dagskrárlok

SJÓNVARP SÍMANS

12.30 The Bachelor
13.50 The Block
14.40 Love Island
15.25 Top Chef
16.10 PEN15
16.55 Survivor
17.40 Heima
18.10 Brúðkaupið mitt
18.40 Læknirinn í eldhúsinu
19.20 Að heiman - íslenskir arkitektar
20.00 Solsidan
20.30 Killing It
21.00 Law and Order. SVU Mögnuð sakamálasería um sérsveit innan lögreglunnar í New York sem rannsakar morðmál þar sem kynferðisglæpir koma við sögu. Sögurnar eru oft byggðar á sönnum sakamálum.
21.50 Love Island
22.35 Mayor of Kingstown
23.35 Impeachment
00.20 NCIS
01.05 NCIS. New Orleans
01.50 The Rookie
02.30 Resident Alien
03.15 Love Island

STÖÐ 2

08.00 Barnaefni 11.10 K3
11.25 Náttúruöfl
11.30 Are You Afraid of the Dark?
12.15 Simpson-fjölskyldan
12.35 Krakkakviss
13.15 Draumaheimilið
13.40 Samstarf
14.05 Heimsókn Sindri Sindrason heimsækir sannkallaða fagurkera sem opna heimili sín fyrir áhorfendum. Heimilin eru jafn ólík og þau eru mörg en eiga það þó sameiginlegt að vera sett saman af alúð og smekklegheitum.
14.25 Call Me Kat
14.45 Grey's Anatomy
15.30 America's Got Talent. All Stars
16.55 Ice Cold Catch
17.40 60 Minutes
18.20 Veður
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.45 Sportpakkinn
19.00 Hvar er best að búa? Þættir með Lóu Pind sem heimsækir Íslendinga sem létu drauminn um að búa í útlöndum rætast.
19.55 Grand Designs
20.45 A Friend of the Family
21.35 The Undeclared War
22.20 Vampire Academy
23.10 Masters of Sex
00.05 Coroner
00.50 Coroner
01.30 Coroner
02.10 Insecure
02.40 Brave New World

MÁNUDAGUR

HRINGBRAUT

18.30 Fréttavaktin Farið yfir fréttir dagsins í opinni dagskrá.
19.00 Heima er bezt Samtalsþáttur um þjóðlegan fróðleik í anda samnefnds tímarits.
19.30 Nýsköpun Þáttur í umsjón Páls Kr. Pálssonar.
20.00 433.is Farið yfir allt það helsta í heimi íþrótta, heima og erlendis.
20.30 Fréttavaktin Farið yfir fréttir dagsins í opinni dagskrá.
21.00 Heima er bezt Samtalsþáttur um þjóðlegan fróðleik í anda samnefnds tímarits.

Herra og frú Smith lifa tilbreytingarlausu lífi en leika bæði tveimur skjöldum.

Herra og frú Smith á RÚV

birnadrofn@frettabladid.is

Strax á eftir Söngvakeppni sjónvarpsins í kvöld klukkan 22.10 er spennumyndin Mr. And Mrs. Smith á dagskrá RÚV. Um er að ræða spennumynd frá árinu 2005 með Brad Pitt og Angelinu Jolie í aðalhlutverkum.

Herra og frú Smith virðast lifa hæglátu og tilbreytingarlausu lífi en leika bæði tveimur skjöldum. Þau eru skæðir leigumorðingjar í hjáverkum án þess að vita það hvort um annað. Hjónabandið flækist þegar þau eru ráðin í verkefni sem hentar þeim afar illa. Þau eiga að koma hvort öðru fyrir kattarnef.

Leikstjóri myndarinnar er Doug Liman en hann leikstýrði einnig kvikmyndunum Jumber, Edge of Tomorrow og The Bourne Identity. Hann hefur þó ekki aðeins leikstýrt spennu- og hasarmyndum, hann leikstýrði einnig tveimur þáttum af unglingadramanu The OC.

Myndin Mr. and Mrs. Smith er ekki við hæfi barna yngri en 12 ára. ■

SKEMMTANIR
HIN LANDSÞEKKTA, FRÁBÆRA SÖNGKONA OG SKEMMTIKRAFTUR
ICY SPICY
LEONCIE
VILL SKEMMTA
UM ALLT LAND,
Í ALLSKYNS OPINBERUM
MANNFÖGNUÐUM,
MEÐ SÍNA BESTU
VESTRÆNU
SMELLI.
S. 854 6797

Sjáið: www.youtube.com/icyspicyleoncie
BOOK NOW FOR SUPER ENTERTAINMENT

VIÐ TÆKIÐ

Wu Tang að eilífu

Birna Dröfn Jónasdóttir
birnadrofn@frettabladid.is

Þriðja þáttaröðin af Wu Tang. An American Story seytlar nú hægt og rólega inn á streymisveituna Disney+. Þáttaröðin samanstendur af tíu þáttum sem koma út einn í viku, nú þegar eru fimm þættir aðgengilegir.

Þættirnir fjalla um meðlimi Wu Tang Clan og hvernig hljómsveitin varð til. RZA er meginkarakter þáttanna og tekur hann sjálfur þátt í að skrifa þá og skapa. Þættirnir eru leiknir og leikararnir eru geggjaðir.

Verandi mikill hipphopp-haus sjálf vissi ég að ég myndi hafa gaman af því að horfa á Wu Tang. An American Story en gamanið er meira en ég hefði getað ímyndað mér. Sagan er svo mögnuð. Hvernig þeir komust alla þessa leið, úr fátæktinni á Staten Island til heimsfrægðar og frama. Þrautseigja þeirra er ótrúleg, svo ekki sé talað um áhrifin sem Wu Tang hefur haft á tónlist um allan heim. Mæli með fyrir alla! Hipphopp-hausa sem aðra. ■

> Þrautseigja þeirra er ótrúleg, svo ekki sé talað um áhrifin sem Wu Tang hefur haft á tónlist um allan heim. Mæli með fyrir alla!

Talsverð endurhönnun er á framenda bílsins sem fær að líkjast EV9 rafbílnum. MYND/AUTO EXPRESS

Njósnamynd af breyttu útliti Picanto

njall@frettabladid.is

Þó að smábílamarkaðurinn sé á hverfanda hveli eru nokkrir framleiðendur enn þá iðnir við kolann þótt aðrir hafi horfið af markaði. Toyota er nýlega búið að endurhanna Aygo-smábílinn og einn helsti keppinautur þeirra er Kia, sem kemur bráðum með andlitslyftingu á Picanto-smábílnum.

Nýlegar njósnamyndir af bílnum sýna að þótt aðeins andlitslyfting sé fyrirhuguð er um talsverða endurhönnun að ræða. Billinn er áfram hár og mjór en framendinn hefur fengið nýja hönnun með nýjum ljósum sem minna nokkuð á EV9. Að vísu er billinn í miklum felubúningi sem bendir einmitt til þess að meiri breytingar séu þar undir, en líklega má búast við „Tiger Nose“ hönnun á grilli og aðalljósum. Einnig má búast við endurhönnun á hjólbogum og afturstuðara. ■

Þótt framleiðendum smábíla hafi fækkað hafa sumir trú á þeim enn þá, eins og Kia sem endurhannar Picanto.

Að framan er ný gerð Matrix-aðalljósa og komnir eru nýir litir eins og hinn ólívubrúni á þessum bíl. MYND/VW GROUP

VW kynnir nýtt útlit ID.3

njall@frettabladid.is

Nokkuð hefur verið beðið eftir uppfærslu Volkswagen ID.3 sem nú hefur raungerst, þremur árum eftir frumsýningu bílsins. Eins og títt er um slíkar andlitslyftingar þýða þær nýja liti og felgur en einnig hefur billinn fengið nýjan ljósabúnað.

Að aftan má sjá ný afturljós með endurhönnun á bremsuljósum og framljósin fá nýjan svip. Einnig munu bílar búnir Matrix-framljósum fá „kveðju“ innbyggða í ljósabúnaðinn sem sýnir nokkurs konar hreyfimynd. Loks er framstuðarinn með nýju, hvassara lagi og húddið nær nú lengra upp að framrúðu en áður.

Að innan er meiri bólstrun en áður og einnig lýsing og meiri notkun á endurvinnanlegum efnum. Kominn er 12 tommu margmiðlunarskjár í stað tíu tommu og kerfið styður Apple CarPlay og Android Auto þó að leiðsögukerfið noti hugbúnað frá Volkswagen, sem leggur til hleðslustopp á lengri leiðum. ■

Flest í útliti EV9 frá tilraunaútgáfu heldur sér eins og kassalaga hliðarsvipur og hjólbogar. MYND/KIA

Kia sýnir útlínumyndir af EV9

njall@frettabladid.is

Það styttist að Kia frumsýni EV9 en hann verður kynntur til sögunnar seinna í þessum mánuði. Til að halda blaðamönnum við efnið setti Kia á netið útlínumyndir af bílnum sem sýna betur en áður vissa hluti í útliti hans. Hliðarmyndin sýnir vel að kassalaga útlit hans mun halda sér og líka L-laga dióðuljósin. Munu afturljósin meðal annars ná upp með D-bitum bílsins og upp í vindskeiðina fyrir ofan afturrúðuna.

Að framan er „Tiger Nose“ hönnun Kia í fyrirrúmi ásamt hefðbundnara grilli. Loks eru kantaðir hjólbogarnir áberandi sem þýðir að þeir munu ná í framleiðslu þótt felgurnar hafi minnkað um eina tommu. Billinn verður frumsýndur seinna í mánuðinum og fer í sölu seinna á árinu, og þá verða hlutir eins og innrétting og tæknibúnaður betur ljósir. ■

Að framan verður „Tiger Nose“ hönnun Kia í fyrirrúmi.

Elon Musk tilkynnti að næsta verksmiðja Tesla í Mexíkó verði stærsta bílaverksmiðja sem heimurinn hefur séð.

Margt á prjónunum hjá Tesla eftir dag fjárfesta

Dagur fjárfesta í Tesla var haldinn í vikunni sem leið og þó að nýr bíll hafi ekki litið dagsins ljós enn þá, er margt að frétta eftir þennan viðburð og ýmislegt á prjónunum hjá frumkvöðlinum Elon Musk. Meðal þess sem greint var frá og sýnt var mynd af tveimur nýjum bílum undir dúk, sem líklega eru svokallaður Model 2 og kassalaga bíll sem kallaður hefur verið Robotaxi.

njall@frettabladid.is

Á degi fjárfesta tilkynnti Elon Musk meðal annars að næsta verksmiðja Tesla yrði byggð í Monterrey í Mexíkó og að hún yrði stærsta bílaverksmiðja sem smíðuð hefur verið. Hún mun framleiða næstu gerðir Tesla-bíla og einnig hluti fyrir aðrar verksmiðjur. Margir höfðu búist við að Tesla myndi kynna „Model 2“ til sögunnar en af því varð ekki en yfirhönnuður Tesla, Franz von Holtzhausen, tilkynnti þó að hann yrði frumsýndur á seinni stigum. Einnig var tilkynnt að Cybertruck myndi fara í framleiðslu á þessu ári og sagt frá nokkrum breytingum á honum, þó að billinn líkist mjög þeim bíl sem frumsýndur var árið 2019. Loks var ekkert fjallað um Roadster-sportbílinn sem bendir til þess að hætt hafi verið við bílinn, alla vega í bili.

Margir höfðu spáð því að Elon Musk myndi frumkynna nýjan millistærðarbíl sem yrði minni en Model 3 og keppinautur ID.3-bíls Volkswagen. Af því varð þó ekki.

Tesla Model 2 er hugsaður sem keppinautur við VW ID.3 og verður væntanlega byggður í nýrri risaverksmiðju í Mexíkó. MYNDIR/TESLA



Tveir bílar voru sýndir undir dúk en það eru líklega hinn margumtalaði Robotaxi og til hægri er næsti fólksbíll Tesla sem keppa mun við VW ID.3.

Yfirbygging Cybertruck-pallbílsins er að mestu leyti eins og hún var þegar billinn var fyrst kynntur. Yfirbygging úr ryðfríu stáli er enn til staðar en formað ál verður notað í bílinn að aftanverðu. Notuð verður risastór 8.000 tonna pressa til að forma afturhluta bílsins. Billinn mun koma í sýningarsali með þríhyrningslaga hliðarspegla en myndavélar verða fáanlegar sem aukabúnaður. Felgurnar sem voru á bílnum árið 2019 verða þó að öllum líkindum ekki á framleiðslubílnum. Að innanverðu er billinn orðinn hefðbundnari ef hægt er að segja það um Tesla-bíl. Í stað miðjusætis fyrir ökumann er kominn miðjustokkur og komið er kassalaga stýri. Einnig var tilkynnt að Cybertruck yrði fyrsti bíll Tesla til að fá nýtt 48 volta rafkerfi, sem koma mun í öllum nýjum Tesla-bílum í framtíðinni.

Margir höfðu spáð því að Elon Musk myndi frumkynna nýjan millistærðarbíl sem yrði minni en Model 3 og keppinautur ID.3-bíls Volkswagen. Skissur af slíkum bíl hafa verið á flakki á netinu og talað hefur verið um að billinn muni kosta undir 20.000 dollurum. Tesla kynnti engan slíkan bíl og kannski hafði það þau áhrif að hlutafé í Tesla féll um 5 prósent fyrsta daginn eftir kynninguna. Þó var talað um að undirvagn þessa bíls yrði ódýrari í framleiðslu og að hann yrði að öllum líkindum framleiddur í nýrri verksmiðju Tesla í Mexíkó. ■

Sálin umbreytist í fugl á dánarstund

Listamaðurinn Ólöf Nordal leitar í þekkt minni úr þjóðsögum og þjóðtrú á sýningunni Fygli í Ásmundarsal.

tsh@frettabladid.is

Ólöf Nordal hefur unnið mikið með fugla í verkum sínum og segir fugla vera þekkt minni í trúarbrögðum og þjóðsögum. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Ólöf Nordal sýnir nýja skúlptúra á sýningunni Fygli í Ásmundarsal. Ólöf hefur lengi unnið með fugla í verkum sínum og sækir gjarnan innblástur í íslenska þjóðtrú og samtímamenningu. Fygli Ólafar eru skúlptúrar steyptir í brons sem sýna fígúrur einhvers staðar mitt á milli manna og fugla.

„Ég er að leika mér með tæknina, efni og aðferð. Mig langaði til þess að gera verk sem væru unnin milliliðalaust í ákveðið efni. Ég veit ekki af hverju mig langaði til þess en það er kannski eitthvað í tíðarandanum sem kallaði á það. Þetta eru verk sem eru búin til fyrst í leir, frekar lítil, og síðan blásin upp. Þau eru þrívíddarskönnuð og síðan þrívíddarprentuð og steypt í bronssteypu," segir Ólöf.

Þekkt minni úr trúarbrögðum

Ólöf segir verkin vera algjörlega skálduð en þau sæki þó í þekkt mótíf úr þjóðsögum, þjóðtrú og trúarbrögðum. „Það er þekkt minni í öllum trúarbrögðum að sálin umbreytist í fugl og fljúgi upp til himna."

Þá segir hún Fyglin vera systurverk nýlegs verks hennar sem ber heitið Mannfuglar og er staðsett í garði hjúkrunarheimilisins Móbergs á Selfossi.

„Í Mannfuglum var ég svolítið að hugsa um þetta með líkamann og hvernig hann umbreytist í gegnum tíðina, frá fæðingu til dauða. Inni á hjúkrunarheimili þá er einhvern veginn verið að vinna með ummyndunina, fólk missir færni, öðlast aftur færni, svo á endanum missir það hana alveg. Það þekkist í flestum trúarbrögðum og er mjög lifandi í nútímanum að fólki finnst að andinn eða sálin umbreytist í fugl á dánarstund og fljúgi burt í formi fugls. Það er mjög sterkt minni og margar sögur, líka samtímasögur, um að fuglar vitji hins deyjandi og fljúgi burt með sálina. Eftirlifendur tengja svo oft látinn ástvin við ákveðinn fugl," segir hún.

Farfuglar og mannfólk

Hefurðu mikinn áhuga á fuglum?

„Þegar ég byrjaði að hugsa um fugla þá var það hrafninn og það var beint upp úr þjóðtrúnni. Á Íslandi þá er náttúrlega svo lítið af dýrum, það er refurinn og svo bara fuglar, í raun og veru. Það eru fuglar í þjóðtrúnni okkar, við hlustum á fugla og það er til fólk sem talar fuglamál."

Ólöf segir Fyglin vera systurverk nýlegs verks hennar Mannfugla sem er staðsett í garði hjúkrunarheimilisins Móbergs á Selfossi. MYND/AÐSEND

Ólöf kveðst þó ekki fylgjast sérstaklega með fuglum eða stunda fuglaskoðun. Þá bætir hún því við að innsetningin Fygli sæki einnig innblástur til farfugla.

„Við erum alltaf að gleðjast yfir farfuglunum sem koma fljúgandi yfir hafið, þeir koma með vorið, vonina, með háreysti og fuglasöng, hamingju og gleði. Svo hverfa þeir aftur í sumarlok, eru bara hérna örstutt, en við teljum þá samt vera hluta af okkur heimi og vera „íslenska fugla". Ég var svolítið að hugsa um það þegar ég tók verkin úr þessu spítalasamhengi þá fá fyglin opnari túlkunarmöguleika. Ég fór að sjá farfuglana í samhengi við allt mannfólkið sem flýgur hingað og sækist eftir því að fá að verða hluti af okkar lífi en okkur finnst vera mjög framandi," segir Ólöf og vísar þar til flóttamanna og hælisleitenda. „Orðið flótti og að fljúga er af sama meiði."

> Það er þekkt minni í öllum trúarbrögðum að sálin umbreytist í fugl og fljúgi upp til himna.

Hljóðverk eftir son Ólafar

Á einum vegg sýningarrýmisins í Ásmundarsal stendur vísa sem Ólöf samdi: „Tístir rugl og rogl, á rumpi situr fogl, fílíófó, fílíófogg, fyglið Gylligogg."

„Þessi vísa er náttúrlega bull, svona þjóðvísurugl. Ég hef gaman af því að leika með tungumálið líka," segir Ólöf kímin.

Hvert og eitt fygli Ólafar er með sína eigin hljóðmynd sem heyra má óma um salarkynni Ásmundarsalar. Hljóðverkið er unnið af syni Ólafar, Hjalta Nordal tónskáldi.

„Mér fannst það gaman því þeir eru þarna að tísta rugl og rogl, á annarlegu tungumáli sem við skiljum takmarkað, og svona aðeins fyrir ofan okkur. Mér fannst tilbúið foglamál vera eitthvað sem gæti lyft skúlptúrunum upp og náð húmornum inn, því mér finnst myndirnar fyndnar og ég vildi ýta aðeins undir það og taka þetta ekki allt of alvarlega. Þetta er hljóðmynd sem ég vann með Hjalta syni mínum þar sem hann spilar þetta ruglmál á saxófón. Ég valdi saxófóninn vegna þess að í honum er bæði kvak og tíst, og það er oft talað um að saxófónninn sé það hljóðfæri sem líkist mannsröddinni hvað mest," segir Ólöf. ■

Ræddu við látinn listamann í gegnum miðil

tsh@frettabladid.is

Gjörningaklúbburinn opnar sýninguna Skilaboð að handan í Gallery Porti í dag á 147. fæðingarafmæli Ásgríms Jónssonar listmálara. Sýningin hverfist um upptöku af miðilsfundi sem þær Eirún Sigurðardóttir og Jóní Jónsdóttir áttu við Ásgrím árið 2019 á fyrrverandi heimili listamannsins að Bergstaðastræti en fundurinn var hluti af undirbúningi fyrir sýningu Gjörningaklúbbsins, Vatn og blóð, um líf og list Ásgríms Jónssonar í Listasafni Íslands.

„Við ákváðum að athuga hvort við yrðum einhvers meira vísari um Ásgrím, annað en það sem er sagt um hann í sögubókunum og sjá hvort að við myndum ná til hans í gegnum miðil," segja þær Eirún og Jóní.

Náðuð þið sambandi við Ásgrím?

„Fyrst var miðillinn ekki viss hvort þetta væri Ásgrímur eða ekki en svo kom hann bara mjög skýrt í gegn. Þessi miðill þekkir ekki neitt til Ásgríms og hún var ekki einu sinni á staðnum því hún var að miðla í gegnum Facetime."

Miðillinn sem Gjörningaklúbburinn notaðist við heitir Brynja Magnúsdóttir Lyngdal en hún hefur áður unnið með þeim.

„Þetta er aðferð sem við köllum miðill-miðill, þegar við fáum svona miðil með okkur á frumstigi verkefnis. Venjulega erum við ekkert að sýna neinum þessar frumheimildir, þetta er bara eitt af verkfærunum í okkar verkfærakistu. En það varð okkur alveg ljóst þegar við fórum að skoða betur þennan fund og hlusta á hann í framhaldinu að við urðum að koma þessu á framfæri því þetta eru skilaboð sem eru mikilvæg," segja Eirún og Jóní.

Á sýningunni í Gallery Porti mun miðilsfundurinn hljóma af vínylplötu sem gefin verður út í 30 platna upplagi ásamt nýjum vatnslitaverkum sem Gjörningaklúbburinn vinnur fyrir hvert eintak af plötunni.

Á sýningunni mun miðilsfundurinn hljóma af vínylplötu sem gefin er út í takmörkuðu upplagi ásamt nýjum vatnslitaverkum eftir Gjörningaklúbbinn. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

„Við erum búnar að gera þetta að einstökum verkum, platan er fjölfeldi en verkin eru samt einstök því við gerum vatnslistaverk utan um hverja plötu. Það var svona grunnstefið í myndlist Ásgríms, hann var mikill vatnslitameistari," segja þær.

Þá segjast Eirún og Jóní vera að vinna að nýju verki út frá miðilsfundi sem verður frumflutt á Myrkum músíkdögum 2024.

„Við erum að vinna að mjög stóru verkefni með Sinfóníuhljómsveit Íslands þar sem við förum meira inn í hlutamiðlun þar sem miðillinn okkar skoðar allt upp í fjögur hundruð ára gömul hljóðfæri."

Gjörningaklúbburinn segist þó enn sem komið er ekki vera með neinar áætlanir um að ræða við fleiri látna listamenn. „Það er samt aldrei að vita, það væri alveg gaman að hitta nokkra aðra." ■

RAFMAGNAÐUR WRANGLER TIL AFHENDINGAR STRAX!

Jeep®

JEEP® WRANGLER PLUG-IN HYBRID

35", 37" OG 40" BREYTINGAPAKKAR Í BOÐI

RAFMAGNAÐUR OG VATNSHELDUR JEEP®

Farðu yfir ár og vötn af festu og öryggi með Jeep® Wrangler Rubicon Plug-In Hybrid.
Rafmagnaður kraftur hvert sem leið þín liggur.

4xe
PLUG-IN HYBRID

RAM 3500 TRAUSTUR VINNUFÉLAGI

RAM

BÍLL Á MYND: RAM 3500 LARAMIE CREW CAB MEÐ 37" BREYTINGU, KASTARAGRIND OG LJÓSKÖSTURUM

EIGUM FLESTAR GERÐIR TILBÚNAR TIL AFHENDINGAR

35", 37" OG 40" BREYTINGAPAKKAR Í BOÐI

UMBOÐSAÐILI RAM Á ÍSLANDI

Þjónustuverkstæði ÍSBAND, Smiðshöfða 5, sérhæfir sig í breytingum á RAM pallbifreiðum.

ÍSBAND

ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR • S. 590 2300 • ISBAND.IS • JEEP.IS
OPIÐ VIRKA DAGA 10-18 • LOKAÐ LAUGARDAGA Í SUMAR

Þær stöllur eru límið baksviðs.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Engin vandamál og bara lausnir

odduraevar@frettabladid.is

Viðburðarstjórarnir Hafdís Björk Jensdóttir og Alexandra Eir Andrésdóttir eru ábyrgar fyrir öllu sem viðkemur baksviði Söngvakeppninnar. Þær hafa vægast sagt verið á fullu undanfarna daga.

„Við höfum oft sagt að starfslýsing okkar endi í raun hvergi. Við förum reyndar ekki upp á svið og syngjum ekki," segir Hafdís hlæjandi og Alexandra tekur undir.

„Það koma sko ótal fyrirspurnir, oft á síðustu stundu sem við þurfum að bregðast við. Þá þurfum við að skjótast og redda málunum og stundum er þetta eitthvað sem þarf að finna út úr og tekur tíma," segir Alexandra.

> **Það skiptir öllu máli að halda í gleðina og jákvæðnina.**
>
> Hafdís Björk

„En við segjum það alltaf að það eru engin vandamál, það eru bara lausnir. Það skiptir öllu máli að halda í gleðina og jákvæðnina," segir Hafdís.

„Það er ótrúlega gaman í vinnunni, við hjálpumst öll að og gerum þetta skemmtilegt og það er andinn sem svífur hér yfir, það eru lausnir við öllu og við finnum út úr því."

Þær svara því hlæjandi að sérþarfir keppenda séu ekki miklar, það sé enginn sem krefjist þess að fá bara blá M&M til að mynda. „En ef það er eitthvað þá er eina rétta svarið: Já, ekki málið!" segir Hafdís hlæjandi.

Þær hafa báðar starfað við Söngvakeppnina undanfarin ár og segja að jákvæðnin sé einmitt það mikilvægasta til þess að halda í. „Því umhverfið skiptir svo miklu fyrir þá sem eru að taka þátt. Það er stress og við erum hluti af því að skapa gott og þægilegt umhverfi." ■

Fimm hesta kapphlaup í Gufunesi

Úrslitin í Söngvakeppninni ráðast í Gufunesi í kvöld. Þá verður ljóst hvort það verður Sigga Ózk, Bragi, Celebs, Diljá eða Langi-Seli og Skuggarnir sem verður fulltrúi Íslands í Eurovision í maí. Keppendurnir geta ekki beðið.

odduraevar@frettabladid.is

Draumur í veruleikaformi
Sigga Ózk *(900 9901)*

„Ég er svo ótrúlega spennt að stíga á svið á laugardaginn og gera þetta aftur. Ég er svo ótrúlega þakklát fyrir allan stuðning og get ekki beðið eftir að fá fleiri til að syngja og dansa með. Þetta er algjör draumur í veruleikaformi."

Hlakkar til að syngja á ensku
Bragi *(900 9902)*

„Ég er rosalega spenntur fyrir laugardeginum. Það verður gaman að prófa að flytja lagið á ensku og reyna að gera enn betur. Ég er sannfærður um að öll lögin verði æðisleg og vonandi getum við hjálpað fólki að eiga gott partíkvöld."

Hlakkar til að gera þetta aftur
Diljá *(900 9904)*

„Stemmingin hjá mér og teyminu er frábær. Það var svo góður andi yfir öllum í undanúrslitunum og dagurinn allur var svo skemmtilegur að ég get ekki beðið eftir að fá að gera þetta aftur."

Loftið er hlaðið rafmagni
Langi Seli og Skuggarnir *(900 9905)*

„Stemningin fyrir úrslitin hjá okkur í Langa Sela og Skuggunum er hrikalega góð. Þátttakan í Söngvakeppninni er búin að skila okkur margfalt meiri gleði og skemmtilegheitum en við áttum von á og það er óhætt að vitna í orð skáldsins, „Loftið er hlaðið rafmagni".

Fóru aftur í fimmta gír eftir ósigurinn
Celebs *(909 9903)*

„Við erum svo sannarlega spennt, mjög gaman að fá að vera með svona óvænt, þetta wildcard kom skemmtilega á óvart! Við vorum að koma okkur fyrir aftur á jörðinni í ósigurs-vikunni okkar, en svo fengum við að heyra að við fáum að vera með á úrslitakvöldinu og þá fór allt aftur í fimmta gír og við erum bara á fullu í undirbúningi fyrir flutninginn."

Vindvélin feykti Eyfa næstum því út af Eurovision-sviðinu

benediktboas@frettabladid.is

Eyjólfur Kristjánsson kom í Íþróttavikuna með Benna Bó sem sýnd er á Hringbraut á föstudagskvöldum.

Eyfi er einn af okkar bestu sonum í Eurovision. Hann samdi fyrst lag í keppnina árið 1986 og aftur 1987 og braut þá blað í sögunni í laginu Ástarævintýri en hann notaði þá vindvél – eitthvað sem Eurovision-aðdáendur þekkja vel síðan. Hann fór fjórum sinnum út sem bakrödd og söng hið ódauðlega lag um Nínu.

„Ég á lag í fyrstu keppninni. Það vissi enginn hver samdi það lag af því því var skilað inn nafnlaust á þeim tíma en það er lagið Ég lifi í draumi sem Björgvin Halldórsson söng. Ég meina, aðalkeppnin var haldin í Björgvin í Noregi, af hverju sendum við ekki Björgvin til Björgvinjar? C'mon," sagði hann léttur.

Eyfi samdi líklega eitt þekktasta Eurovision-framlag Íslands. MYND/AÐSEND

> **Þetta var sko engin smá vindvél því hún var eins og gott traktorsdekk.**

Um vindvélina sagði hann að séra Davíð Þór Jónsson hefði komið með hugmyndina.

„Það var nefnilega alls ekki ég, en auðvitað lógískt eftir á. Í viðlaginu segir: Ég er vindurinn sem þýtur. Þegar við erum að taka upp lagið í myndveri sjónvarpsins þá datt honum þetta snjallræði í hug. Þetta var sko engin smá vindvél því hún var eins og gott traktorsdekk.

Þetta er eins og í Írak þegar þeir slökktu olíueldana í gamla daga. Ég man að þegar var kveikt á þessu í fyrsta sinn þá fukum við Ingi Gunnar út af sviðinu. Þá var þetta á hæsta og alveg svakalegt," sagði hann og hló.

Eyjólfur er þó ekkert að fylgjast með. „Mér fannst gaman að þessu þegar á þessu stóð en ég hef varla heyrt lögin sem eru að keppa núna."

Benedikt Bóas þáttarstjórnandi sagði þá að hann myndi ekkert spyrja hver færi til Liverpool í lokakeppnina. „Ég get alveg sagt eitthvað, en lagið sem vinnur fer áfram," sagði Eyjólfur og hló enn. ■

SIGURÐUR SIGURJÓNSSON YLFA MARÍN HARALDSDÓTTIR ÞÓRHALLUR SIGURÐSSON (LADDI) ANDREA ÖSP KARLSDÓTTIR
VIKTOR MÁR BJARNASON KOLBRÚN MARÍA MÁSDÓTTIR ÁRNI BEINTEINN SELMA LÓA BJÖRNSDÓTTIR VILLI NETÓ
Ástrikur & Steinrikur
MIÐRÍKIÐ
KOMIN Í BÍÓ
LAUGARÁS BÍÓ
BARA LÚXUS
SMÁRA BÍÓ
HÁSKÓLA BÍÓ

FRÉTTIR VIKUNNAR

Þegar strákaband verður að mannabandi

Arnmundur Ernst Backman

„Upp úr hringiðu kjarabaráttu og átaka í heiminum stendur að Backstreet Boys séu nú að fara að heilsa upp á landann," segir Arnmundur Ernst Backman, leikari og spekúlant, sem telur fortíðarþrá eiga ríkan þátt í hve vel gekk að selja miða. „Við hugsum hlýtt til fortíðarinnar þótt hún hafi ekkert endilega verið betri tími eða auðveldari en þeir tímar sem eru núna."

Arnmundur segir fallegt að hafa getað fylgst með strákabandi verða að karlabandi í gegnum árin. „Þetta er til marks um fallega rómantík sem hefur fengið að þroskast í gegnum árin og það er jákvæð orka sem fylgir þessu öllu saman. Þetta er eiginlega ljós í skugga umræðu um eitraða karlmennsku."

> Þetta er til marks um fallega rómantík sem hefur fengið að þroskast í gegnum árin.

Arnmundur Ernst Backman leikari.

Arnmundur rifjar upp að á sínum tíma hafi fáir haldið að Backstreet Boys myndu standast tímans tönn.

„Eins og svo margar af þessum hljómsveitum þá hélt maður að þetta væri bara barns síns tíma. Ég minnist þess sjálfur að hafa fundist þetta vera frekar hallærisleg tónlist," segir hann. „Þeir hafa þó haldið tign sinni í gegnum árin og elst eins og gott vín." ■

Unnsteinn hefur slegið í gegn ásamt þeim Sigga Gunnars og Ragnhildi Steinunni undanfarnar vikur. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Segir All out of luck eiga sérstakan stað í hjarta sínu

Unnsteinn Manúel Stefánsson verður á skjáum landsmanna í Söngvakeppninni í kvöld. Hann segir All out of luck og Tornero vera sín uppáhalds Eurovision-lög. Hann er gíraður fyrir kvöldinu og telur keppnina galopna.

erlamaria@frettabladid.is

Tónlistarmanninn Unnstein Manúel Stefánsson þarf vart að kynna fyrir landsmönnum en hann hefur verið áberandi í íslensku tónlistar- og menningarlífi í á annan áratug. Unnsteinn hefur verið tíður gestur á sjónvarpsskjáum landsmanna undanfarnar vikur, þar sem hann smeygir sér úr búningi tónlistarmannsins í glænýjan búning, kynnis í Söngvakeppninni í ár.

„Ég er mikill Eurovision-aðdáandi, sérstaklega á seinni árum. Eftir að maður eignaðist barn fór maður að halda upp á Söngvakeppnina sjálfa því hún er í raun stærsti sjónvarpsþátturinn á Íslandi sem hampar frumsaminni tónlist. Og um leið og maður lítur á keppnina út frá þeim augum, þá þykir mér ofsalega vænt um að fá að taka þátt í þessum viðburði sem keppnin er," segir Unnsteinn.

Það má með sanni segja að Unnsteinn hafi slegið rækilega í gegn á öðru undanúrslitakvöldinu síðasta laugardag þegar hann flutti lagið Tell me, ásamt raftónlistarmanninum Hermigervli og tónlistarkonunni Gugusar. Landsmenn hafa margir hverjir án efa fengið rækilegt „flash-back" þegar Unnsteinn birtist á sviðinu, en hann flutti lagið í

> En allt í einu var maður kominn í þennan Backstreet Boys-galla og þá þurfti maður að fara í þann fíling algjörlega.

nákvæmlega sömu fötum og Einar Ágúst var í forðum daga.

„Ég er bara algjörlega með mitt dæmi í gangi og ekki með hreyfingar eins og poppstjarna. Ég er bara gamall indí-rokkari og aðeins út í danstónlist, en allt í einu var maður kominn í þennan Backstreet Boys-galla og þá þurfti maður að fara í þann fíling algjörlega, sem var mjög gaman," segir Unnsteinn.

Að sögn Unnsteins er Tell me eitt af uppáhalds Eurovision-lögunum hans, ásamt laginu All out of luck, sem Selma Björnsdóttir flutti fyrir Íslands hönd í Tel Avív í Ísrael árið 1999.

„Lagið með Selmu, All out of luck, á sérstakan stað í hjarta mínu. Þetta er ein af þessum kjarnaminningum, því ég man svo vel eftir því hvernig okkur fjölskyldunni leið þegar við vorum að horfa á þetta í sjónvarpinu heima á Barónsstígnum," segir Unnsteinn.

„Svo bara lentum við í öðru sæti og við fórum út í glugga og allt hverfið var að fagna. Okkur leið eins og þegar Argentína vann heimsmeistaratitilinn, en samt var þetta bara annað sætið í Eurovision," segir Unnsteinn og hlær.

Spurður um uppáhalds Eurovision-lag allra tíma stendur ekki á svari.

„Það heitir Tornero og var framlag Rúmeníu árið 2006. Þetta er bara geggjað stuðlag og ég man bara að við vorum að horfa á þetta og allt í einu segir mamma: „Ég skil bara allt sem hann er að segja." Ég var fimmtán ára á þessum tíma og fatta að rúmenska er latneskt tungumál, en komst svo að því fyrir tveimur árum að hann er ábyggilega að syngja á ítölsku líka."

Unnsteinn segist gríðarlega spenntur fyrir úrslitunum annað kvöld. Áhorfendur þurfi að nesta sig vel upp fyrir kvöldið því von sé á þvílíkri tónlistarveislu.

„Ég segi bara fólki að vera búið að ná sér í vistir út í sjoppu og koma sér vel fyrir fyrir framan sjónvarpið því það er mjög langur og skemmtilegur þáttur fram undan. Eurovision er svo skemmtilegt. Fólki getur samt orðið svo heitt í hamsi og ég veit ekki um neitt sem fólk hefur jafn sterkar skoðanir á," segir Unnsteinn og heldur áfram: „Það er númer eitt, tvö og þrjú að hafa gaman af þættinum, algjörlega óháð því hver vinnur. Keppnin er galopin og ég man ekki eftir að það hafi verið jafn óljóst hver muni sigra." ■

EXTRA

ÓDÝRT HJÁ OKKUR

EXTRA ÓDÝRT!

Kíktu í EXTRA ÓDÝRA heimsókn. Þú finnur þetta merki við extra ódýrar vörur í verslunum okkar.

599 kr.stk.

Myllan heimilisbrauð 770g

2.699 kr.kg.

Kjörfugl bringur

699 kr.stk.

Stjörnuegg stór 816g

229 kr.stk.

MS Léttmjólk D-vítamínbætt 1L

599 kr.stk.

GF 4 mini pizza pepperoni 372g



599 kr.stk.

GF 4 mini pizza four cheese 372g

899 kr.stk.

Ben & Jerry's ís 465ml

199 kr.stk.

Monster 500ml

1.199 kr.stk.

Pepsi/Pepsi Max/ Pepsi Max Lime/Applesín/ Appelsín án sykurs 12x330ml

999 kr.stk.

Pepsi/Pepsi Max 4x2L

219 kr.stk.

Homeblest 300g

EXTRA

Akureyri
Mýrarvegi
24/7

Reykjanesbæ
Hafnargötu 51
24/7

Reykjavík
Barónsstíg 4
8-24

HVAR VERÐUR ÞÚ Í SUMAR?

Plönum pallinn saman

BYKO

GERUM ÞETTA SAMAN

HVAÐ EIGUM VIÐ AÐ GRILLA SAMAN?

Napoleon gæðagrill í öllum stærðum og gerðum

frettabladid.is

550 5000
RITSTJÓRN
ritstjorn@frettabladid.is
AUGLÝSINGADEILD
auglysingar@frettabladid.is
PRENTUN & DREIFING
Torg ehf.

JAFNLAUNAVOTTUN
2022 - 2025

BAKÞANKAR

Óttars Guðmundssonar

Fórnarlömb dagsins

Mér hefur lengi fundist ég vanmetinn af þjóð minni og bókmenntagagnrýnendum. Bækur mínar seljast ekki nógu vel og mér gengur ekkert að komast í Kiljuna eða til Gísla Marteins. Ég fór því á fund í „samtökum um sjálfsvorkunn“ sem haldinn var í Breiðfirðingabúð á dögunum. Inngönguskilyrðin eru að vorkenna sjálfum sér og álíta að öll vandamál séu öðrum að kenna. Félagsmenn bera ófeimnir misrétti heimsins á torg í fjölmiðlum.

Gunnar á Hlíðarenda var á fundinum enda mikill þolandi. Hann hefur komið fram í ótal hlaðvarpsviðtölum til að segja frá ofbeldi Hallgerðar konu sinnar. Á ögurstundu lánaði hún honum ekki einu sinni hárlokk í bogastrenginn.

Heiðursgestir fundarins voru verkalýðsleiðtogarnir Ragnar Þ. og Vilhjálmur B. Þeir höfðu í fljótræði samið við Samtök atvinnulífsins og þannig misst af öllu fjörinu í kringum yfirstandandi verkföll og verkbann. Þeir báru sig illa og kenndu fagurgala sáttasemjara um. „Það eru svakaleg örlög að vera róttækur verkalýðsforingi og sjá Eflingu stela senunni,“ sagði Ragnar Þ. „Það er dapurlegt að þurfa að sitja hjá í hörðustu vinnudeilum aldarinnar,“ sagði Vilhjálmur hnugginn. „Auðvitað langar okkur til að klæðast gulum vestum og ganga um göturnar með gjallarhorn.“ Forseti ASÍ afneitaði samningnum sem hann var nýbúinn að gera. „Við erum ekki stéttasvikarar og styðjum verkfallsmenn á laun!“ sagði hann baráttuglaður.

Egill afi minn sleit fundinum og kenndi foreldrum sínum um öll sín vandræði. „Þau gerðu mig að ofbeldismanni,“ sagði hann „Mig langaði alltaf í læknisfræði!“ ■